

# Forngrískar grímur:

Bjóða upp á nýjar aðferðir í nútímaleikhúsi. Í Grikklandi til forna voru þær notaðar til að sýna svipbrigði í stórum hringleikahúsum. Í Mýrarljósi eru þær notaðar í landi hinna dauðu.

SÍÐA 12 ▶


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. febrúar 2005 – 41. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000


## SUNNUDAGUR



**LETTAR VIÐ VINNU ÁN TILSKIL-INNA LEYFA** Vinnumálastofnun hefur kært fyrirtækið GT-verktaka til sýslumannsins á Seyðisfirði. Fyrirtækið er með fjóra Letta í vinnu á Kárahnjúkum án dvalar- eða atvinnuleyfa. Samkvæmt talsmanni GT-verktaka telur fyrirtækið sig vera réttum megin við lögin. **Sjá síðu 2**

**FRAMSÓKNARFÓLK ÁNÆGT MEÐ SINN MANN** Ef skoðanakönnun um hversu vel fólk telur að Halldór Ásgrímsson hafi staðið sig sem forsætisráðherra er greind eftir stuðningsfólki flokka kemur í ljós að framsóknarfólk er langánægðast með sinn mann. Stuðningsfólk Vinstri grænna og Frjálslynda flokksins er óánægðast. **Sjá síðu 4**

**AFRÍKU SKORTIR UNGT ÁRÆÐI** Afrísk ungmenni hafa skipt miklu máli í stjórnmálabaráttu í álfunni en það skilar sér ekki í áhrifum þeirra á landsstjórnina. Vandamál afrískra ungmenna eru að þau hafa ekki atvinnu, eiga engar eignir og kjósa í flestum tilfellum ekki. **Sjá síðu 6**

### VEÐRIÐ Í DAG




**DREGUR ÚR VINDI AUSTANLANDS** og verður hæg breytileg átt um miðbik dagsins. Snýst í SV átt syðra með kvöldinu. **Sjá síðu 4**

### DAGURINN Í DAG



**EIVÖR OG KASA** Eivör Pálsdóttir flytur eigin lög ásamt KaSa-hópnum í nýjum útsetningum Hilmars Arnars Hilmarssonar á tónleikum í Salnum, Kópavogi klukkan 20 í kvöld.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 18 | Myndlist | 18 |
| Tónlist | 18 | Íþróttir | 14 |
| Leikhús | 18 | Sjónvarp | 20 |





# Þrjátíu manns falla daglega

## Rúmlega 200 manns hafa fallið í árásum og bardögum í Írak síðustu vikuna. Í gær féllu nær 40 í bardögum, sprengjuárásum, tilræðum og mannránum sem enduðu með morðum.

**ÍRAK** Írösku kosningarnar eru afstaðnar en ekkert lát er á bardögum og voðaverkum. Það sýna atburðir síðustu daga. Á aðeins einni viku hafa rúmlega 200 manns látið lífið, flestir í árásum vígamanna en aðrir í bardögum vígamanna við bandaríska hermenn og íraska þjóðvarðliða.

36 manns hið minnsta létust í gær. Sautján þeirra fórust í bílsprengjuárás við sjúkrahús í Musayyab, bæ sextíu kílómetra suður af Bagdad, þar sem meirihluti íbúanna eru sjía-múslimar. Hann er hins vegar á svæði þar sem búa hvort tveggja sjíar og súnníar og mikið er um árásir vígamanna úr röðum súnní-múslima.

Bardagar milli vígamanna og bandaríska hermanna í Mosul reyndust mannskæðir. Níu vígamenn létust sem og tvær konur þegar sprengjur frá bardögunum lentu á heimilum þeirra. Þá fundust lík sex íraskra þjóðvarðliða og sex kúrdíska öryggisvarða í borginni. Þeim hafði verið rænt, þeir bundnir og skotnir. Fyrr í vikunni létust tólf lögreglumenn í sjálfsmorðsárás og í desembermánuði einum fundust lík 150 lögreglumanna og þjóðvarðliða í borginni.

Mannfallið í Írak hefur verið mikið í vikunni og aðeins einu sinni farið undir tuttugu manns. Það var á miðvikudag þegar minnst níu manns létu lífið. Mest var mannfallið á fimmtudag þegar 50 manns létu lífið í bardögum og árásum.

**- bþg**

**MANNFALL Í GÆR**

| | |
|---|---|
| **17** | létust í bílsprengjuárás í Musayyab. |
| **12** | lík þjóðvarðliða og Kúrda fundust í Mosul. |
| **9** | vígamenn féllu í bardögum við Bandaríkjaher í Mosul. |
| **2** | konur létust þegar sprengjur féllu á hús þeirra í Mosul. |
| **2** | fundust myrtir á leiðinni til Bagdad, sjía-klerkur og sonur hans. |
| **1** | kona lést í bílsprengjuárás í Bagdad |
| **1** | lést í tilræði í Basra, þekktur dómari. |



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VINNINGSHAFAR BLAÐAMANNAVERÐLAUNANNA** Það voru þau Kristinn Hrafnsson, Bergljót Baldursdóttir og Árni Þórarinsson sem hlutu verðlaun Blaðamannafélags Íslands á Hótel Borg í gærkvöld. Ragnar Axelsson hlaut verðlaun blaðaljósmyndara fyrir mynd ársins.

Blaðamannaverðlaun ársins 2004:

# Verðlaunað fyrir umfjöllun um Ólaf

**BLAÐAMANNAVERÐLAUN** Blaðamannaverðlaun ársins 2004 voru afhent á Pressuballi á Hótel Borg í gærkvöld. Það var Árni Þórarinsson, Morgunblaðinu sem hlaut Blaðamannaverðlaun ársins 2004 að þessu sinni. Hlaut hann verðlaunin fyrir ítarlega og greinargóða fréttaskýringu um forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar í aðdraganda forsetakosninganna síðastliðið sumar.

Í flokki Rannsóknarblaðamennsku ársins 2004 varð Kristinn Hrafnsson, DV, hlutskarpastur. Hlaut hann verðlaunin fyrir upplýsandi fréttir af örlögum íslensks drengs, Arons Pálma Ágústssonar, í fangelsi í Texas.

Bergljót Baldursdóttir, RÚV – Fréttastofu útvarpsins, Morgunvaktinni hlaut verðlaun fyrir bestu umfjöllun ársins 2004, ítarlega og fróðlega úttekt á stöðu og velferð aldraðra á Íslandi.

**- ss**

Ernst S. Olsen:

## Dominos-karlinn gefur út bækur í Færeyjum



SÍÐA 22 ▶

Barði Jóhannsson:

## Galdrar fram nornatónlist



SÍÐA 22 ▶

Bresku kvikmyndaverðlaunin:

# Valdís verðlaunuð

**KVIKMYNDIR** Valdís Óskarsdóttir hlaut bresku kvikmyndaverðlaunin fyrir klippingu á bandarísku myndinni Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Aldrei áður hefur Íslendingur hlotið Bafta verðlaunin. Myndin var einnig verðlaunuð fyrir besta upprunalega handritið.

Það var myndin The Aviator sem hlaut Bafta verðlaunin sem besta kvikmyndin. Jamie Foxx var valinn besti karlleikarinn fyrir leik sinn í myndinni Ray og Imelda Staunton var valin besta leikkonan fyrir leik sinn í myndinni Vera Drake. ■

Enska úrvalsdeildin:

# Eiður hetja Chelsea

**FÓTBOLTI** Okkar maður Eiður Smári Guðjohnsen var hetja Chelsea í gær þegar liðið lagði Everton á útivelli en Eiður skoraði eina mark leiksins þegar rúmar 20 mínútur voru til leiksloka. Þetta var langþráð mark fyrir Eið Smára því hann hafði ekki skorað fyrir Chelsea í deildinni frá því í jafnteflisleiknum gegn Arsenal þann 12. desember síðastliðinn.



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN**

Eiður Smári lék allan leikinn í gær og lét mikið að sér kveða. Hann brenndi af tveimur dauðafærum áður en markið leit dagsins ljós og hefði auðveldlega getað skorað þrennu í leiknum.

Með sigrinum náði Chelsea tólf stiga forystu í ensku úrvalsdeildinni en Manchester United getur minnkað bilið niður í níu stig ef liðið nær sigri gegn erkifjendunum í Manchester City í dag.

**- vig**


Aukablað frá Avis fylgir Fréttablaðinu í dag




AVIS

Við gerum betur

www.avis.is



## SPURNING DAGSINS

*Benedikt, ertu ekki kominn með ofnæmi fyrir fótbolta?*

**„Nei. Ég er búinn að vera í fótbolta síðan ég var smá patti og vinn við þetta allan daginn. Það er mjög erfitt að fá ofnæmi fyrir fótbolta.“**

Benedikt Nikulás Anes Ketilsson, upptökustjóri á Skjá einum, þurfti að texta heilan fótboltaleik um síðustu helgi eftir að útvarpsréttarnefnd úrskurðaði að ekki mætti eingöngu notast við enska þuli í útsendingu.

Skafrenningur, snjóblinda og hálka á vegum:

# Talsvert um óhöpp en flest minniháttar

**UMFERÐ** Færð var ekki sem best á höfuðborgarsvæðinu í gær. Færð í efri byggðunum í Grafarvogi var slæm og mikið fjúk. Íbúar áttu í vandræðum með akstur en lögreglan í Reykjavík veitti þeim hjálp sem þurftu.

Í Kópavogi var þó nokkuð um árekstra sökum færðar en ekkert um alvarleg slys. Einn bíll missti stjórn á bíl sínum og fór upp á vegrið og annar lenti út af vegi. Þeir sem í bílunum voru hlutu engin alvarleg meiðsl og eru bifreiðarnar í ágætis standi. Samkvæmt lögreglunni í Kópavogi var mikil hálka og skafrenningur í gær en einnig blés mikið inn á vegina sem truflaði ökumenn.

Sama var uppi á teningnum á Hellisheiðinni. Nokkrir bílar fóru út af vegi en lítið var um alvarlegt tjón. Seinni partinn í gær fór bíll út af vegi og lenti í skurði við Geysi í Haukadal. Sex útlendingar voru í bílnum og voru allir fluttir á Landspítala-háskólasjúkrahús til skoðunar. Tveir voru með minniháttar yfirborðsáverka og voru allir sex sendir heim. Bíllinn er talsvert ónýtur en samkvæmt lögreglunni á Selfossi var það hálka og snjóblinda sem olli slysinu sem og öðrum útafakstri á Hellisheiðinni. - lkg



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÆRÐ Á VEGUM**
Mikil hálka er á vegum höfuðborgarsvæðisins og lentu óvenju margir í óhöppum í gær sökum hennar.

Íslensk kona í bílslysi á Kanaríeyjum:

## Kona lést

**BÍLSLYS** Íslensk kona lést í fyrradag eftir að ekið var á hana á Kanaríeyjum. Konan hét Sigurbjörg Bjarnadóttir og var til heimilis á Bakkabakka 4a, Neskaupstað. Sigurbjörg var fædd 12. ágúst 1937 en hún lætur eftir sig eiginmann og þrjú uppkomin börn. ■

Engu barni hent:

## Samverjinn var móðirin

**BANDARÍKIN, AP** Miskunnsami samverjinn sem sagðist hafa fundið nýfætt barn sem hent hefði verið út úr bíl var í raun og veru móðir barnsins. Hún viðurkenndi þetta fyrir lögreglu eftir að hafa upphaflega sagt að hún hefði séð par í bíl rífast og henda barninu út.

Konan vildi ekki eignast barn og ákvað að koma barninu til yfirvalda. Konunni datt lygasagan hins vegar í hug þegar hún var á leið að afhenda nýfætt barn sitt. ■

Jökulfellið:

## Erfitt að greina orsök

**SKIPSSKAÐI** Það verður erfitt að komast að því hvers vegna Jökulfellið sökk aðfaranótt mánudags samkvæmt frétt Útvarps Færeyja eftir sjópróf sem fram fóru í Færeyjum. Þar segir að litlar upplýsingar sé að hafa þar sem yfirmenn skipsins fórust þegar skipið sökk og þeir skipsmenn sem lifðu af geta litla grein gert fyrir atburðum síðustu mínútunnar.

Í Morgunblaðinu í gær var haft eftir Joel undir Leitinum, umboðsmanni Samskipa í Þórshöfn, að veður hefði verið verra þegar skipið sökk en áður var talið. -bþg

# Lettar við vinnu án tilskilinna leyfa

**Vinnumálastofnun hefur kært GT-verktaka til sýslumannsins á Seyðisfirði. Fyrirtækið hefur fjóra Letta í vinnu á Kárahnjúkum án dvalarleyfa eða atvinnuleyfa. GT-verktakar telja sig vera réttum megin við lögin.**

**KÁRAHNJÚKAR** „Þetta er mjög einfalt mál. Þetta er frjálst flæði þjónustu frá Lettlandi til Íslands sem er löglegt samkvæmt samningi sem var undirritaður 1. maí árið 2004 og Lettland varð hluti af Evrópusambandinu. Við viljum auðvitað að löggjafi skeri úr um hvað er rétt og hvað er rangt í þessum máli en við teljum okkur vera réttum megin við lögin,“ segir Ragnar Þórðarson, talsmaður GT-verktaka. GT-verktakar hafa haft fjóra lettneska starfsmenn í vinnu við Kárahnjúka án tilskilinna atvinnuleyfa frá Vinnumálastofnun eða dvalarleyfa frá Útlendingastofnun. Vinnumálastofnun hefur kært þetta athæfi til sýslumannsins á Seyðisfirði.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að ráðning Lettanna sé ólögleg. „Þegar stækkunarsamningurinn var samþykktur 1. maí á síðasta ári voru settar aðgangstakmarkanir á Íslandi til að minnsta kosti tveggja ára. Í því felst að fyrirtæki eða einstaklingar þurfa að sækja um atvinnuleyfi vegna hefðbundinna starfa og störf Lettanna falla undir þessi störf. Einnig þarf að sækja um dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun en GT-verktakar hafa hvorugt gert. Það sem okkur gremst mjög er að þetta tiltekna fyrirtæki rekur Íslendinga til að ráða útlendinga en við höfum barist verulega gegn því,“ segir Gissur.



**GISSUR PÉTURSSON**
„Mér gremst að GT-verktakar reki Íslendinga til að ráða útlendinga en Vinnumálastofnun hefur barist hart gegn því,“ segir Gissur.



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN**
„Það er mjög leiðinlegt að þetta skuli koma upp á því allir starfsmenn á Kárahnjúkum eru með atvinnu- og dvalarleyfi í lagi,“ segir Oddur Friðriksson á Kárahnjúkum.

Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður verkalýðshreyfingarinnar við Kárahnjúka, vill að hart verði tekið á þessu máli enda kolólöglegt að hans mati. „Ég veit að þeir sem vinna við Kárahnjúkavirkjun eru að öllu leyti með sín plögg í lagi, hvort sem það eru atvinnuleyfi eða dvalarleyfi. Þetta fyrirtæki kemur með starfsmenn á öðrum forsendum og lætur þá vinna sem er kolólöglegt,“ segir Oddur sem hræðist ekki aukningu slíkra mála á Kárahnjúkum. „Það kemur auðvitað upp ný staða ef GT-verktakar kemst upp með þetta en ég trúi ekki að þetta mál gangi í gegn. Þetta vandamál er samt til staðar um allt land. Þetta er leikurinn sem verktakar leika.“

lilja@frettabladid.is



**ÞYRLA LANDHELGISGÆSLUNNAR**
TF-LIF var kölluð út í gærdag til að sækja konu sem grunuð var um neyslu.

Bílvelta:

## Grunur um neyslu

**BÍLVELTA** Bifreið fór út af vegi og valt rétt fyrir þrjú í gærdag við Hvammstanga í Hrútafjarðarhálsi. Tvennt var í bílnum og virðist sem ökumaður hafi misst stjórn á bílnum. Bæði farþegi og ökumaður sluppu ómeidd en bifreiðin er talsvert skemmd.

Rétt eftir slysið fékk konan krampaköst og var hegðun hennar afar undarleg að sögn lögreglunnar á Blönduósi. Grunaði lögreglu að konan hafi misnotað fíkniefni eða áfengi og vegna ástands hennar var þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, kölluð til. Konan gekkst undir skoðun og vildi vakthafandi læknir ekki tjá sig um meinta fíkniefna- eða áfengismisnotkun. -lkg

Ríkisútvarpið:

## Afnotagjöld lögð niður

**ÚTVARP** Lagt verður til að afnotagjöld verði lögð niður í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið sem lagt verður fram á vorþingi. Þetta kemur fram í viðtali Morgunblaðsins við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra í dag. Hún segir að það sé verið að leggja lokahönd á frumvarpsdrögin og að stjórnarflokkarnir séu að vinna í sátt og samlyndi að málinu. - ss






Blaðaljósmyndaraverðlaun:

# Ragnar Axelsson sigursæll

**BLAÐALJÓSMYNDARAVERÐLAUN** Verðlaun blaðaljósmyndara voru afhent í gær við opnun sýningar í Gerðasafni í Kópavogi. Það var mynd Ragnars Axelssonar, ljósmyndara Morgunblaðsins sem útnefnd var mynd ársins 2004. Ragnar fékk einnig verðlaun fyrir landslagsmynd ársins Íshlið í handanheimum og fyrir þjóðlegustu mynd ársins Undir hnífinn.

Fréttamynd ársins átti Brynjar Gauti Sveinsson, einnig ljósmyndari á Morgunblaðinu, fyrir myndina Ekki orð.

Skopmynd ársins átti Pjetur Sigurðsson, ljósmyndari DV og Fréttablaðsins, fyrir mynd sína Dagblaðaalestur ekki á undanhaldi.

Kjartan Þorbjörnsson Morgunblaðinu fékk tvenn verðlaun, fyrir íþróttamynd ársins Á flugi í Aþenu og portrettmynd ársins Heiðar og Hanna. - ss



MYND/RAGNAR AXELSSON

**ER EINHVER HEIMA?**
Mynd Ragnars Axelssonar var valin mynd ársins 2004.



Baugur Group kynnir í samstarfi við Icelandair og Vífilfell, Íslandssögulegan stórviðburð á breskum víkingaslóðum!
Hinir einu og sönnu hjarðmenn hins holdlega krafts
Stuðmenn
hljómsveit allra landsmanna í frægasta tónleikahúsi veraldar
Royal Albert Hall
24. mars, skírdag
Flug og tónleikar
26.900 kr.
Miðasala hefst þriðjudaginn 15. feb. kl. 12.00 á
www.icelandair.is
Til London 22., 23. og 24. mars.
Frá London 25., 26., 27. og 28. mars.
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27313 02/2005
ROYAL ALBERT HALL
BAUGUR GROUP
VÍFILFELL
ICELANDAIR

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 11.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,64 | 62,94 |
| Sterlingspund | GBP | 116,93 | 117,49 |
| Evra | EUR | 80,54 | 81,00 |
| Dönsk króna | DKK | 10,82 | 10,89 |
| Norsk króna | NOK | 9,56 | 9,62 |
| Sænsk króna | SEK | 8,86 | 8,91 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,60 |
| SDR | XDR | 94,36 | 94,92 |

*Gengisvísitala krónunnar*
111,02 -0,25%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Konur á Suðurnesjum og í Reykjavík stíga fram:

# Sjötíu konur gefa kost á sér í stjórnir

**STJÓRNARSETA** Um sextíu konur í stjórnunar- og áhrifastöðum á Suðurnesjum bjóða sig fram í stjórnir lífeyrissjóða. Þær krefjast þess að konum verði fjölgað í stjórnum sjóðanna í samræmi við fjölda kvenna í viðkomandi sjóðum.

Sex lögmenn í Reykjavík hafa einnig boðist til að taka að sér stjórnarsetu á næstu aðalfundum fyrirtækja. Það gera þær í kjölfar niðurstöðu fjögurra félaga fagstétta kvenna sem sýndu að einungis tæp sex prósent kvenna eru í stjórnum skráðra hlutafélaga og nítján prósent í stjórnum lífeyrissjóða.

Guðrún Birgisdóttir, ein lögmannanna og ritstjóri Lögmannablaðsins, segir þær ekki hafa gert sér grein fyrir því hve slæmt ástandið væri.

„Þetta snýst ekki um að konur eigi að hafa forgang fram yfir karla. Við erum algerlega á móti jákvæðri mismunun en ástandið er óþolandi og til skammar," segir Guðrún.

Í yfirlýsingu kvennanna segir að þær skorist ekki undan þeirri ábyrgð sem fylgi stjórnarsetu, verði til þeirra leitað.

- gag



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**TILBÚNAR Í STJÓRNARSETU**
Lögmennirnir Bjarnveig Eiríksdóttir, Guðrún Birgisdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Hulda Elsa Björgvinsdóttir og Vala Valtýsdóttir segjast allar vera reiðubúnar í stjórnir.



**Á FLÓÐASVÆÐUM**
Flóð og aurbylgjur hafa valdið miklum usla og skemmdum að ógleymdu manntjóninu.

Flóð og aurbylgjur:

## Um 300 látnir

**PAKISTAN, AP** Nú er ljóst að í það minnsta 135 létu lífið af völdum flóðsins sem skall yfir Pasnihéraði í Pakistan þegar stífla brast á föstudag. Fimm hundruð manna er enn saknað.

Mikil rigning síðustu vikuna hefur valdið flóðum og aurskriðum í Pakistan sem hafa kostað 278 manns lífið. ■

Hagsmunir barna:

## Eiga að vega þyngra

**DÓMSMÁL** Karlmaður var sýknaður í Hæstarétti í fyrradag um kynferðisbrot gegn stúlku, þar sem brot hans var fyrnt. Hæstiréttur staðfesti hins vegar dóm héraðsdóms um að maðurinn greiði stúlkunni 800 þúsund krónur í miskabætur. Níu ár voru liðin frá brotinu þegar rannsókn málsins hófst, en fyrningarfrestur brotanna er fimm ár.

Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingar, hefur áður lagt til að þegar kemur að kynferðisdómum gegn börnum sé nauðsynlegt að afnema fyrningarfrest. „Börnin marka sérstöðu, til að mynda leita þolendur sér stundum seint hjálpar. Ég tel að gerandi eigi ekki að hagnast á þessum aðstöðumun. Hagsmunir barna vega þyngra en rök með fyrningu."

- ss

# Framsóknarfólk ánægt með Halldór

**Í skoðanakönnun Fréttablaðsins kemur fram að framsóknarfólk er langánægðast með hvernig Halldór Ásgrímsson hefur staðið sig. Stuðningsfólk Vinstri grænna og Frjálslynda flokksins er óánægðast.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Á laugardaginn fyrir viku birti Fréttablaðið niðurstöðu skoðanakönnunar sem sýndi að tæp 17 prósent aðspurðra töldu að Halldór Ásgrímsson hafi staðið sig mjög vel eða vel í starfi sem forsætisráðherra. 48 prósent töldu hins vegar að hann hafi staðið sig frekar illa eða illa í starfi.

Ef niðurstaðan er greind eftir stuðningi við stjórnmálaflokka, þrátt fyrir að tiltölulega fáir hafi sagst myndu styðja suma flokka, eins og Framsóknarflokkinn og Frjálslynda flokkinn, sem gerir það að verkum að skekkjumörkin verði stærri, kemur í ljós að þeir sem segjast myndu kjósa stjórnarflokkana, og þá sérstaklega Framsóknarflokkinn, eru mun ánægðari með störf Halldórs sem forsætisráðherra, en stuðningsmenn stjórnarandstöðuflokkanna. Þá eru þeir sem segjast óákveðnir, eða gefa ekki upp hvaða flokk þeir kjósa, heldur ánægðari með störf Halldórs en stuðningsmenn stjórnarandstöðunnar. Þá eru þeir óánægðari með störf Halldórs en stuðningsmenn stjórnarflokkanna.

Af þeim 180 sem myndu kjósa stjórnaflokkana má því segja að 35,6 prósent telja að Halldór hafi staðið sig mjög vel eða vel. 49,4 prósent telja að hann hafi staðið sig sæmilega, en einungis 15 prósent telja að hann hafi staðið sig frekar illa eða illa.

Ef stuðningsmenn stjórnarandstöðunnar, sem eru 241, eru skoðaðir kemur allt önnur mynd í ljós. 5,4 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa einhvern stjórnarandstöðuflokkinn segja að Halldór hafi staðið sig mjög vel eða vel í starfi. 20,3 prósent segja að hann hafi staðið sig sæmilega en 74,3 prósent telja að Halldór hafi staðið sig frekar illa eða illa.

Af þeim 276 sem ekki hafa ekki ákveðið hvaða flokk þeir myndu kjósa, kjósa ekki eða vildu ekki gefa upp hvað þeir myndu kjósa, eru 14,1 prósent sem segja að Halldór hafi staðið sig mjög vel eða vel, 38,8 prósent telja að hann hafi staðið sig sæmilega sem forsætisráðherra en 48,2 prósent telja að hann hafi staðið sig frekar illa eða illa.

Hringt var 1. febrúar í 800 manns og skipt jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvernig þykir þér Halldór Ásgrímsson hafa staðið sig sem forsætisráðherra? Mjög vel, vel, sæmilega, frekar illa eða illa. 87 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

**HVERNIG HEFUR HALLDÓR STAÐIÐ SIG? GREINT EFTIR STUÐNINGI VIÐ STJÓRNMÁLAFLOKKA**

| | Fjöldi | Mjög vel | Vel | Sæmilega | Frekar illa | illa |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Framsóknarflokkur | 34 | 23,5 | 29,4 | 32,4 | 2,9 | 11,8 |
| Sjálfstæðisflokkur | 146 | 11,0 | 20,5 | 53,4 | 5,5 | 9,6 |
| **Stjórnarflokkar** | **180** | **13,3** | **22,2** | **49,4** | **5,5** | **10,0** |
| Frjálslyndi flokkurinn | 28 | 0,0 | 3,6 | 17,9 | 7,1 | 71,4 |
| Samfylking | 149 | 0,7 | 6,0 | 22,8 | 18,8 | 51,7 |
| Vinstri grænir | 64 | 0,0 | 3,1 | 15,6 | 29,7 | 51,6 |
| **Stjórnarandstaða** | **241** | **0,4** | **5,0** | **20,3** | **20,3** | **53,9** |
| Óákveðnir/kjósa ekki/svara ekki | 276 | 3,6 | 10,5 | 38,8 | 13,8 | 33,3 |



**ÁNÆGT MEÐ SINN MANN**
Tæp 60 prósent stuðningsmanna framsóknarflokks er ánægt með störf Halldórs.

Manns leitað á Ísafirði:

## Beraði kynfæri sín

**LÖGREGLUMÁL** Maður, sem talinn er vera á bilinu tuttugu til þrjátíu ára, beraði kynfæri sín á Austurvegi á Ísafirði síðdegis á fimmtudaginn. Kona nokkur í bíl varð vitni að þessu ósæmilega athæfi og tilkynnti það til lögreglu.

Lögreglunni á Ísafirði hefur ekki tekist að fá greinargóða lýsingu á manninum en hann huldi andlit sitt og var í hettupeysu þegar hann beraði kynfæri sín. Mannsins er enn leitað.

- lkg

Harður árekstur:

## Tvennt lagt inn

**UMFERÐ** Harður árekstur varð við Fiskilæk í Leirársveit á föstudagskvöldið þegar tveir bílar skullu beint framan á hvorn annan. Tvennt var í hvorum bíl fyrir sig og þurfti að klippa par úr öðrum bílnum. Tildrög slyssins eru ekki ljós en samkvæmt lögreglunni í Borgarnesi er mikil hálka á vegum og færi slæmt.

Þrír voru fluttir á slysadeild Landspítalans-háskólasjúkrahúss og tvennt lagt inn. Líðan þeirra er eftir atvikum að sögn vakthafandi læknis. Einn piltur, sautján ára, var fluttur á sjúkrahúsið á Akranesi og var hann sendur heim í gærmorgun við góða heilsu samkvæmt vakthafandi lækni.

- lkg

### BANDARÍKIN

**DEAN Í FORMENNSKU** Demókratar kusu Howard Dean til formennsku á landsfundi sínum. Dean, sem hefur kvartað undan því að flokkurinn hafi færst of langt til hægri, tekur við af Terry McAuliffe sem stýrði flokknum þegar þeir biðu ósigur í þing- og forsetakosningum í fyrra.






## Veðrið

**Snýst í SV átt í dag.** Það dregur úr vindi austanlands með morgninum og verður yfirleitt hæg breytileg átt á landinu um miðbik dagsins. Með kvöldinu má reikna með SV átt suðvestanlands og bætir eitthvað í vind þar. Það dregur úr frostinu þegar líður á kvöldið og má reikna með snjókomu vestanlands, sem breytist í slyddu og svo rigningu eftir því sem hlýnar. Á morgun verður frostlaust á landinu öllu, nokkuð hlýtt og vætusamt sunnan og vestan til næstu tvo daga.



Kveðja,
Guðríður Arnardóttir
náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Fremur hæg suðvestlæg átt og skúraveður sunnan- og vestanlands.

### Þriðjudagur




Suðvestan strekkingur eða allhvasst. Rigning um landið sunnan- og vestanvert.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C | rigning | Budapest | 5°C | sk.m.köflum | St.Pétursborg | -3°C | skýjað |
| Osló | 1°C | léttskýjað | Split | 11°C | rigning | Varsjá | 4°C | léttskýjað |
| Stokkhólmur | 0°C | snjókoma | Feneyjar | 10°C | léttskýjað | Vínarborg | 4°C | sk.m.köflum |
| Helsinki | 0°C | skýjað | Napolí | 16°C | rigning | Zurick | 7°C | rigning |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


Opið eftir lokun!
Með lengri afgreiðslutíma tryggir Þjónustuver Landsbankans
þér meira svigrúm til að sinna bankamálum símleiðis.
Í Þjónustuverinu getur þú m.a. :
• Fengið upplýsingar um stöðu reikninga, millifært og greitt reikninga
• Pantað gjaldeyri sem afgreiddur er í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
• Fengið upplýsingar um víðtæka þjónustu Landsbankans
Þjónustuverið er opið alla virka daga
frá kl. 8–21 og 11–16 laugardaga
410 4000 I landsbanki.is
Landsbankinn
Banki allra landsmanna



## KJÖRKASSINN

*Á að stytta nám í framhaldsskólum?*

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Kannt þú skyndihjálp?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Íslensk kona í Noregi:

# Fer óvenjulega leið í hnapphelduna

**NOREGUR** Norska blaðið Dagbladet birti nýlega viðtal við norskt-íslenskt par, Súsönnu Andreudóttur, 28 ára, og Christopher Landmark, 32 ára, sem kynntust á stefnumótasíðu. Þau byrjuðu að búa saman þremur dögum eftir að hafa hist í fyrsta skipti og ætla að gifta sig í sumar.

„Eiginlega virkaði hún frekar leiðinleg, hún hvorki reykti eða drakk en hún var sæt á myndinni,“ segir Christopher um fyrstu kynnin af Súsönnu en ekkert kemur fram hvað henni fannst um hann.

Súsanna og Christopher kynntust í september 2003. Þau hittust fyrst á kaffihúsi og byrjuðu að búa saman þremur dögum síðar. Þau eiga tvær Schäfer-tíkur, Freyu og Troju sem eru nefndar Christophersdætur að íslenskum sið. Þau ætla að gifta sig í sumar.

Súsanna flutti til Noregs árið 1997 og Óslóar fjórum árum síðar.

Dagbladet rekur stefnumótasíðu á netinu, Blink, og hefur upp á síðkastið birt viðtöl við fólk sem hefur kynnst í gegnum hana til að auglýsa síðuna enn frekar. ■




KYNNTUST Á NETSÍÐU
Voru farin að búa saman þremur dögum eftir að þau hittust fyrst. Súsanna Andreudóttir og Christopher Landmark.

Loðnuveiðar:

## Frysta fyrir Japansmarkað

**LOÐNUFRYSTING** Byrjað var að frysta loðnu fyrir Japansmarkað síðastliðinn fimmtudag og segir Freysteinn Bjarnason, framkvæmdastjóri útgerðar Síldarvinnslunnar, að hrognafyllingin sé um 18%. „Beitir NK kom með fyrstu Japansloðnuna til Neskaupstaðar. Það gekk vel að frysta en loðnan var frekar smá,“ segir Freysteinn.

Loðnan hefur veiðst síðustu sólarhringa við Ingólfshöfða en tæplega 500 þúsund tonn eru enn óveidd af útgefnum kvóta. „Nú þurfa menn að fara að gefa í svo kvótinn náist í hús,“ segir Freysteinn. - kk

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÖLVUNARAKSTUR** Einn ökumaður var stöðvaður aðfaranótt laugardags grunaður um ölvun við akstur á Dalvík. Grunur lögreglu reyndist réttur og fær ökumaðurinn tilheyrandi sekt.

**ÚTAFAKSTUR** Bíll fór út af vegi í Neðri dal í Biskupstungum klukkan 11.30 í gærmorgun. Þrír voru í bílnum en allir sluppu með lítilsháttar meiðsl samkvæmt lögreglunni á Selfossi en hálka og slæm akstursskilyrði voru tildrög slyssins.

# Afríku skortir ungt áræði

**Afrísk ungmenni skipta miklu í stjórnmálabaráttu Afríku en það skilar sér ekki í áhrifum þeirra. Vandamál afrískra ungmenna eru að þau hafa ekki atvinnu, eiga engar eignir og kjósa í flestum tilfellum ekki. Þeir sem vilja breytingar eiga erfitt uppdráttar og ekki heiglum hent að setja sig upp á móti stjórnvöldum.**

Ungt fólk í afrískum borgum skortir sameiginlega rödd og verður að hafa meira frumkvæði í eigin málum segir Amin Kamete, verkefnisstjóri hjá Norrænu Afríkustofnuninni, sem staddur er hér á landi vegna ráðstefnu um framtíð ungs fólks í Afríku. Markmið ráðstefnunnar er meðal annars að finna leiðir til að auka virkni og áhrif ungs fólks í stjórnmálum.

### Helmingur íbúanna

„Afrískar borgir eru fullar af ungu fólki, fólki á aldrinum fjórtán til 30 ára. Meira en helmingur íbúanna er á þeim aldri,“ segir Kamete. „Vandamálin eru hins vegar að þessi ungmenni hafa ekki atvinnu, eiga engar eignir og kjósa í flestum tilfellum ekki. Því virðist sem þau eigi sér ekki rödd og enginn tekur þau alvarlega.“ Þetta birtist meðal annars í því að ekki sé tekið á málum þeirra ef þau kvarta því menn telji að þau hafi lítil tækifæri til að láta til sín taka. „Þau eru ekki í vinnu og geta því ekki farið í verkfall, þau kjósa ekki og geta því ekki fellt valdhafa. Því hunsa þau allir,“ segir Kamete.



SLÆMT ÁSTAND Í SIMBABVE
Ástandið er slæmt í Simbabve þaðan sem Kamete er og fólk á lítið í sig og á. „Það kallar þetta núll-núll-einn, enginn morgunmatur, enginn hádegismatur, bara kvöldmatur.“

Afríka er gríðarlega víðfeðm heimsálfa. Þrátt fyrir það segir Kamete margt sameiginlegt í borgum ríkjanna sunnan Sahara. Þetta komi meðal annars fram í því að ungt fólk er virkt í listum, tónlist og leiklist. „Mest af þeirri tónlist sem fólk kaupir frá Afríku er tónlist unga fólksins,“ segir Kamete og tiltekur þetta sem dæmi um svið þar sem ungt fólk lætur að sér kveða.

Útlitið er dekkra þegar litið er til stjórnmála og lýðræðisþróunar. Þar skiptir ungt fólk þó miklu máli,“ segir Kamete.

### Mikilvæg en áhrifalítil

„Ef við horfum aftur til þess sem gerðist í Afríku á árunum milli 1990 og 1992, þegar einræðisstjórnir féllu og fjölflokkakerfi komst víða á var ungt fólk úr dreifbýlinu mjög virkt, þetta átti við í Malí, í Benín, í Miðbaugs-Gíneu, í Kenýa og í Sambíu.“ Vandamálið er hins vegar að sögn Kamete að æskan hefur verið notuð af stjórnmálaöflum sem hafa viljað komast til valda eða halda völdum sínum. Þannig hafi stjórnmálafylkingar látið ungt fólk um að berjast fyrir sig frekar en að þeir berjist fyrir ungt fólk.

„Það eru því mörg dæmi þess að aðrir noti æskuna. Við sjáum samt að æskan notar hina á móti. Þegar einhver vill stuðning æskunnar, til dæmis til að berja á andstæðingunum eða fá vernd frá öðrum, gerist það ekki nema viðkomandi láti eitthvað af hendi á móti. Ástandið er því þannig að æskan er notuð en hún notfærir sér líka kerfið, allt frá Suður-Afríku til Máritaníu.“

Kamete segir að alls staðar á svæðinu, frá Máritaníu í norðri til Suður-Afríku í suðri sé æskan virk



FRÉTTAVIÐTAL
UNGT FÓLK Í AFRÍSKUM BORGUM

BRYNJÓLFUR ÞÓR GUÐMUNDSSON
BLAÐAMAÐUR

í stjórnmálum og efnahagslífi. „Í borgunum sjáum við að í miðborgunum, á mörkuðunum, í verslunum og annars staðar er æskan áberandi, hvort sem ungt fólk rekur eigin fyrirtæki eða rekur fyrirtæki fyrir aðra.“

### Skortir frumkvæði

„Alls staðar sjáum við þó að æskan hefur ekki frumkvæði heldur bíður eftir aðgerðum annarra. Þá bregst hún við og notfærir sér kerfið. Stundum gerir unga fólkið góða hluti en oftast slæma,“ segir Kamete og vísar til bardagagengja sem ráðist hafa á pólitíska andstæðinga hreyfinga sem þau starfa með.

Sjálfur er Kamete frá Simbabve þar sem ástandið er erfitt og unglingagengi ógna andstæðingum stjórnvalda sem sökuð hafa verið um gróf mannréttindabrot gegn þegnum sínum. Það liggur því beint við að spyrja hann hvernig honum líst á ástandið þar, hálfum öðrum mánuði fyrir kosningar sem boðað var til fyrir skömmu.

„Stjórnvöld segja að ástandið sé stöðugra en áður og orðið betra,“ segir Kamete en er auðheyrilega ekki sannfærður. „Þetta er sennilega rétt ef þú ferðast þangað einn dag. En ef þú lítur á lífsstíl fólks, hvað það borðar og hvernig líf þess er dag frá degi sérðu að landið á enn við vandamál að stríða.

Ástandið er kannski ekki jafn slæmt og árið 2000 en það er enn slæmt. Fólk borðar ekki þrjár máltíðir á dag heldur eina. Það kallar þetta núll-núll-einn, enginn morgunmatur, enginn hádegismatur, bara kvöldmatur.“ Þá er atvinnuleysi útbreitt í landinu.

### Stjórnað í krafti ofbeldis

Þeir sem vilja breytingar eiga erfitt uppdráttar og ekki heiglum hent að setja sig upp á móti stjórnvöldum. „Stjórnvöld hafa þjálfað 50 þúsund ungmenni til að ógna fólki svo þau vinni kosningar. Þessi ungmennagengi eru hættuleg. Ef þú ert í stjórnarandstöðu koma þau og berja þig. Vitað er til þess að gengin hafi nauðgað fólki og brennt hús. Lögreglan getur ekkert gert við þessu. Nú eru 50 þúsund ungmenni í gengjum og fleiri í þjálfun,“ segir Kamete.

Það er fleira en unglingagengi sem ógna þeim sem gagnrýna stjórnvöld. „Einkareknir fjölmiðlar í Simbabve sæta árásum,“ segir Kamete og bendir á að stjórnvöld hafi látið loka þremur blöðum. Þá verður að sækja um leyfi fyrir fundum ef þrír eða fleiri koma saman undir kringumstæðum sem líkja má við fund. Þá banna stjórnvöld öll félagasamtök sem fjalla um stjórnmál, spillingu og mannréttindi. Einungis stjórnvöld mega reka útvarps- og sjónvarpsstöðvar.

„Ástandið í Simbabve er kannski að verða betra komi maður í eins dags heimsókn en fyrir þá sem þar búa hefur ástandið ekkert batnað. Það eru kosningar 21. mars en fólk segir að valdaflokkurinn sé þegar búinn að vinna kosningarnar. Ég sé því ekki fyrir mér umbætur í nánni framtíð.“ ■


ELDRI BORGARAR

**I Grunnur**

30 kennslustundir. Engin undirstaða nauðsynleg. Hæg yfirferð og reglulega litið um öxl. 60 ára aldurstakmark.

Markmiðið er að geta notað tölvuna til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta, læra á internetið og æfa meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 22. febrúar
og lýkur 15. mars.
Kennt er þriðjudaga
og fimmtudaga kl 13 - 16.
Verð kr. 19.500,-
Vegleg kennslubók innifalin.



**II Framhald**

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

- Upprifjun
- Æfingar í Word ritvinnslu
- Leit og vinnsla á internetinu og meðferð tölvupósts
- Excel kynning

Kennsla hefst 21. febrúar og lýkur 14. mars.
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

# BT

Kynntu þér frábær ADSL tilboð
BTnet

# Opið í dag

BT Skeifan, BT Kringlunni, BT Egilsstöðum, BT Selfossi **kl. 13 til 17**
BT Smáralind **kl. 12 til 18**

## MEDION V6 XXL TV

**Vinsælasta tölvan kominn aftur!**
**Nú með Sjónvarpskorti, fjarstýringu og þráðlausu netkorti!**




### ATI Skjákort
RADEON 9800 XXL er öflugasta skjákortið í 9800 seríunni. Þökk sé enn meiri afkastagetu, öflugri 3 víddar og myndvinnslutækni.

### HyperThreading
Eykur afköst örgjörvans um allt að 30% miðað við sambærilegan Intel Pentium örgjörva án HyperThreading.

### MEDION V6
**MEDION V6 XXL TV**
- Intel P4 3,0 GHz 512 KB (FSB800)
- ATI Radeon 9800 XL; 128 MB DDR
- 160 GB Harður diskur
- 16x DVDROM
- DVD Skrifari
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- Innbyggt þráðlaust netkort
- 512 MB DDR (400 MHz - Dual)

### Media Bay
Gerir þér kleift að lesa allar gerðir minniskorta. Allar mynd- og hljóðtengingar einnig að framan. Fire wire, 2 USB tengi, Smart Media/XD, Memory Stick, SD/MMC, Smart Card, Compact Flash, SVHS, Audio.

### DVD skrifari
Auðvelt að afrita DVD myndirnar. Einnig rúma DVD diskar 7 sinnum meira gagnamagn en það sem gömlu diskarnir geyma.

### Firewire
Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er leikur einn að færa myndskeið af stafrænni tökuvél og klippa í tölvunni.

### Þráðlaust net
Tölvan kemur með innbyggðu þráðlausu netkorti

### Tengdu við sjónvarp
Það er auðvelt að tengja tölvuna þína við sjónvarp. Nú getur þú spilað DVD myndir út af tölvunni meðan þú heldur áfram að vinna ritvinnslunni.

TV OUT

### 2 Drif auðvelda afritun
Auðvelt er að afrita DVD myndirnar. Einnig rúma DVD diskar um 7 sinnum meira gagnamagn en það sem eldri diskarnir geyma.

**4.353***

Vinsælasta tölva á íslandi

**Þú velur greiðsluform sem hentar þér**

| VÍS 4.353* | 12.999** | 155.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni VÍS. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

**VARÚÐ! Rugl tilboð**




**Skilaðu gamla skjánum og fáðu...**

**10.000kr upp í flatan skjá!**

(Gildir einnig með tölvutilboðum)




MEDION MD 6155

**19.999**

~~29.999~~




## MEDION V6 CLAWHAMMER SE3

- AMD Athlon64 3000+ • ATI Radeon 9200 SE; 128 MB • 160 GB Harður diskur
- 512 MB DDR PC3200 (400MHz) • DVD Skrifari - Dual Layer

| VÍS 3.420* | 9.999** | 119.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

### DVD skrifari
Auðvelt að afrita DVD myndirnar. Einnig rúma DVD diskar 7 sinnum meira gagnamagn en það sem gömlu diskarnir geyma.

### DV ready
Nú er ekkert mál að tengja tökuvélina við tölvuna, klippa til og skrifa á DVD.

### Innbyggður kortalesari
gefur þér þann möguleika að setja minniskort úr myndavélum beint í tölvuna. Aukin þægindi.

### AMD64
Nýjasta tæknin frá AMD. 64 bita örgjörvinn er mjög afkastamikill.

### ATI skjákort
Radeon 9200SE kortið ræður við alla nýjustu leikina.

**3.420***

**Rugl verð**

# skoðun

## SJÓNARMIÐ

KÁRI JÓNASSON

Innan þessa svæðis er fjölbreytt náttúrufar, sem tiltölulega fáir hafa kynnst af eigin raun.

# Vatnajökulsþjóðgarður

Sú yfirlýsing Sigríðar Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra að áform um virkjun Jökulsár á Fjöllum hafi verið lögð til hliðar hefur áreiðanlega róað marga. Fram undir þetta hefur Jökulsá á Fjöllum verið talin einn af álitlegustu virkjunarkostum hér á landi og virkjanasinnar hafa haldið fram hagkvæmni virkjunar þar. Dettifoss er þá væntanlega orðinn jafn friðhelgur og Gullfoss, því hverjum myndi detta í hug í dag að svo mikið sem minnast á virkjun í Hvítá, þótt stórathafnamenn hafi gert það hér á árum áður.

> **Sigríður Anna segir virkjunaráform í Jökulsá á Fjöllum lögð til hliðar. „Með þessu er virkjunaráformum algjörlega ýtt til hliðar og ekki verður hreyft við vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum og þar með Dettifossi, vatnasvæði Kreppu og Svartár.“**

Í Fréttablaðinu í gær var fjallað um Vatnajökulsþjóðgarð og þar sagði: „Almenn sátt virðist ríkja í samfélaginu um áform stjórnvalda um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Náttúruverndarsamtök Íslands og Landvernd hafa lýst sig fylgjandi, ekki síst þar sem þjóðgarðurinn kemur í veg fyrir virkjun Jökulsár á Fjöllum, en lengi hefur verið haft á orði að þar liggi heppilegur virkjunarkostur ónýttur.“

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra segir virkjunaráform í Jökulsá á Fjöllum lögð til hliðar. „Með þessu er virkjunaráformum algjörlega ýtt til hliðar og ekki verður hreyft við vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum og þar með Dettifossi, vatnasvæði Kreppu og Svartár.“

Vatnajökulsþjóðgarður mun ekki einasta njóta athygli sem stærsti þjóðgarður Evrópu og einn sá merkasti. Hann er talinn tækur inn á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna þar sem helstu náttúruperlur og sögulegar menjar veraldar er að finna. Um það segir Sigríður Anna: „Það er mat sérfræðinga að Vatnajökulsþjóðgarður sé bær inn á heimsminjaskrána og ég mun svo sannarlega skoða það mál og vinna að því.“

Það ber að fagna þeim ummælum umhverfisráðherra að áformum um virkjun Jökulsár á Fjöllum hafi verið vikið til hliðar og að ekki verði hreyft við Dettifossi. Þetta er mikilvæg yfirlýsing, og það er eins og stjórnvöld hafi nú lært það að lengra verður vart gengið varðandi stórvirkjanir fallvatna en með Kárahnjúkavirkjun.

Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á sér töluverðan aðdraganda, en verulegur skriður komst á málið haustið 2002 þegar þáverandi umhverfisráðherra Siv Friðleifsdóttir skipaði nefnd til að gera tillögur um stofnun garðsins. Nefndin skilaði svo af sér í fyrravor og nú er það verkefni umhverfisráðherra að ýta þessu máli áfram.

Þótt talað sé um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er hér um miklu meira mál að ræða, því með honum verður kominn samfelldur þjóðgarður úr Öxarfirði í norðri og suður í Öræfi. Í vestri eru mörkin við virkjanasvæði í Tungnaá og Þjórsá og í austri við Kárahnjúkasvæðið. Innan þessa svæðis er fjölbreytt náttúrufar, sem tiltölulega fáir hafa kynnst af eigin raun fram til þessa. Flestir hafa líklega lagt leið sína í Herðubreiðarlindir og Öskju, en sjálfur Vatnajökull og jaðarsvæði hans sem verða innan væntanlegs þjóðgarðs hafa ekki verið fjölsótt fram til þessa. ■








## FRÁ DEGI TIL DAGS

**„Gróf mistök“?**

DV birti í gær myndir af húsunum 25 við Laugaveg sem borgarstjórn (að Ólafi F. Magnússyni undanskildum) hefur sameinast um að rífa á næstunni. Mörg þessara húsa eru meðal hinna elstu í borginni, frá 19. öld. Svipur miðborgarinnar mun gerbreytast. Laugavegurinn verður ekki samur. Áreiðanlega hefur mörgum Reykvíkingum brugðið við lesturinn. Fólk hefur ekki áttað sig á umfangi niðurrifsins og hve mörg falleg og svipmikil hús eiga að hverfa. Umhugsunarverð eru þau orðs Ólafs F. Magnússonar að hér séu að verða „gróf mistök“. Ritstjóri DV reynir að hugga lesendur með þeim orðum að þetta séu „kofaræksni sem byggð voru af vanefnum.“ Athyglisvert er að þetta eru nánast sömu orð og notuð voru þegar rífa átti Bernhöftstorfuna um árið. Vildum við nú vera án hennar?

**Eftirtekjan rýr**

Í nýútkomnu tímariti Hugvísindastofnunar, Ritinu, er fjöldi áhugaverðra greina um íslenska fornleifafræði. Orri Vésteinsson fornleifafræðingur er gagnrýninn á stöðu fræðigreinarinnar hér á landi. Hann talar um „fræðilega leti“ fornleifafræðinga og segir m.a.: „Við höfum ekki sýnt fram á að fokdýrar rannsóknir okkar skipti í raun nokkru máli fyrir fræðilega umræðu, íslenskt samfélag eða söguvitund þess – og það segir sig sjálft að slíkt gengur ekki til lengdar. Fyrr eða síðar mun einhver stjórnmálamaðurinn átta sig á því að miðað við fjárveitingar er eftirtekjan rýr og minnisvarða sé e.t.v. hægt að reisa sér á ódýrari hátt.“



**Geðhvarfasýki**

Í Ritinu er einnig að finna forvitnilega úttekt Guðna Elíssonar á sýningunni í hinu endurbyggða safnhúsi Þjóðminjasafnsins. Ritstjórar tímaritsins, Jón Ólafsson og Svanhildur Óskarsdóttir, segja að umfjöllunin dragi „skemmtilega fram þá geðhvarfasýki sem þjóðarsálin á iðulega við að glíma og birtist ýmist í oflæti og ofmati á eigin arfleifð og ágæti, eða í andstæðu þess, heiftarlegri vanmetakennd.“ Ritstjórarnir telja hætt við að „þessi hvörf muni alltaf gera Íslendingum torvelt að velta fyrir sér fortíð sinni á yfirvegaðan hátt.“

gm@frettabladid.is

# Enska öldin

## TÍÐARANDINN

SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Íslensk tunga hefur þolað margt um dagana. Hún er smámál fámennrar þjóðar úti í Ballarhafi; lengst af lifandi sönnun þess hvað einangrun getur verndað og viðhaldið sérstakri menningu.

Svo komu haustskipin.

Og danskan bjagaði málið á marga vegu.

Síðar skrapp heimurinn saman.

Og enskan umlykur nú landið eins og stórsjóar – og heggur hér og þar.

Aldrei fyrr hefur verið sótt jafn harkalega að íslenskri tungu og á síðustu misserum. Þjóðin er smám saman að verða tvítyngd; í fjölmörgum fyrirtækjum er enskan orðin að eðlilegu samskiptamáli og sömu sögu er að segja af háskólum landsins þar sem heilu fyrirlestraraðirnar fara fram á þessari ágætu útlensku.

Enskan í lífi íslenskra ungmenna er sjálfbær; þau kenna sér hana sjálf – og munu smám saman missa niður hæfileikann að nefna hlutina í kringum sig íslenskum nöfnum. Tungumál þessa fólks verður æ köflóttara; ekki beint óhreint heldur allra handa, litríkt en losaralegt.

Óþarft er að minna á nafngiftir margra helstu fyrirtækja landsmanna, svo og nær allra verslana, sem bera ensk heiti enda annað óhugsandi í tiltölulega villtu samkeppnisumhverfi sem hefur enga biðlund og verður að skiljast á stundinni ... dott komm. Þar fyrir utan eru menn að miklu leyti hættir að þýða erlendar auglýsingar sem skella á fjölmiðlanotendum ... og nú síðast nenna menn ekki lengur að lýsa erlendum kappleikjum á ylhýra móðurmálinu og bera því einfaldlega við að íslenska lýsingin sé asnalegri.

Þetta er skrýtin þróun. Og þetta er mikil þróun. Og það sem er ef til vill aðalatriði; hún er komin á ofboðslegan hraða. Næsta villtan og stjórnlausan.

Og hvort sem mönnum líkar betur eða verr mun hún halda áfram af fullum þunga á næstu árum. Á sama hátt og misjafnar mállýskur frá einu héraði til annars vöktu kátínu manna á síðustu öld, munu misjafnar tungur einkenna nýja öld. Í auknum mæli munu menn skipta á milli íslensku og ensku í daglegu máli eins og ekkert þyki eðlilegra. Að einhverju leyti munu tungurnar renna saman og verða notaðar jöfnum höndum ... að einhverju leyti verður svo auðvelt að fara á milli þessara ólíku tungumála að heilu setningarnar skipta litum eins og ekkert sé sjálfsagðara en að boðskiptin verði að bendu blandaðra mála. Menn munu án allrar tæpitungu tala tungum tveimur; á hefðbundnum ráðstefnum verður dagskráin á ensku en íslenskan heyrist þeim mun meira í hléinu. Og svo sem engin ástæða til þess að kippa sér upp við það.

> **Íslendingar hafa alist upp við það að skólar og fjölmiðlar standi vörð um íslenskt mál. Lengst af hafa þessir hornsteinar samfélagsins litið á það sem eina af meginskyldum sínum að hlúa að íslenskunni og gæta þess að hún fái notið sín í samfélaginu sem auðskilið og öflugt samskiptatæki. Jafnvel þetta er að breytast.**




Þjóðin verður tvítyngd; eitt helsta einkenni hennar – eintungan – hverfur, só sorrí ... gúddbæ.

Það er ekkert sem fær stöðvað þessa þróun.

Ekki einu sinni ást okkar á íslenskunni. Þessu undurfallega máli sem kúrði ofan í moldarkofa í þúsund ár og tók ekki breytingum fremur en fólkið í landinu. Og það er ekkert sem bendir til þess að íslenskan búi yfir einhverjum æðri og magnaðri krafti en önnur smámál fámennra þjóða; hún mun smám saman víkja fyrir alþjóðlegri tungu sem er þeirrar náttúru að flýta fyrir, auka hagkvæmni, framleiðni og hvað þetta allt saman heitir sem knýr áfram alla óþreyju mannskepnunnar.

Samt.

Það er allsendis óvíst að íslenskan hverfi á næstu öldum. Ísland er að því leyti ólíkt öðrum löndum heimsins að þar hefur ein þjóð búið í sama landinu í árþúsund og talað einu og sömu tunguna. Það er einstakt. Allt í kringum Íslendinga eru þjóðir sem hafa búið við misjafnlega miklar tungumálaóeirðir. Íslensk tunga er þar af leiðandi afskaplega sterk í vitund þjóðarinnar og ef til vill ívið meiri partur af þjóðarsálinni en gengur og gerist á meðal þjóða þar sem hvert tungumálið hefur farið yfir annað á skítugum skónum. Það er af þessum sökum sem Íslendingar nefna tungu sína fyrst af öllu þegar talið berst að menningu þeirra, sérkennum og stolti. Fátt veitir þeim meiri sálarfyllingu á erlendri grundu en að geta sagt blessuðum útlendingunum að þeir tali eigin tungu; það er yfirlýsing þeirra um sjálfstæða hugsun.

Vegna alls þess er umræða um íslenska tungu ofar á baugi í samfélaginu en víðast hvar annars staðar. Og líklega eru eyjarskeggjar reiðubúnari að leggjast í vörn fyrir mállýsku sína en gengur og gerist á meðal annarra þjóða. Þeir eru aldir upp við það að íslenskan sé afskaplega merkileg; að minnsta kosti ekkert minna en einstakt tungumál í heimssögunni. Auðvitað er það því skiljanlegt að mörgum sárni enn ein sönnun þess að landsmenn séu hættir að nenna að nota tungumálið sitt, svo sem gerst hefur á einni sjónvarpsstöðvanna sem hafði efni á einu dýrasta sjónvarpsefni landsmanna en er blönk þegar kemur að íslenskri tungu. Og sækir nú athyglisverða aðstoð inn á sjálft Alþingi landsmanna til að þurfa ekki að þýða efni sitt.

Íslendingar hafa alist upp við það að skólar og fjölmiðlar standi vörð um íslenskt mál. Lengst af hafa þessir hornsteinar samfélagsins litið á það sem eina af meginskyldum sínum að hlúa að íslenskunni og gæta þess að hún fái notið sín í samfélaginu sem auðskilið og öflugt samskiptatæki.

Jafnvel þetta er að breytast.

Háskólafyrirlestrar eru enskir. Íþróttaefnið sömuleiðis. Íslenskan er hreinlega farin að þvælast fyrir. Og við getum vitaskuld deilt um þessa þróun. En það eitt gerist á sama tíma að hún verður örari. Enska öldin er nefnilega hafin ... sú síðari – og seigari. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Skýrari mynd en þú átt að venjast!




• Advanced 100Hz Digital Motion.
• Stílhreinn Sony standur og DVD spilari í kaupbæti!

KV-32FQ86
**32" 100Hz sjónvarp**
• Picture Power
• Advanced 100 Hz Digital Motion
• Mynd og mynd • Fjarstýring fyrir fjölda tækja

**Verð 14.995 krónur**
**vaxtalaust* í 12 mán. eða**
**179.940 krónur staðgreitt**



**Picture Power**
tryggir að þú sérð öll smáatriðin í myndinni skýrar. Sjáðu muninn.



**Borð í kaupbæti**
sem er hannað undir sjónvarpstækið að andvirði 24.950.

## Kauptu Sony hjá Sony

You make it a Sony

*Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is

**JACK KIRBY (1917-1994)** lést þennan dag.



*„Lífið er í besta falli súrsætt.“*

*Jack Kirby var einn afkastamesti listamaður amerískrar teiknimyndasögu, en hann er best þekktur fyrir sköpunarverk sín hjá Marvel Comics þar sem hann starfaði með Stan Lee. Hann teiknaði meðal annars The Fantastic Four, X-Men, Hulk, Daredevil og fleiri.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Dresden var jöfnuð við jörðu

Að kvöldi 13 febrúar árið 1945 hófst ein umdeildasta árás bandamanna á Þýskaland þegar fleiri hundruð breskar sprengjuflugvélar, hlaðnar eldsprengjum og öðrum kraftmiklum sprengjum gerðu árás á borgina Dresden í austurhluta landsins.

Í Dresden var hvorki hergagnaframleiðsla né heldur stórfelldur iðnaður og fyrir árásina í febrúar 1945 hafði borgin ekki orðið fyrir meiriháttar árás af hálfu bandamanna. Tveimur dögum eftir fyrstu árásir, þann 15. febrúar, var borgin ein rjúkandi rúst. Í valnum lá óþekktur fjöldi óbreyttra borgara. Giskað er á að látnir hafi verið á milli 35 og 135 þúsund. Fyrir stríð var Dresden talin til fegurstu borga Evrópu, bæði fyrir byggingarlist og söfn.

Í febrúar árið 1945 hafði fólk á flótta undan framsókn Rússa í austri leitað skjóls í Dresden. Hitler notaði meginþorra heraflans sem eftir var í varnir Berlínar í norðri þannig að varnir borgarinnar voru í lágmarki. Talið var að Rússar myndu eiga auðvelt með að ná Dresden á sitt vald og borgin því ólíklegt skotmark stórfelldra loftárása.

Þegar árásirnar á borgina hófust voru loftvarnirnar enda svo litlar að einungis náðist að skjóta niður sex vélar breta. Síðar um daginn þegar eftirlifendur skriðu úr brennandi rústum borgarinnar hófu 300 bandarískar sprengjuvélar árásir á lestarteina, brýr og samgöngumannvirki. 15. febrúar héldu svo 200 bandarískar vélar til viðbótar áfram árásum á innviði borgarinnar. Alls slepptu breskar og bandarískar sveitir um 2.500 tonnum af sprengjum og 1.500 tonnum af eldsprengjum á borgina þessa tvo daga.



**13.-15. FEBRÚAR 1945**

## MERKISATBURÐIR

**1542** Hinrik áttundi bretakonungur lætur taka Catherine Howard drottningu af lífi fyrir landráð.

**1693** Heklugos hófst og stóð fram á haust. Mikið tjón varð á Suðurlandi.

**1920** Þjóðasambandið viðurkennir hlutleysi Sviss.

**1953** Fyrsti fundur Norðurlandaráðs settur í Kaupmannahöfn.

**1960** Frakkar sprengja sína fyrstu atómbombu.

**1982** Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar tekin í notkun.

**1983** Stór og bjartur loftsteinn fellur í sjóinn austur af landinu klukkan 20.30. Birtu slær á himininn frá Þingeyjarsýslum suður í Mýrdal.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1920** Eileen Farrell, sópransöngkona.

**1933** Kim Novak, leikkona.



**1938** Oliver Reed, leikari.

**1943** Leo Frankowski, vísindaskáldsagnahöfundur.



**1944** Stockard Channing, leikkona.



**1944** Jerry Springer, þáttastjórnandi.

**1946** Rainer Werner Fassbinder, leikari og leikstjóri.

**1947** Tony Butler, bassaleikari Big Country.



**1950** Peter Gabriel, tónlistarmaður.

**1960** Michael Craig, bassaleikari Culture Club.

**1961** Henry Rollins, tónlistarmaður og ljóðskáld.

**1963** Penelope Ann Miller, leikkona.

**1974** Robbie Williams, tónlistarmaður.




*Ástkær pabbi okkar, sonur og bróðir,*

**Axel Emil Gunnlaugsson**

frá Ísafirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 10. febrúar.

Hannes, Patrekur Andrés og Jónína Sif Axelsbörn.
Jónína Nielsen — Gunnlaugur Ó. Guðmundsson,
Theódóra Gunnlaugsdóttir — Tryggvi Ólafsson,
Guðmundur Gunnlaugsson — Sigríður Björnsdóttir,
Margrét Gunnlaugsdóttir — Sveinbjörn Jóhannsson,
Sif Gunnlaugsdóttir
og systkinabörn.





*Ástkær móðir mín og tengdamóðir,*

**Jóna J. Guðjónsdóttir**

áður til heimilis að Miðvangi 41, Hafnarfirði,

lést á Sólvangi þriðjudaginn 2. febrúar.

Útför hennar fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði, þriðjudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

Hulda Magnúsdóttir og Hinrik Vídalín Jónsson.





*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Sigrún Kristinsdóttir**

Þangbakka 8, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 15. febrúar kl. 15.

Kristinn Erlendsson — Ásta Guðmundsdóttir
Helga Erlendsdóttir — Ásmundur Gíslason
Sigrún Erlendsdóttir — Sigurgestur Ingvarsson
Guðrún Lísa Erlendsdóttir — Bragi Baldursson
Sturla Erlendsson — Þóra Þórhildur Guðjónsdóttir
Elísabet Erlendsdóttir — Björn Ásgrímsson Björnsson
Ingunn Kristinsdóttir Þormar
Kristín Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.


## TÍMAMÓT: 60 ÁRA AFMÆLI SIGURSINS

# Margvíslegar uppákomur í MÍR fram á vor

Í vor verður þess minnst um heim allan að 60 ár eru liðin frá því að bandamenn í Seinni heimsstyrjöldinni knúðu heri fasistaríkjanna til uppgjafar í Evrópu. Sendiráð Rússneska sambandsríkisins á Íslandi og MÍR, Menningartengsl Íslands og Rússlands, ætla fram á vor að minnast afmælis sigursins með margvíslegum hætti í félagsheimilinu að Vatnsstíg 10 í Reykjavík.

Í tilkynningu MÍR kemur fram að 60 ára afmælisins verði sérstaklega minnst í Rússlandi og öðrum löndum fyrrum Sovétríkja, enda hafi hlutur Sovétþjóðanna í sigrinum verið mikill og fórnir þeirra meiri en annarra bandamanna. Talið er að allt að 27 milljónir Sovétmanna hafi týnt lífi af völdum styrjaldarátakanna, þar af féllu um 9 milljónir sovéskra hermanna á austurvígstöðvunum árin 1941 til 1945.

Alla sunnudaga fram á vor, nema á páskadag, verða í bíósal MÍR kvikmyndasýningar tileinkaðar heimsstyrjöldinni. „Í sýningarsölunum á Vatnsstíg hefur verið sett upp fróðleg sýning helguð styrjaldarlokum í Evrópu 1945. Hér er um að ræða sýningu á sovéskum veggspjöldum, plakötum, sem gerð voru meðan á styrjöldinni stóð af fremstu myndlistarmönnum Sovétríkjanna til að hvetja þjóðina í baráttunni við innrásarheri fasista. Einnig eru á sýningunni fleiri sovésk áróðursspjöld frá öðrum tímaskeiðum, fjöldi ljósmynda og uppdrátta frá styrjaldarárunum, bækur um stríðið og sovéska hershöfðingja, sýnishorn af hljómplötum með söngvum og lögum stríðsáranna o.fl.,“ segir í tilkynningu MÍR. Þá kemur einnig fram að á veggjum bíósalarins á Vatnsstíg 10 hafi verið komið fyrir auglýsingaspjöldum um sovéskar stríðskvikmyndir, plaköt sem gerð voru á árunum 1985 og 1987.

Alexander Rannikh, sendiherra Rússlands á Íslandi, opnaði myndasýninguna með viðhöfn um miðjan dag í gær. Leikin voru af hljómdiski lög sem urðu til og öðluðust vinsældir í Sovétríkjunum á styrjaldarárunum og í bíósalnum var sýnd hálftíma löng sovésk heimildarkvikmynd um sögulega viðræðufundi æðstu leiðtoga bandamanna í Teheran, Jalta og Potsdam á styrjaldarárunum. Ellefta febrúar síðastliðinn voru enda 60 ár liðin frá fundi Churchills, Roosevelts og Stalíns í Livadija-höllinni í Jalta á Krímskaga, þar sem stórveldin sömdu um hvernig standa ætti að stríðslokunum.

Sýningin á Vatnsstíg 10 verður opin daglega milli klukkan 14 og 16, en þar liggur frammi skrá yfir kvikmyndirnar sem sýndar verða fram á vor. Aðgangur að sýningunum í félagsheimili MÍR er ókeypis og allir velkomnir. ■



**MYNDASÝNING OPNUÐ Í MÍR** Alexander Rannikh, sendiherra Rússlands á Íslandi, opnaði myndasýningu í MÍR í gær.



**HEIMASÍÐA MÍR** Heimasíðu félags menningartengsla Íslands og Rússlands er að finna á slóðinni www.mmedia.is/felmir/. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um fyrirhugaðar kvikmyndasýningar í húsakynnum félagsins.




Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANNES KR. GUÐMUNDSSON,**
**verslunarmaður,**
**Reyrengi 4,**
**Reykjavík,**

sem lést 3. febrúar, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök lungnasjúklinga, sími 892 1122 og 552 2154.

**Guðlaug Guðlaugsdóttir,**
**Guðmundur Hallur Jóhannesson, — Vilhelmína Nielsen,**
**Ragna Hrönn Jóhannesdóttir, — Kristinn Gústafsson,**
**Helma Björk Jóhannesdóttir,**
**Kristín Heiða Jóhannesdóttir, — Steinn Viðar Ingason,**
**Valgerður Anna Jóhannesdóttir, — Þórir Erlendsson,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


## AFMÆLI

**Agnar Guðnason** ráðunautur er 78 ára í dag.

**Tómas Ingi Olrich** sendiherra er 62 ára í dag.

**Gunnar Swanson** hönnuður er 55 ára í dag.

**Fríða Rún Þórðardóttir** næringarráðgjafi og einkaþjálfari er 35 ára í dag.

## ANDLÁT

**Elín Friðriksdóttir**, Furulundi 6c, Akureyri, lést sunnudaginn 6. febrúar.

**Þorkell Jóhann Sigurðsson**, Hátúni 8, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, þriðjudaginn 8. febrúar.

**Arnór Þorkelsson**, frá Arnórsstöðum, Skipasundi 87, lést miðvikudaginn 9. febrúar.

**Axel Emil Gunnlaugsson**, frá Ísafirði, lést fimmtudaginn 10. febrúar.

**Sigrún Gunnarsdóttir**, Ásvegi 9, Breiðdalsvík, lést fimmtudaginn 10. febrúar.

# Kaffilist á Hólmavík

Í gær fór fram lista- og menningarhátíð ungs fólks á Hólmavík í félagsheimilinu á Hólmavík, en hátíðin var nú í annað sinn haldin og skipulögð af unglingum í félagsmiðstöðinni Ozon.

„Viðburðurinn er einn liður í fjáröflun fyrir starf félagsmiðstöðvarinnar og nemendafélags grunnskólans. Hér er um að ræða fjölskylduskemmtun sem hver og einn, ungir sem aldnir ættu að hafa gaman af," sagði í tilkynningu um viðburðinn og fjölbreyttri dagskrá lofað. Á dagskránni var meðal annars dans og rapp, auk þess sem fram áttu að koma hljómsveitir og leika átti atriði. Þá sótti hátíðina heim Bergur Thorberg sem slegið hefur í gegn með svokallaðar kaffimyndir sínar og hlotið alþjóðlegt lof fyrir. Hann var með verk til sýnis og sölu, auk þess að vinna verk úr kaffi á staðnum. ■



**KLIPPT Á BORÐANN** Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, klippti á borða þegar bókasafnið var opnað, en vinstra megin á myndinni er Sólbjörg Linda Reynisdóttir þjónustustjóri og hægra megin Marta Hildur Richter forstöðumaður bókasafnsins.

# Opnanir í Mosfellsbæ

Nýverið var opnað með viðhöfn Bókasafn Mosfellsbæjar og Þjónustuver Mosfellsbæjar í nýju húsnæði á torgi í Kjarna. Þá var einnig nýr Listasalur Mosfellsbæjar vígður.

Opnunarhátíðin átti sér stað um síðustu helgi. Bæjarstjóri og fleiri fluttu ávörp og Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og nemendur Tónlistarskólans fluttu tónlist.

Í Listasalnum var bæði opnuð samsýning listamanna í Mosfellsbæ, og kennarar Tónlistarskólans sáu um tónlistardagskrá.

Fjöldi bæjarbúa var viðstaddur opnunina og á mánudag var að sögn aðstandenda mikil aðsókn í safnið. ■

# Nýr vefur á leiðinni

Nýr og glæsilegur vefur KSÍ verður opnaður fyrir næsta keppnistímabil, að því er fram kemur í tilkynningu Knattspyrnusambandsins. „Frá því vefurinn var opnaður í maí 2000 hefur hann gegnt veigamiklu hlutverki sem þjónustutæki og upplýsingamiðill fyrir aðildarfélög, fjölmiðla og annað áhugafólk um íslenska knattspyrnu. Fimm ár er langur líftími fyrir vefsíðu og nú er orðið tímabært að endurnýja," segir þar og notendum vefsins boðið að senda inn tillögur um hvernig bæta megi vefinn, til dæmis hvað varði upplýsingar og uppbyggingu. Ábendingar má senda á Ómar Smárason hjá KSÍ á tölvupóstfangið omar@ksi.is. ■


Inn í vorið á Vildarpunktum



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27384 02/2005

Súpertilboð
í borgarstemninguna

Félagar Vildarklúbbsins njóta þess að fá reglulega frábær ferðatilboð. Nú bjóðum við þeim að skella sér til Amsterdam eða Baltimore og upplifa vorið á einstæðu tilboði.

Baltimore **25.000** Vildarpunktar*
Amsterdam **19.000** Vildarpunktar*

*Flugvallarskattar í Baltimore 7.860 kr.
*Flugvallarskattar í Amsterdam 6.090 kr.

Kostakjör frá Hertz
Hertz býður Vildarklúbbsfélögum 10% afslátt og tvöfalda punkta á tímabili tilboðsins í Baltimore og Amsterdam. Að auki fást tvöfaldir Vildarpunktar fyrir bílaleigu erlendis, ef bókað er á tilboðstímabilinu, óháð leigutíma.

Sölutímabilið er til og með
**21. febrúar**
Heimkoma í síðasta lagi
**11. mars**

Bókið á söluskrifstofum Icelandair eða pantið á www.vildarklubbur.is
Barnaafsláttur skv. reglum Vildarklúbbsins.
Þjónustugjald Vildarklúbbsins er 1.800 fyrir fullorðna og 900 fyrir börn. Ekkert þjónustugjald ef bókað er á netinu.

**Vissir þú að í fyrra voru farnar 46.000 ferðir fyrir Vildarpunkta. Varst þú með?**

ICELANDAIR
Vildarklúbbur
icelandair.is/vildarklubbur



ferðir o.fl.

- **Á FIMMTUDÖGUM**
- **Smáauglýsingasíminn er 550 5000**
- **auglysingar@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ





ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27296 02/2005

6,1%* – Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

*Nafnávöxtun frá 01.01.2005–31.01.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.landsbanki.is

**Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum í útibúum Landsbankans eða í síma 410 4000.**

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

# Gríman var ekki eingöngu notuð til skemmtunar

## Giorgios Zamboulakis og Thanos Vovolis segja forngrísku grímuna bjóða upp á nýjar aðferðir í nútímaleikhúsi.

„Í nútíma vestrænu leikhúsi er gríman oft notuð á einfeldningslegan, ruglingslegan, ómarkvissan og flatneskjulegan hátt,“ segja Grikkirnir Giorgios Zamboulakis og Thanos Vovolis, sem sjá um grímur, búninga og allt tilheyrandi í uppfærslu Þjóðleikhússins á Mýrarljósi, sem frumsýnt var á föstudaginn. Thanos er búninga- og grímuhönnuður en ekki í þeim skilningi sem við eigum að venjast, því hann vinnur samkvæmt forngrískum hefðum, þar sem gríman er stærri en mannshöfuðið og um leið eins konar hátalarakerfi fyrir leikarann. Giorgios er síðan grímustjóri, raddstjóri og ber ábyrgð á líkamsbeitingu og hreyfingu leikarans á sviðinu.

En hvers vegna grímur? Hverju er hægt að ná fram með grímum sem ekki er hægt að ná fram með mannsandlitinu?

„Gríman er spurning um annars konar meðvitund fyrir leikarann um möguleika hans, takmarkanir og verkfæri. Verkfærin sem hann hefur yfir að ráða eru rödd, hreyfingar, svipbrigði og orka. Í sálfræðilega leikhúsinu notarðu andlitið sem grundvallar samskiptatæki fólks. Það tilheyrir hvunndagslífi leikarans og það getur verið erfitt að greina á milli leikarans og persónunnar sem hann er að leika.“



**GRIOGIOS ZAMBOULAKIS OG THANOS VOVOLIS** Forngríska gríman var notuð til að afhjúpa eitthvað en ekki til að leyna neinu.

### Þrír leikarar – mörg hlutverk

„Hin hefðbundna gríska gríma var hönnuð þegar menn léku í risastórum hringleikahúsum undir beru lofti. Þau voru svo stór að þau rúmuðu um 20.000 manns. Þeir sem sátu á 3. bekk voru það langt frá leikurunum að svipbrigði sáust ekki á 3. bekk. En persónurnar þurftu að vera skiljanlegar upp á aftasta bekk. Þess vegna voru þær gerðar mun stærri en mannshöfuðið. Það hafði heldur enginn raddstyrk til þess að ná til þeirra sem sátu á bekkjum leikhússins og því var fundin upp aðferð til þess að magna upp röddina, með því að hanna grímuna á sérstakan hátt.

Í hinu forna gríska leikhúsi voru bara þrír leikarar sem léku öll hlutverkin. Hver gríma var táknræn fyrir það hlutverk sem þeir léku hverju sinni. Sami leikari þurfti, til dæmis, að leika konung og þræl, gamlan mann og ungan eða móður og son. Grímurnar gerðu þeim kleift að skipta stöðugt um hlutverk – en það var ekki nóg að setja upp grímu, heldur þurfti raddbeiting og líkamstjáning að vera táknræn fyrir það hlutverk sem gríman var táknræn fyrir. Gríman var ekki táknræn fyrir sálarástand, heldur fyrir hlutverk í vissum aðstæðum, til dæmis konungur í tilteknum aðstæðum, móðir í tilteknum aðstæðum og svo framvegis.“

Giorgios og Thanos segja forngrísku grímuna hafa verið afhjúpandi tæki en ekki leið til þess að leyna neinu. „Sú aðferð að nota grímuna til þess að leyna einhverju er hluti af hinu hefðbundna vestræna leikhúsi og er hluti af kristinni menningu. Notkun hennar gengur þvert á hugmyndir forngrísku leikhúshefðarinnar, þar sem fókusinn er ekki á það sem greinir okkur að, heldur það sem við eigum sameiginlegt.

Leikhúsið var uppfinning tiltekins samfélags, Aþenuborgar, til þess að bregðast við nýrri félagslegri og pólitískri þróun. Þess vegna er upphaf leikhússins svo órjúfanlega tengt lýðræðisþróun í Aþenu. Leikhúsið, sem samskiptaform, spratt af þörf til þess að skoða tengslin milli þjóðfélags og einstaklings, karla og kvenna, norma og frávika, hamingju og þjáningar, lífs og dauða, hins mennska og þess guðlega.“

### Leið til að nota vald leikhússins til hins ýtrasta

„Harmleikurinn, gleðileikurinn og satíran voru leikhúsform sem öll þróuðust í Aþenu frá 400 til 600 f.Kr. og voru öll grímuleikhús. En gríman var ekki eingöngu notuð til skemmtunar, heldur sem samskiptaform milli sviðspersónu og áhorfanda og ekki síður til þess að tjá innri vangaveltur persónunnar; það er að segja, hún gat vegið og metið andstæða þætti. Gríman var notuð til þess að tjá missi og þá þjóðfélagslegan missi. Gríman var leið til þess að nota vald leikhússins til hins ýtrasta.“



**MÓNIKUGRÍMA** Gríman var ekki táknræn fyrir sálarástand, heldur fyrir hlutverk í vissum aðstæðum; til dæmis, konungur í tilteknum aðstæðum, móðir í tilteknum aðstæðum.

> **„Leikhúsið, sem samskiptaform, spratt af þörf til þess að skoða tengslin milli þjóðfélags og einstaklings, karla og kvenna, norma og frávika, hamingju og þjáningar, lífs og dauða, hins mennska og þess guðlega.**

Í Mýrarljósi verða ekki allar persónurnar með grímu. Giorgios og Thanos segjast aðeins nota þær í þremur atriðum. „Í verkinu eru tveir heimar; lifandi fólk og dáið. Við notum grímurnar fyrir land hinna dauðu. Fyrir eitt hlutverkið, hlutverk Móniku, gerum við þrjár grímur til þess að búa til eins konar kórhluta. Þá eru þrjár leikkonur með Mónikugrímu. Mýrarljós er byggt á Medeu og í þessum hluta erum við að vísa í það verk. Grímurnar lýsa afstöðu persónunnar við þrjár mismunandi aðstæður. Hinar tvær grímurnar sem við notum endurspegla aðra heima. Fyrir þá sem ekki eru með forngrískar grímur notum við annars konar grímur sem er förðun, því við megum ekki gleyma því að förðun er viss tegund af grímu.

Annars litu Grikkir til forna ekki bara á grímuna sem tæki til þess að tjá hlutverk. Þeir litu á hana sem hið æðsta listform. Hún sameinaði allar listir; höggmyndalist, málaralist, leikhús, ljóðlist og dans. Það sem við sjáum um í Mýrarljósi eru grímur, búningar, förðun, ásamt hreyfingu, dansi og raddbeitingu, það er að segja heildarútlit hlutverkanna á sviðinu. Við hönnum hverja persónu á sviðinu fyrir sig, sem þýðir þá raddbeitingu og hreyfingu sem einkennir hana.“

### Hvor með sitt sérsvið

Vinna þeirra Giorgios og Thanosar við Mýrarljós hófst í október með námskeiði fyrir alla sem taka þátt í sýningunni. Við höfðum gríðarlegt magn af efni meðferðis, ljósmyndir frá Írlandi, af listaverkum og úr leiksýningum sem byggja á Medeu. Þetta efni höfum við notað með leikurunum á æfingum og vinnum með þeim á hverjum degi áður en þeir hefja æfingar með leikstjóranum, því þetta er mjög framandi heimur þeim sem vinna í hefðbundnu vestrænu leikhúsi.

„Þegar við hófum rannsóknir á forngrísku grímunni, tilgangi hennar og notkun, má segja að hún hafi verið dauð í leikhúsinu,“ segir Thanos. „Síðan eru liðin fimmtán ár og á þeim tíma höfum við rannsakað grímuna, haldið ótal fyrirlestra og námskeið og unnið að fjöldanum öllum af leikhúsuppfærslum. Engu að síður erum við enn að vinna að rannsóknum og þróa þessa aðferð og hvor okkar um sig nálgast verkefnið frá sínu sérsviði. Giorgo nálgast það sem leikstjóri, kennari, leikari og rithöfundur, ég sem grímu-, búninga-, leikmyndahönnuður og fræðimaður. Giorgio kemur með þætti frá sínu sérsviði og ég með þætti frá mínu sérsviði í því sameiginlega verkefni okkar sem er gríski harmleikurinn. „Endursköpun“ okkar á harmleikjagrímunni og sú aðferð sem við höfum fundið upp til þess að nota hana í nútímaleikhúsi er algerlega byggð á samvinnu okkar, sem og á fornleifarannsóknum, rannsóknum á texta grísku harmleikjanna og þjálfun í nútímaleikhúsi.

sussa@frettabladid.is





Benidorm

Glæsilegar ferðir fyrir eldri borgara

31. mars og 24. apríl

Hotel Mediterraneo ☆☆☆☆

Nýtt og glæsilegt hótel með hálfu fæði

Heimsferðir bjóða nú nýtt og glæsilegt 4 stjörnu hótel á Benidorm, Hotel Mediterraneo. Frábært hótel, sem er vel staðsett og með einum besta aðbúnaði á Benidorm. Herbergi eru ríkulega búin, öll með sjónvarpi, síma, loftkælingu, minibar og öryggishólfi. Glæsilegur veitingastaður og bar á jarðhæð. Stór og fallegur garður með stórum sundlaugum, að auki er innisundlaug, líkamsrækt, sauna, heitir pottar og sameiginleg tómstundaaðstaða. Sannarlega glæsileg aðstaða fyrir farþega Heimsferða.



ENNEMM / SIA / NM14825

Frá 69.190 Kr.
Á mann í tvíbýli með hálfu fæði, 18 nætur á Hotel Mediterraneo, 31. mars

Frá 73.890 Kr.
Á mann í tvíbýli með hálfu fæði, 24 nætur á Hotel Mediterraneo, 24. apríl

Aðrir gististaðir einnig í boði.

**Innifalið í verði:** Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn.
Aukavika (í ferð 24. apríl), kr. 14.200 á mann.
Viðbótarkostnaður fyrir fullt fæði (valkvætt), kr. 450 á mann á dag.
Ferðir til og frá flugvelli, kr. 1.800

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík
Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is


# Saga af... mismæli

SIGURJÓN M. EGILSSON
sigurjon@frettabladid.is



NÝJAR ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR *með Sigurjóni*

Þeir sátu nokkrir saman, og gátu ekki annað, aðstæður voru með þeim hætti. Höfðu reyndar setið lengi og svo var komið að sjálfsagt og auðrætt umræðuefni var þrotið. Nema hjá einum. Sá virtist geta talað endalaust og ekki síst um það sem viðstaddir höfðu engan áhuga á að heyra.

- Eitt það besta sem nokkur maður gerir er að rækta kartöflur, sagði sá málglaði og hélt áfram drjúga stund um hversu fínt og fallegt það er að rækta eigin jarðepli. Sá sem sat næst honum varð fórnarlamb umræðunnar, þegar hann var spurður hvort hann virkilega ræktaði ekki kartöflur, hann sem hefði þennan fína garð.

Nei, og langar ekkert til.

- Langar ekkert til. Það verður fyrst að reyna, prófa, vinur minn. Þær kartöflur sem maður ræktar sjálfur eru betri en aðrar kartöflur, hélt hinn áfram í einhverja stund.

Ég kaupi mínar kartöflur í Kaupfélaginu og fæ ekki betur séð en að bæði ég og konan þrífumst ágætlega og börnin vaxa alla daga, bæði af vexti og þroska. Samt étum við kartöflur sem ég held að séu ræktaðar í Þykkvabænum, en er nákvæmlega sama.

Nokkuð þrjóskt svar svo sögumaður breytti um stíl. Lagði nú áherslu á kartöflurækt sem félagslegt mál, til góða fyrir allar fjölskyldur en athygli annarra minnkaði eftir því sem rökum fyrir ræktinni fjölgaði. Síðasta setningin átti ekki endilega að vera sú síðasta, en eftir að sögumaður sagði eftirfarandi til áhersluauka varð ekki framhaldið:

- Hvað getið þið hugsað ykkur yndislegra á sunnudagsmorgni en ganga út í pott með garðinn undir hendinni. ■

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 9.29 | 13.42 | 17.56 |
| AKUREYRI | 9.22 | 13.27 | 17.32 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

*Góðan dag!*
**Í dag er sunnudagur 13. febrúar, 44. dagur ársins 2005.**

**STÖRF Í BOÐI**

Sölumenn
Lögfræðingur
Tölvusérfræðingur
Verkstjóri
Þjónustufulltrúi
Sölu- og þjónustufulltrúi
Yfirflugkennari
Sálfræðingur
Grafískir hönnuðir
Kennarar
Sérfræðingar
Lyfjafræðingur
Rekstrar- og tæknistjóri
Ræstingar
Rafvirkjar
Málmiðnaðarmenn
Vörustjóri
Sölustjóri

**SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 18**

**Flokkar**

**Bílar & farartæki**
**Keypt & selt**
**Þjónusta**
**Heilsa**
**Skólar & námskeið**
**Heimilið**
**Tómstundir & ferðir**
**Húsnæði**
**Atvinna**
**Tilkynningar**

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Ragnar Fjalar hefur mikinn metnað fyrir hönd fyrirtækisins og segir framkvæmdastjórastarfið 24 stunda vinnu á sólarhring.**

# Mikið áreiti og mikil ábyrgð

**Ragnar Fjalar Sævarsson er framkvæmdastjóri prentfyrirtækisins Samskipta. Hann hefur sinnt því starfi daglega í tvö ár og dreymt það á nóttunni.**

„Við prentum nánast allt milli himins og jarðar. Ef þú þarft að láta prenta eitthvað þá geturðu komið til okkar," segir Ragnar Fjalar brosandi. Hann segir starfsmenn fyrirtækisins vera vel á fjórða tuginn enda sé það staðsett á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þó kveðst hann ekki vera á stöðugum þeytingi á milli. „Ég er með gott fólk og það eru aðrir sem sjá um að reka útibúin. Mín skrifstofa er í Síðumúlanum en ég kíki auðvitað á hina staðina líka. Svo er maður náttúrlega á fundum allan liðlangan daginn víðsvegar um bæinn."

Þegar blaðamaður vill vita hvað gerist á fundunum svarar hann. „Það er verið að semja um hitt og þetta, bæði við okkar birgja og að hjálpa sölumönnum að ná í og viðhalda viðskiptum. Skemmtilegt? Já, annars væri maður ekki í þessu." Hann viðurkennir þó að mikið áreiti fylgi starfinu, mikil ábyrgð og lítill friður. „Maður er í starfinu 24 tíma á sólarhring því mann dreymir það á nóttunni. Í góðu draumunum er maður að gera góða hluti og svo fær maður martraðir inn á milli."

Tími fyrir áhugamálin er takmarkaður hjá Ragnari Fjalari en hann kveðst líka eiga fjölskyldu sem hann þurfi að sinna. „Það má segja að ég sé „atvinnu verðandi golfari," segir hann. „Ég hef aldrei komist á völlinn en það kemur að því!"

Ekki er hægt að sleppa honum án þess að spyrja hann hvort hann sé barnabarn sr. Ragnars Fjalars Lárussonar. „Já, það passar. Við erum þrír sem heitum þessu nafni en auk þess eru margir Fjalarar í ættinni." ■

# Lengri vinnuvika í Frakklandi

**Verkalýðsfélög í Frakklandi eru á mót löggjöf Chirac.**

Ríkisstjórn Jacques Chirac, forseta Frakklands, hefur kosið með umdeildri vinnulöggjöf um að lengja vinnuvikuna í landinu. Nú er vinnuvikan 35 stundir en Chirac vill lengja hana í 48 stundir sem er hámark innan Evrópusambandsins.

Forráðamenn verkalýðsfélaga óttast að þessi nýja löggjöf gefi fyrirtækjum tækifæri til að ráða vinnustundum. Yfir þrjú hundruð manns mótmæltu um síðustu helgi en Chirac vonar að öldungadeildin samþykki löggjöfina í næsta mánuði. Þá verður hún að lögum í landinu öllu. ■



**Chirac forseti er ekki vinsæll meðal alþýðunnar í Frakklandi þessa dagana.**

## LIGGUR Í LOFTINU *í atvinnu*

**Listin að hámarka frammistöðu** er yfirskrift námsstefnu sem haldin verður á Hótel Nordica á Suðurlandsbraut miðvikudaginn 2. mars. Þar eru viðskiptamönnum kenndar aðferðir íþróttamanna, þar sem geta einstaklinganna er nýtt til hins ýtrasta. Fyrirlesari er Krish Dhanam, aðalfyrirlesari Zig Ziglar corporation, sem hefur vakið óskipta athygli sem einn af fremstu fyrirlesurum Bandaríkjanna. Námsstefnan er ætluð stjórnendum, þjálfurum, skólamönnum, markaðs- og sölumönnum og starfsmannastjórum. Hægt er að skrá sig á námskeiðið á www.starf.is



**Starfsmenntaráð** hefur auglýst eftir umsóknum um styrki vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu. Markmiðin sem gengið er út frá við val á verkefnum eru að verkefnin nái til sem flestra, að þau mæti sýnilegri þörf á endurmenntun og unnin í samvinnu ólíkra aðila. Þeir sem eiga rétt á að sækja um styrk eru meðal annars einstök fyrirtæki og einkaaðilar sem standa fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu, og starfsmenntaráð einstakra atvinnugreina. Umsóknarfrestur er til 18. mars næstkomandi.

**Sprotaþing** verður haldið föstudaginn 18. febrúar þar sem fjallað verður um framtíð og forsendur sprotafyrirtækja á Íslandi. Þingið er haldið af Samtökum sprotafyrirtækja og -iðnaðarins í samstarfi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og fyrirtæki og stofnanir. Þingið verður haldið í höfuðstöðvum Marels hf., Austurhrauni 9 í Garðabæ og stendur milli kl. 13 og 17. Þingið er opið en tilkynna þarf þátttöku á netfangið skraning@si.is eða í síma 591 0100.

*atvinna@frettabladid.is*

## REKSTRAR- OG TÆKNISTJÓRI

Til að taka þátt í uppbyggingu og framtíðarrekstri á einni öflugustu upplýsingaveitu landsins, leitar **4. veitan** að drífandi Rekstrar- og tæknistjóra. Hér er einstakt tækifæri fyrir réttan aðila til að vera í fararbroddi nýrrar tækni.

*__4. veitan__ er fjarskiptaveita Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur það að markmiði að koma á ljósleiðaratengingu við heimili og fyrirtæki. __4. veitan__ ræður í dag yfir ljósleiðaragrunnneti sem nær yfir stærsta hluta höfuðborgarsvæðisins og tengist nærliggjandi bæjarfélögum. Bankakerfið í landinu, heilbrigðisstofnanir, háskólastofnanir, grunnskólar, framhaldsskólar, hugbúnaðar - og hátæknifyrirtæki eru þegar tengd þessu neti.*
*Næstu skref í þessari þróun er áframhaldandi uppbygging ljósleiðaranets til heimila sem myndar grunn að opnu gagnvirku samskiptaneti.*

### Starfssvið
- Mótun tæknistefnu **4. veitunnar**, eftirlit með tækninýjungum, greining tækifæra og innleiðing arðbærrar tækni
- Mótun stefnu fyrir uppbyggingu og rekstur búnaðar og áreiðanleika kerfa **4. veitunnar**
- Mótun rekstrarlýsinga, vinnsla útboðsgagna, samningar við rekstraraðila
- Útboð og samningar við birgja og þjónustuaðila
- Mótun SLA samninga gagnvart þjónustuaðilum, uppbygging og rekstur þjónustu
- Utanumhald, mælingar og eftirfylgni þjónustusamninga
- Ábyrgð á kostnaði við rekstur kerfa

### Hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði tækni-, verk-, tölvunarfræði eða sambærilegt
- Samstarfshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking á netumhverfi og gagnaveitum mikilvæg
- Þekking á samningagerð og meðferð fjárhagslegra upplýsinga
- Vera árangursdrifinn, skipulagður og tilbúinn að taka þátt í að móta þjónustu sem mun auka lífsgæði og samkeppnishæfi samfélagsins

Innan OR starfar samhentur hópur fólks með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Í hópnum eru m.a. viðskiptafræðingar, markaðsfræðingar, tölvunarfræðingar og aðrir með tæknimenntun.
Hugmyndaauðgi og innleiðing nýrrar þjónustu fyrir viðskiptavininn vega þungt í þessum störfum.

**Upplýsingar**
Þeim sem vilja spyrjast nánar fyrir um þetta starf er velkomið að hafa samband við Þórð S. Óskarsson hjá Intellecta í síma 511 1225 eða á netfang thordur@intellecta.is.

**Umsókn**
sendist til Intellecta á neðangreint heimilisfang eða til thordur@intellecta.is eigi síðar en 21. febrúar 2005. Umsókn þarf að greina frá menntun og fyrri störfum, ennfremur frá helstu verkefnum sem umsækjandi hefur tekist á við á undanförnum árum og sem kemur að gagni í því starfi sem sótt er um.

**Öllum umsóknum verður svarað.**

Orkuveita Reykjavíkur

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

intellecta
*Lágmúla 6 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225*
*intellecta@intellecta.is*
*www.intellecta.is*

**Minnismiðar**
Ekki er alltaf hægt að stóla sig á minnið þegar mörg verkefni liggja fyrir. Fáðu þér því bunka af minnismiðum með límrönd og ef þú getur ekki sinnt einhverju um leið og það kemur upp skaltu skrifa það á miða og setja hann á stað þar sem hann fer ekki fram hjá þér.





Flestir starfsmenn í Bandaríkjunum eru öruggir í starfi sínu.

# Starfsmenn öruggir í starfi

***Ný könnun í Bandaríkjunum lofar góðu.***

Flestum starfsmönnum í Bandaríkjunum finnst þeir vera öruggir í starfi sínu samkvæmt nýrri könnun sem sagt er frá á fréttasíðu Sky News. Fjórir af hverjum fimm fannst starfið sitt vera jafn öruggt eða öruggara en fyrir ári en úrtakið í könnuninni var tvö þúsund manns.

Færri en einn af þremur taldi að aðstæður starfsmanna almennt hefðu versnað á síðustu mánuðum. Sérfræðingar segja þessar niðurstöður vera í samræmi við stöðugan vöxt efnahagskerfisins á síðasta ársfjórðungi 2004. ■



Falsarar í Bretlandi bjóða gylliboð og ræna peningum af fólki.

# Fágaðir falsarar

***Falsarar er nýjasta atvinnugreinin í Bretlandi eins og kemur fram á fréttasíðu BBC.***

Neytendur eru varaðir við að samþykkja ólíkleg boð frá fölsurum sem lofa háum upphæðum peninga. Neytendur sem samþykkja þessi boð gætu verið settir á sérstakan lista yfir þá sem eru ginnkeyptari en aðrir. Falsarar deila svo þessum upplýsingum sín á milli og fyrr en varir eru upplýsingar um hina ginnkeyptu komnar út um allan heim sem leiðir af sér keðjubréf falsara.

Vinnubrögð falsara verða sífellt fágaðri, en í Bretlandi er hafin herferð til að hjálpa fólki að bera kennsl á falsara. Flestir falsarar auglýsa á þeim forsendum að neytandinn geti grætt peninga á auðveldan hátt. Þeir vilja peninga fyrir fram svo neytandinn geti náð í verðlaun sín – en svo eru auðvitað engin verðlaun og neytandinn situr eftir með sárt ennið. ■

# Geðfatlaðir fá störf í London

***Talið auka líkur á bata.***

Nýju verkefni fyrir geðfatlað fólk hefur verið hrundið af stað í London. Um er ræða sjálfboðavinnu sem er ætlað að auka sjálfstraust sjúklinganna og auka líkur þeirra á vinnumarkaði.

Sjö milljónum punda verður varið til verkefnisins, sem verður í gangi í 11 hverfum í London. Claire Helman, talsmaður verkefnisins, segir að vonir standi til að sjálfboðaliðastörfin muni rjúfa einangrun sjúklinganna, sem oft fara ekki út úr húsi svo dögum skiptir. „Fólk með þennan sjúkdóm hefur lélega sjálfsmynd þrátt fyrir hæfileikana sem það býr yfir og við vonumst til að þátttaka á hinum almenna vinnumarkaði auki líkur þeirra til að ná bata.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rósa Guðný segir nýja vefinn algera byltingu í þjónustu við stúdenta og atvinnulífið. Það var Hugsmiðjan sem smíðaði hann í góðri samvinnu við starfsmenn Stúdentamiðlunarinnar.

# Gagnvirk atvinnumiðlun stúdenta

***Stúdentamiðlunin hefur opnað nýjan vef, studentamidlun.is. Hann opnar fólki möguleika á að bjarga sér sjálft, bæði námsmönnum í atvinnuleit og fyrirtækjum sem vantar fólk til starfa.***

„Vefurinn á að vera algerlega gagnvirkur,“ segir Rósa Guðný Þórsdóttir sem starfar í Stúdentamiðluninni og heldur áfram að lýsa þægindunum. „Nemendurnir búa sér til eigin síðu með atvinnuumsókn og ferilskrá en til að við séum alltaf með virka umsækjendur þá eru þeir bara inni í 30 daga og því fá þeir skilaboð í tölvupósti um að þeir muni detta út nema þeir endurnýi sjálfir. Það geta þeir gert með því að smella á einn takka.

Þetta verður gríðarlega fín þjónusta við atvinnurekendur sem eru að leita að starfsfólki. Það er líka stefnan. Þeir geta keypt sig inn á vefinn í eina, tvær eða þrjár vikur. En áður en þeir kaupa aðgang geta þeir byrjað á að skoða hvort þar sé einhver á skrá sem passar í starfið sem þeir eru með laust. Þeir sjá í hvaða skóla fólk hefur verið og hvað það hefur unnið en komast ekki í persónulegar upplýsingar. Síðan eru líka á þessum vef húsnæðismiðlun, barnagæsla og lokaverkefnabanki og einnig kennslumiðlun fyrir þá sem vantar aukatíma í einhverri grein – og öfugt.“

Stúdentamiðlun er arftaki Atvinnumiðstöðvar stúdenta sem hefur verið rekin frá 1998. Rósa tekur skýrt fram að starfsmennirnir verði áfram á staðnum þannig að ekki verði einungis um vélræna afgreiðslu að ræða. Hún hvetur sem flesta nema á framhalds-og háskólastigi sem eru að leita að vinnu til að skrá sig á v efinn, hvort sem um sumar-, hluta- eða framtíðarstarf er að ræða enda segir hún tilboð um sumarstörf byrjuð að streyma inn frá atvinnurekendum. „Það hefur verið sérstaða Atvinnumiðstöðvar stúdenta að útvega fyrirtækjum fólk í sumar- og hlutastörf,“ bendir hún á að lokum. *gun@frettabladid.is*

# Fleiri störf flutt utan

***Ófaglærðir starfsmenn í Bretlandi eru í hættu.***

Nær allir ófaglærðir starfsmenn í Bretlandi gætu átt von á að missa vinnuna á næsta áratug samkvæmt nýrri könnun í Bretlandi. Ástæðan er sú að fleiri fyrirtæki í Bretlandi leita til útlanda fyrir starfsemi sína og vinnuafl. Mörg störf sem ekki krefjast sérstakrar menntunar eru flutt til landa eins og Kína. Fyrirtæki halda því fram að með þessu aukist hæfni starfsmanna, hagnaður og afköst. Einnig vilja fyrirtæki lækka kostnað og auka hraða og gæði þjónustu sinnar.

Úrtakið í könnuninni voru 750.000 starfskraftar í Bretlandi og tvær milljónir starfsmanna á alþjóðavettvangi. Í könnuninni kemur fram að meira en helmingur yfirmanna taldi sig vera undir meiri þrýstingi núna en áður að flytja starfsemi til útlanda og einn af fjórum var að hugsa um að flytja störf utan í framtíðinni.



Fyrirtæki í Bretlandi vilja ólm flytja starfsemi sína til útlanda til að lækka kostnað.

heilsa o.fl.
✓ Á ÞRIÐJUDÖGUM
✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Marel

## Vegna aukinna umsvifa óskar Marel hf að ráða fleiri rafvirkja, málmiðnaðarmenn og rennismiði



### Rafvirkjar

Rafvirkjar vinna við frágang rafbúnaðar og stillingu og prófun tækja.

### Málmiðnaðarmenn

Málmiðnaðarmenn vinna við smíði og samsetningu íhluta úr ryðfríu stáli, samsetningu tækja, stillingu og prófun.

### Rennismiðir

Rennismiðir vinna á vöktum á fullkomnu renniverkstæði við forritun og keyrslu CNC tækja.

Í framleiðslu Marel hf er unnið í sellum eða litlum, sjálfstæðum liðum. Sellan er samábyrg fyrir að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina um gæðavöru, pökkun og útskipun búnaðar á afhendingardegi. Áhersla er lögð á liðsanda, sjálfstæði, samvinnu, góða vinnuaðstöðu og símenntun.

**Umsóknarfrestur er til 21. febrúar n.k. Vinsamlegast sækið um störfin á heimasíðu Marel (www.marel.is). Nánari upplýsingar veitir Magnús Þór Ásmundsson, framkvæmdastjóri framleiðslu, í síma 563 8000 eða á magnus@marel.is.**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi á sviði þróunar og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 800 starfsmenn í 5 heimsálfum.

**Marel hf.** | Austurhrauni 9 | 210 Garðabæ
Sími: 563 8000 | www.marel.is



# Sölustjóri hjá Skýrr

**Skýrr hf. vill ráða til starfa sölustjóra fyrir Rekstrarlausnir Skýrr. Fyrirtækið sækist eftir orkumiklum og jákvæðum einstaklingi til starfa; manneskju sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni. Í boði eru góð laun og spennandi verkefni hjá traustu fyrirtæki í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi.**

**HÆFNISKRÖFUR**

- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar
- Haldbær reynsla af sölumennsku
- Reynsla og þekking á sviði upplýsingatækni
- Háskólamenntun – til dæmis viðskipta-, tækni-, tölvunar- eða verkfræði

**REKSTRARLAUSNIR SKÝRR**

Rekstrarlausnir Skýrr eru eitt af fjórum tekjusviðum Skýrr. Hjá Rekstrarlausnum Skýrr starfa margir af færustu sérfræðingum landsins á sviði upplýsingatækni. Þetta fólk ber ábyrgð á gríðarlega umfangsmiklu og krefjandi rekstrarumhverfi og sinnir þörfum viðskiptavina, sem eru meðal öflugustu fyrirtækja og stofnana landsins.

Rekstrarlausnir Skýrr bjóða fjölbreytta hýsingu á hugbúnaði og vélbúnaði, afritun, kerfisleigu, prentvinnslu og upplýsingavinnslu. Undir sviðið heyrir einnig Þjónustuver Skýrr, þar sem sérfræðingar sinna viðskiptavinum fyrirtækisins allan sólarhringinn.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**

Þorvaldur Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri Rekstrarlausna Skýrr (thorvaldur@skyrr.is), veitir allar frekari upplýsingar um starfið, en umsóknareyðublað er að finna á vefsvæði Skýrr. Fullum trúnaði er heitið.

Umsóknarfrestur er til hádegis mánudaginn 21. febrúar næstkomandi.

Skýrr er eitt öflugasta þekkingarfyrirtæki Íslands með tæplega 200 starfsmenn og yfir 2.200 viðskiptavini. Fyrirtækið býður fjölbreyttar lausnir og þjónustu á sviði upplýsingatækni. Starfsemi Skýrr er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001.

**Starfsemi Skýrr er í aðalatriðum þríþætt**

**Hugbúnaðarlausnir:** Annars vegar staðlaðar lausnir eins og Oracle, Microsoft Navision, Business Objects, Cambio, DIANA, Erindreki, Inna, VinnuStund og VeriSign. Hins vegar sérsmíðaðar lausnir.

**Rekstrarlausnir:** Hýsing á hugbúnaði og vélbúnaði, afritun, kerfisleiga, prentvinnsla, tölvurekstrarþjónusta, upplýsingavinnsla og þjónustuborð.

**Fjarskiptalausnir:** Heildarlausnir á sviði tenginga við Internetið, ásamt hvers konar gagnaflutningum með IP-tækni.

Skýrr

Sími 569 5100 | skyrr.is

Himinn og haf / SÍA – 9050118

## AL-ANON samtökin á Íslandi óska eftir starfsmanni á skrifstofu sína í 50% starf.

**Starfssvið:**

- Yfirumsjón með daglegum rekstri skrifstofunar og ábyrgð á fjárreiðum skrifstofunar
- Virðisaukaskil
- Launaútreikningar
- Bréfaskriftir á ensku og íslensku

Leitað er að áhugasamri manneskju sem er tilbúin til að takast á við krefjandi starf. Viðkomandi þarf að hafa góða skrifstofumenntun og/eða reynslu af skrifstofustörfum. Sveigjanleiki, en þó festa, áreiðanleiki og geta til að vinna sjálfstætt eru nauðsynlegir eiginleikar.
Viðkomandi þarf af og til að geta unnið utan hefðbundis vinnutíma.

**Ráðið verður í starfið sem fyrst eða í síðasta lagi 1. apríl 2005.**

Greitt er samkvæmt launataxta VR.

Vinsamlegast sendið umsóknir inn fyrir þriðjudaginn 22.02.05 til
**AL-ANON skrifstofunar,**
**Pósthólf 687, 121 Reykjavík**

Viltu leggja okkur lið?

## Tæknimenntaður sölu- og þjónustfulltrúi

Tæknimenntaður sölu- og þjónustufulltrúi óskast til starfa. Við leitum að jákvæðum reyklausum manni með frumkvæði, faglegan metnað og áhuga á tækniþjónustu og sölu.

**Starfssvið**

- Þjónusta við fólkslyftukerfi og annan búnað.
- Sala og ráðgjöf vegna rafbúnaðar og tengdrar vöru.
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila.
- Þátttaka í kynningum og þjálfun notenda.
- Tilboðsgerð og úrvinnsla útboða.
- Gerð sölu- og markaðsáætlana.
- Öflun viðskiptatengsla auk annarra verkefna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Tæknimenntun er æskileg.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður til að ná árangri í starfi.
- Skipulagður og sjálfstæður.
- Enskukunnátta.

Nánari upplýsingar eru veittar á vefsetri Eirbergs, www.eirberg.is.
Umsóknarfrestur er til 28. febrúar.

**Eirberg ehf.** er innflutnings- og þjónustufyrirtæki. Fyrirtækið hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki sem leggur metnað sinn í að veita sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum, fagfólki og einstaklingum faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu.

Í verslun Eirbergs að Stórhöfða 25 eru seldar vandaðar heilbrigðisvörur, hjúkrunar- og dagrekstrarvörur, heilsurúm, vinnuhollustuvörur, hjálpartæki og vörur sem auðvelda fólki daglegt líf. Í versluninni eru einnig leigðir út hjólastólar og göngugrindur og veitt ráðgjöf varðandi notkun hjálpartækja.

Eirberg leggur mikið upp úr að starfsmenn fyrirtækisins njóti sín í starfi og hafi svigrúm til að ná settum markmiðum í góðum hópi. Stefna fyrirtækisins er að ráða til starfa traust, metnaðarfullt starfsfólk sem nái framúrskarandi árangri og sýnir viðskiptavinum virðingu og trúnað.

Eirberg

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • Sími 569 3100 • Fax 569 3101 • eirberg@eirberg.is • www.eirberg.is

HEILSUGÆSLAN SALAHVERFI

## Heilsugæslan í Salahverfi óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing í fullt starf.

Um er að ræða fjölbreytt starf við skólaheilsugæslu,ungbarnaeftirlit og hjúkrunarmóttöku á heilsugæslustöð.

**Staðan er laus frá 15.júlí eða eftir nánara samkomulagi**

Reynsla af heilsugæslu æskileg.

Starfskjör taka mið af kjarasamningi FÍH.
Öllum umsóknum verður svarað.

**Upplýsingar gefur:**
**Hjördís Birgisdóttir,hjúkrunarforstjóri**
Netfang: hjordis@salus.is
Sími:590-3900.

**Umsóknarfrestur er til 10.mars.n.k.**
Umsókn sendist til:Heilsugæslunnar Salavegi.
**B.t. Hjördís Birgisdóttir,**
**Hjúkrunarforstjóri.**
**Salavegi 2, 201 Kópavogi.**

## Starfsmaður í þjónustudeild

Olíudreifing ehf., óskar eftir að ráða áhugasama og vandvirka einstaklinga í eftirtalin störf í Reykjavík. Um framtíðarstörf er að ræða.

**RAFVIRKI**
Leitað er að einstaklingi með iðnmenntun í rafvirkjun.
Helstu verkefni:
Almenn rafmagnsvinna.

**PÍPARI / JÁRNSMIÐUR**
Leitað er að einstaklingi með iðnmenntun í járnsmíði eða pípulögnum.
Helstu verkefni:
Almenn járnsmíða- og lagnavinna.

**Aðstoðarmaður eða nemi**
Leitað er að aðstoðarmanni eða nema á rafmagns- og járnsmíðaverkstæði.

Öll störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Birgir Pétursson í síma 550-9957
Árni Ingimundarson í síma 550-9940

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir Olíufélagið ehf. og Olíuverzlun Íslands hf.
Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996
Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á **www.oliudreifing.is**



## Störf í Vörumiðstöð Samskipa

**Við leitum að** dugmiklum og samviskusömum starfsmönnum sem eru liprir í mannlegum samskiptum. Umsækjendur skulu vera skipulagðir, sýna frumkvæði í starfi og geta unnið sjálfstætt. Um er að ræða almenna vörumeðhöndlun, vörumóttöku og dreifingu á vörum í vöruhúsi og þjónustu við viðskiptavini í vörumóttöku.

**Vinnutími:** 8:00 – 16:00 og töluverð yfirvinna.

**Hæfniskröfur:** Tölvukunnátta og þjónustulund. Umsækjandi skal hafa fágaða framkomu, þjónustulund og vera lipur í mannlegum samskiptum. Lyftarapróf er kostur en ekki skilyrði. Umsækjandi skal hafa hreint sakavottorð.

**Áhugasamir:** Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa, **www.samskip.is.** *(veljið „Starf í Vörumiðstöð – auglýst staða“)* fyrir **18. febrúar 2005**.
Kristófer Ragnarsson veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8390.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

*Nýtt símanúmer*
**458 8000**

**SAMSKIP**

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

## Flugskóli Reykjavíkur

Flugskóli Reykjavíkur óskar eftir umsóknum í eftirtaldar stöður:

- **Yfirflugkennari**
- **Yfirkennari Bóklegra greina**
- **Flugkennari PPL**

Umsækjandi skal vera handhafi JAR FI(A) samkvæmt H-kafla og standast kröfur settar í JAR-FCL 1.330 a) og c) og með öll skírteini í gildi.

**Yfirflugkennari:**
Handhafi JAR FI(A) án takmarka
500 heildarflugtíma

**Yfirkennari Bóklegra greina:**
Handhafi JAR FI(A)
300 heildarflugtíma

**Flugkennari:**
Handhafi JAR FI(A)

**Hafsteinn Þorsteinsson**
Flugrekstrarstjóri
GSM 696-8447
E-mail hafsteinn@mail.com

## Starfsfólk óskast!

VEISLAN VEITINGAELDHÚS

Bílstjóra í 100% starf,
sér um útkeyrslu ásamt fleiru.

Umsjónarmann yfir borðbúnaðardeild Veislunnar.

Starfsmann í þrif 2 sinnum í viku.

Áhugasamir komi í Veisluna veitingaeldhús á Austurströnd 12, Seltjarnarnesi og fylla út umsóknareyðiblöð eða senda póst á arny@veislan.is

BECHTEL HRV ENGINEERING

Á vegum Alcoa byggir Bechtel International Inc. álver á Reyðarfirði. Bechtel er yfir 100 ára gamalt bandarískt verktakafyrirtæki með starfsemi um heim allan. Fjarðaál er hannað og byggt í samstarfi við HRV sem samanstendur af nokkrum fremstu fyrirtækjum á Íslandi á sviðinu, Hönnun, Rafhönnun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

**Iðnaðarmenn - Verkamenn - Tækjastjórnendur:**

## Bygging álvers á Reyðarfirði hefst í mars

Hafist hefur verið handa við ráðningar. Okkur vantar nokkra verkstjóra og eftirtalinn fjölda starfsmanna á næstu fimm mánuðum:

- 100 Járnamenn/stálsmiði
- 25 Húsasmiði
- 12 Rafvirkja
- 10 Málmsuðumenn
- 6 Vélvirkja
- 2 Múrara

**Einnig vantar:**

- 50 Verkamenn
- 45 Tækjastjórnendur
- 20 Lagermenn
- 12 Vörubílstjóra

Á byggingatímanum sem nær til ársloka 2007 verður þörf fyrir fjöldann allan af iðnaðarmönnum og aðstoðarmönnum ásamt tækjastjórnendum. Þeir sem áhuga hafa á störfum við byggingu álvers á Reyðarfirði eru vinsamlega beðnir um að leggja inn umsókn.

Á skrifstofunum eru veittar upplýsingar um störfin og annað sem að þeim lýtur. Þar er einnig hægt að nálgast umsóknareyðublöð, sem og á heimasíðunni.

**Ráðningarstofa**
Búðareyri 2
730 Reyðarfirði
Sími 470 7599

**Ráðningarstofa**
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími 470 7400

Eyðublöð og upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Bechtel, www.fjardaalproject.is

# VÖRUSTJÓRI

**Office1 leitar að hæfum einstaklingi í starf vörustjóra tölvu- og jaðarbúnaðar Office1.**

Vörustjóri sér um innkaup og birgðastýringu á tölvu- og jaðarbúnaði fyrir allar verslanir og fyrirtækjaþjónustu Office1. Hann tekur virkan þátt í gerð innkaupa- og söluáætlana; fylgir því eftir að vöruafhendingar standist; stýrir dreifingu vöru milli verslana; og tekur þátt í samningum við birgja og flutningsaðila.

**Æskileg menntun og reynsla**

- **Menntun á sviði rekstrar- eða viðskiptafræði**
- **Reynsla af innkaupum og birgðastýringu**
- **Reynsla af gerð viðskiptasamninga og samningatækni**
- **Góð tungumálakunnátta skilyrði**
- **Góð þekking á tölvum og jaðarbúnaði skilyrði**

Við leggjum áherslu á frumkvæði, skipuleg og vönduð vinnubrögð. Við leitum að einstaklingum með ríka þjónustugleði, jákvæð viðhorf og færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur til og með 21. febrúar. Nánari upplýsingar og umsóknir með ferilskrá sendist á annabirna@skifan.is

Office1 Superstore

# Góð störf í boði



Vegna aukinna verkefna eru eftirfarandi störf í boði við ræstingar og mötuneytisumsjón:

**Föst afleysingarstörf - vinnuhlutfall 80 - 100%.** Dagvinna og seinniparts vinna með föstu starfshlutfalli við afleysingar. Starf afleysingar felst m.a. í því að koma til starfa þegar forföll verða á fastráðnu starfsfólki eða vegna aukinna verkefna. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

**Dagvinna á svæði 108 - vinnuhlutfall 100%.** Starf við ræstingar og mötuneytisumsjón þar sem vinnutími er frá klukkan 7:30 - 15:30.

**Dagvinna** í verslunarmiðstöð í Kópavogi þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 -19:00 mánudaga - laugardaga og frá klukkan 10:00 -19:00 á sunnudögum. **Vinnuhlutfall er 93,75%** og unnið er í viku og frí í viku.

**Vantar fólk á skrá fyrir hlutastörf**
Viljum bæta við fólki á skrá hjá okkur sem leitar eftir hlutastarfi seinni partinn, kvöldin eða um helgar.

*Upplýsingar um störfin veitir Ólöf starfsmannastjóri, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að **Ármúla 40, 3.hæð** og á heimasíðu **www.iss.is. Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.***

ISS ÍSLAND

***Iss Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfað í yfir 23 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 600 manns á aldrinum 17 - 80 ára. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld og efni sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.***

IGS GROUND SERVICES



***Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf., IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. Félagið er eitt af dótturfélögum Flugleiða hf. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.***

*Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli - laust starf:*

# Sérfræðingur í fjármálaumsýslu

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) leitar að öflugum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf sérfræðings í fjármálaumsýslu. Helstu viðskiptavinir Flugþjónustunnar Keflavíkurflugvelli ehf. eru íslensk og erlend flugfélög. Staðan heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðskipta-, rekstrar- og/eða hagfræði
- Reynsla af bókhaldi og/eða fjármálaumsýslu skilyrði
- Reynsla af fjármálastjórnun kostur
- Frumkvæði og kraftur til þess að hrinda nýjum verkefnum í framkvæmd
- Metnaður, sjálfstæði, skipulagshæfni og samviskusemi í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Helstu verkefni.:**

- Almennt kostnaðareftirlit og eftirfylgni
- Umsjón með bókhaldi og fjármögnun félagsins
- Umsjón með fjárhagsuppgjörum í samvinnu við endurskoðanda
- Umsjón með rekstraráætlanagerð í samvinnu við deildarstjóra
- Ábyrgð og eftirlit með innheimtu
- Viðhalda góðum samskiptum við viðskiptavini og birgja
- Áhættustýring í samvinnu við áhættustýringu Flugleiða
- Samningagerð og stefnumótun í fjármálum og rekstri félagsins

**Umsóknir berist starfsmannaþjónustu IGS, Fraktmiðstöð, bygging 11, 235 Keflavíkurflugvelli, fyrir 1. mars 2005. Eða ferliskrá sendist á: svala@igs.is**

**Vistor hf.** er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á lyfjum og tengdum vörum fyrir heilbrigðismarkaðinn á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 110 og velta félagsins árið 2004 var um 4,7 milljarðar kr. Fyrirtækið leggur áherslu á opin samskipti, framsækni og góðan árangur. Vistor er eini dreifingaraðilinn á Íslandi sem hlotið hefur ISO 9001 gæðavottun.
Skráningardeild er sjálfstæð deild á lyfjasviði og ein af stoðdeildum Vistor. Deildin annast m.a. samskipti við íslensk yfirvöld fyrir hönd umbjóðenda Vistor við öflun markaðsleyfa fyrir lyf og viðhald þeirra. Starfsmenn deildarinnar eru nú ellefu.

***Bakhjarl fyrir betri líðan***

vistor

# Lyfjafræðingur í skráningardeild

## Vistor hf. óskar eftir að ráða lyfjafræðing til starfa í skráningardeild

**Áhugavert, krefjandi og ábyrgðarmikið starf hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi**

**Starfssvið er m.a.:**

- Samskipti við erlenda umbjóðendur og innlend heilbrigðisyfirvöld
- Umsóknir um markaðsleyfi fyrir lyf og viðhald þeirra og aðrir þættir er tengjast markaðsleyfum lyfja

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í lyfjafræði eða sambærileg menntun
- Góðir samskiptahæfileikar
- Metnaður til að ná árangri
- Vandvirkni og öguð vinnubrögð
- Mjög gott vald á ensku og íslensku
- Kunnátta í dönsku, norsku eða sænsku er verulegur kostur

**Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

**Vistor hf.** • Hörgatúni 2 • 210 Garðabæ • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • vistor@vistor.is • www.vistor.is



## Félagsþjónusta Héraðssvæðis

**Helsta markmið félagsþjónustunnar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa**

Eftirtaldar stöður eru lausar til umsóknar

### • Félagsmálastjóri

**Verksvið**
- Yfirumsjón félagsþjónustu
- Yfirumsjón barnaverndarmála
- Yfirumsjón öldrunarmála

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði félagsráðgjafar
- Reynsla á sviði félags-, barnaverndar- og öldrunarþjónustu
- Reynsla af rekstri félagsþjónustu
- Góð tölvukunnátta
- Góð mannleg samskipti

### • Félagsráðgjafi

**Verksvið**
- Almenn félagsleg ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð
- Barnavernd
- Eftirlit með dagforeldrum
- Forvarnarstarf

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði félagsráðgjafar
- Reynsla á sviði félags- og barnaverndarþjónustu
- Sjálfstæði í starfi
- Góð mannleg samskipti

Umsóknum skal skila ásamt ferilskrá merkt **Félagsþjónusta Héraðssvæðis atvinnuumsókn Lyngás 12 700 Egilsstaðir** eða á netfangið **eirikur@egilsstadir.is** Einnig má sækja um stöðurnar á **www.job.is** Umsóknarfrestur er til **25. febrúar nk.**

Félagsþjónusta Héraðssvæðis er samstarfsverkefni sveitarfélaga á Héraði (Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps og Borgarfjarðarhrepps). Nánari upplýsingar um auglýstar stöður veitir bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, **s. 4 700 700** eða formaður Félagsmálanefndar Héraðssvæðis, **s. 8 228 882**



## HEKLA leitar að áreiðanlegu og traustu starfsfólki

VÉLASVIÐ

- starfsmaður á hjólbarðaverkstæði

Starfið felst í almennri hjólbarðaþjónustu, aðallega við stærri tæki og bíla.

Hjólbarðaverkstæði Heklu er staðsett í Klettagörðum 8-10 og sinnir aðallega vörubílum og vinnuvélum.

Aðeins umsækjendur með reynslu af störfum á hjólbarðaverkstæði koma til greina og bílpróf er nauðsynlegt.

HEKLA er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig i sölu og þjónustu á bílum og vélum. Markmið félagsins er að vera í fararbroddi hvað varðar þjónustu til viðskiptavina og markaðssetningu þeirrar vöru sem fyrirtækið selur og þjónustar. Starfsfólk HEKLU er hvatt til að sýna frumkvæði, metnað og vilja til að ná árangri í starfi.

Vinsamlega sendið umsóknir og ferilskrá fyrir 15. febrúar 2005 til Valdísar Arnórsdóttur, starfsmannastjóra (va@hekla.is), eða í gegnum heimasíðu okkar, www.hekla.is

HEKLA Laugavegur 174, 105 Rvk. S. 590 5000 www.hekla.is · hekla@hekla.is

## Styrktarfélag vangefinna

**Hæfingarstöðin Bjarkarás**

### Þroskaþjálfi og stuðningsfulltrúi óskast til starfa.

Um er að ræða heilar stöður en hlutastörf koma til greina. Bjarkarás er staðsettur í Stjörnugróf 9 og opinn frá 8.30-16.30 virka daga. Þangað sækja um 45 einstaklingar þjónustu.

Stöðurnar eru lausar nú þegar og umsóknir þurfa að berast sem fyrst á Bjarkarás eða skrifstofu félagsins Skipholti 50c.

**Starfsmaður í eldhús óskast á sama stað.**

Um er að ræða 100% starf í afleysingu.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Garðarsdóttir og Valgerður Unnarsdóttir í síma 568-5330.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

## Strúctor

byggingarþjónusta

### Múrarar - Flísamenn

Óskum eftir faglærðum múrurum til liðs við framsækið fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefni felast bæði í múrverki og flísalögnum.

Næg vinna framundan.

Þorsteinn H. Ingibergsson
Múrarameistari s. 893-6994

## Sumarstörf hjá Reykjavíkurborg




VINNUMIÐLUN UNGS FÓLKS

- > Umsóknartími: 15. febrúar – 30. apríl
- > Umsóknartími er breytilegur eftir störfum
- > Fyrir fólk fætt '88 og fyrr (17 ára og eldra)
- > Aldurstakmark er breytilegt eftir störfum
- > Lögheimili í Reykjavík

- > Skráning og upplýsingar á www.vuf.is

**Árbæjarsafn • Borgarbókasafn • Félagsþjónustan • Garðyrkjudeild Gatnamálastofa • Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur Leikskólar Reykjavíkur • Reykjavíkurhöfn • Skapandi sumarhópar**

PÓSTHÚSSTRÆTI 3 - 5 • SÍMI 520 4600 • WWW.VUF.IS

## Skapandi sumarstörf

**Ertu á aldrinum 17 - 25 ára og hefur áhuga á menningu og listum?**

Hitt Húsið auglýsir eftir umsóknum í Skapandi sumarstörf á vegum Reykjavíkurborgar. Hópum eða einstaklingum býðst tækifæri á að starfa í 6 - 8 vikur á tímabilinu 1. júní - 26. júlí við framkvæmd hugmynda sinna.

**Skila þarf inn umsókn þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar:**

- Greinargóð lýsing á verkefninu, umfangi þess og markmiðum.
- Tíma- og verkáætlun verkefnisins.
- Fjárhagsáætlun.
- Upplýsingar um aðstandendur verkefnisins.
- Auk þess skal sækja um verkefnið hjá **Vinnumiðlun ungs fólks www.vuf.is** og útprentuð staðfesting frá þeim verður að fylgja umsókninni.

**Umsóknarfrestur er til 31. mars. Umsóknum skal skilað í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3 - 5, 101 Reykjavík, merktum „Skapandi sumarstörf“**

Lumar þú á góðri hugmynd ?



Athugið að eingöngu er um laun til einstaklinga að ræða en ekki önnur fjármögnun á verkefninu

HITT HÚSIÐ

**Upplýsingar í síma 520 4602**

## VERKTAKAR MAGNI

**VERKTAKAR MAGNI EHF**
óska eftir vönum vélamönnum og verkamönnum.

Nánari upplýsingar hjá Sölva
sími: 660-6100

Félagsþjónustan í Reykjavík

## VILT ÞÚ VINNA HEIMA?

### fjölbreytt starf með börnum.

Félagsþjónustan í Reykjavík óskar eftir fjölskyldu í Reykjavík sem er tilbúin til að taka að sér börn í tímabundna vistun. Fjölskyldan þarf að geta tekið á móti allt að þremur börnum á aldrinum 0 - 18 ára. Um er að ræða börn sem tímabundið geta ekki búið hjá foreldrum sínum og miðar vistunin að því að þau njóti traustra uppeldisskilyrða og öruggs heimilislífs.

**Við leitum að:**

- Fjölskyldu sem hefyr reynslu af starfi með börnum.
- Fjölskyldu sem getur mætt þörfum ólíkra barna.
- Fjölskyldu þar sem a.m.k. annar aðilinn vinnur heima.

Við bjóðum:

- Faglegan stuðning við fjölskylduna.
- Aðgang að fræðslustarfi Félagsþjónustunnar.

Greitt verður samkvæmt verktakassamningi.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigrún Óskarsdóttir, forstöðumaður Vistheimilis barna Laugarásvegi 39 í síma **581-1024.**

Umsóknir berist Félagsþjónustunni Síðumúla 39 merktar:

**„Viltu vinna heima“.**

## Störf í grunnskólum Reykjavíkur

**Álftamýrarskóli, sími 570 8100**

Skólaliði.

**Ingunnarskóli, sími 585 0400**

Stuðningsfulltrúi.

Tónmenntakennsla.

**Laugarnesskóli, sími 588 9500**

Skólaliði.

**Upplýsingar veita skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.**

**www.grunnskolar.is**

Reykjavíkurborg

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 535 5000, fmr@reykjavik.is



**DHL er leiðandi fyrirtæki á alþjóðlegum flutningamarkaði. Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á sveigjanlegar heildarlausnir sem byggja á sérfræðiþekkingu á sviði hraðsendinga, landflutninga og sjó- og flugfragtar. Þjónustunet DHL nær til meira en 220 landa og yfir 170.000 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu um heim allan. Góður starfsandi einkennir vinnustaðinn sem býður upp á alþjóðlegt og krefjandi starfsumhverfi.**

### Þjónustufulltrúi óskast

**Starfslýsing:**

- Þjónusta og upplýsingargjöf til viðskiptavina
- Aðstoð við sölumenn

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Góð þjónustulund
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til 18 febrúar næstkomandi, og umsóknir berist til Hauks Óskarssonar, Sundabakka 2, 104 Reykjavík.**

VIÐ FÆRUM ÞÉR HEIMINN DHL

BECHTEL

HRV ENGINEERING

Á vegum Alcoa byggir Bechtel International Inc. álver á Reyðarfirði. Bechtel er yfir 100 ára gamalt bandarískt verktakafyrirtæki með starfsemi um heim allan. Fjarðaál er hannað og byggt í samstarfi við HRV sem samanstendur af nokkrum fremstu fyrirtækjum á Íslandi á sviðinu, Hönnun, Rafhönnun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

## Bechtel leitar að hæfum umsækjendum um eftirfarandi stöður:

**SÉRFRÆÐINGUR Í ÖRYGGISMÁLUM** – Umsækjendur þurfa að hafa viðamikla þekkingu af íslenskum öryggisreglum og að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu við öryggisráðgjöf eða -stjórnun í fullu starfi. Reynsla af byggingarframkvæmdum er æskileg og réttindi til sjúkraflutninga eða sem bráðaliði eru kostur. Æskilegt er að umsækjandi hafi vald á pólsku.

**TÖLVUSÉRFRÆÐINGUR** – Umsækjendur þurfa að vera færir um að aðstoða tölvunotendur á vinnustað, setja upp, halda við og finna bilanir í einkatölvum sem vinna á Windows 2000/XP netumhverfi, leysa úr vandamálum með vélbúnað og hugbúnað, aðstoða við umsjón netþjóns, stjórna notendaaðgengi og setja upp og stjórna símkerfum í PABX-umhverfi. Umsækjendur þurfa að hafa góða skipulagshæfileika og mikla og góða þjónustulund til að bera, vera framsæknir og hafa áhuga á starfi sínu. Æskilegt er að umsækjendur séu með „Microsoft Certified“ vottun.

**UMSJÓN MEÐ FRAMMISTÖÐUMATI STARFSMANNA** – Umsækjendur þurfa að búa yfir reynslu á sviði frammistöðustjórnunar og þróun og kynningu á starfsþjálfun. Þeir þurfa að hafa þekkingu á áætlunum um verðlaun til viðurkenningar og hvatningar í starfi og kynningaráætlunum auk reynslu af vinnu að áætlunum um stöðugar úrbætur og útgáfu efnis innan fyrirtækis. Meðal annars eru gerðar kröfur um skipulagshæfileika, mikla færni í samskiptum í bæði mæltu máli og skriflegu og getu til að vinna með fólki á öllum stigum innan fyrirtækisins með áherslu á iðnmenntaða starfsmenn. Æskilegt er að umsækjandi hafi vald á pólsku.

**VERKSTJÓRI** – Eftirlit með starfsfólki sem vinnur alhliða byggingarstörf, til dæmis við steypuframkvæmdir. Krafist er að lágmarki fimm ára reynslu af byggingarframkvæmdum.

**Ferilskrá og beiðnir um frekari upplýsingar sendist til Roxane Baldwin á netfangið *rhbaldwi@bechtel.com***



## Kennsluréttinda- og viðbótarnám

### Kennsluréttindanám – staðnám

Athygli er vakin á því að háskólaárið 2005-2006 verður kennsluréttindanám einungis í boði sem staðnám. Námið er 30 námseiningar sem dreifast á tvö skólaár. Unnt er að sækja um brautskráningu eftir 15 eininga nám (eitt ár) ef umsækjendur telja sig fullnægja skilyrðum 12. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

**Inntökuskilyrði:**

1. Umsækjendur með fagnám í verkgreinum þurfa að hafa a.m.k. meistarabréf í iðngrein, iðnfræðingsnám, tæknifræðingsnám eða annað jafngilt nám.
2. Umsækjendur með grunnnám í listgreinum þurfa að hafa lokið fullgildu lokaprófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands, B.A. eða B.Mus.-gráðu frá Listaháskóla Íslands, eða öðru janfgildu námi frá viðurkenndum háskóla.
3. Umsækjendur með grunnnám í bóklegum greinum þurfa að hafa lokið B.A.- eða B.S.-gráðu eða hærri prófgráðu frá viðurkenndum háskóla.

### Viðbótarnám fyrir kennara og þroskaþjálfa - staðnám / fjarnám

Þeir sem brautskráðir eru frá Kennaraháskólanum (eða forverum hans) eða hafa sambærilega menntun geta sótt um að bæta við sig námi í grunndeild. Viðbótarnám hentar t.d. vel kennurum og þroskaþjálfum í námsleyfi sem og þeim sem áhuga hafa á að vera í námi meðfram starfi.

Upplýsingar, leiðbeiningar og umsóknareyðublöð eru á vef skólans **www.khi.is.**
Gert er ráð fyrir að sótt sé um námið með rafrænum hætti og viðbótargögn send í pósti. Eyðublöðin má einnig nálgast í afgreiðslu Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð. Afgreiðslan er opin kl. 8:15-16:00. Nánari upplýsingar veita námsráðgjafar skólans Anna Sigurðardóttir í síma: 563 3912 kl. 13.00–14.00 og Gígja Árnadóttir í síma 563 4883 kl. 11.00–12.00. Þá má senda tölvupóst á netfangið (namsrad@khi.is)

Skrásetningargjald fyrir háskólaárið 2005-2006 er kr. 45.000.

**Umsóknarfrestur er til 7. mars 2005.**

Bent skal á að fjárveitingar takmarka hve mörgum nemendum er unnt að veita skólavist.

KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Stakkahlíð · 105 Reykjavík
Sími: 563 3800 · Fax: 563 3833

365

Óskum eftir öflugum sölumönnum í úthringiverkefni 2 - 4 kvöld í viku.
Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónus.

# Vantar þig aukavinnu?

Nánari upplýsingar veitir Hrannar Arnarsson í síma 696 9043.
Umsóknir með ferilskrá sendist á hrannar.arnarsson@365.is

digital ísland DV

## Ræstingastjóri – Ræstir ehf

**Starfið felur í sér stjórnun, þjálfun og kennslu starfsmanna ásamt umsjón með verkgæðum og skipulagningu verkefna. Starfinu fylgja mikil samskipti við viðskiptavini og starfsfólk, samskiptahæfni er því mikilvægur eiginleiki.**

Við leitum að þjónustuliprum, duglegum og metnaðarfullum einstaklingi sem sýnir ákveðni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Að jafnaði er um dagvinnu að ræða frá kl.8, virka daga, en viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að taka að sér tilfallandi vinnu á kvöldin og um helgar. Starfinu fylgir bíll og sími til umráða.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað fyrir 17. febrúar n.k. á skrifstofu Ræstis ehf, Faxafeni 10, 108 Reykjavík eða á netfangið rosa@raestir.is.

## grafískur hönnuður 50% starf

**Verkfræðistofan Línuhönnun hf óskar eftir að ráða grafískan hönnuð til að vinna hálfan daginn við ýmiss konar útlitshönnun og kynningamál.**

Starfið felst meðal annars í útlitshönnun og uppsetningu kynningarefnis, myndatöku, myndvinnslu, prentun ljósmynda og skýrslugerð svo fátt eitt sé nefnt. Ekki er verra ef umsækjandi hefur vald á vefsíðuhönnun.

Við erum framsækin verkfræðistofa sem leggur metnað í vönduð vinnubrögð og léttan og skemmtilegan starfsanda. Hjá fyrirtækinu starfa um 100 manns. Hér er mjög öflugt félags- og menningarstarf og margskonar íþróttahópar. Svo erum við ISO9001 vottuð.

**Umsækjendum er bent á að sækja um gegnum heimasíðu okkar: www.lh.is *(valhnappur: störf í boði/almenn umsókn)***
**Frekari upplýsingar gefur starfsmannastjóri Línuhönnunar, Ásta Björk í síma 585 1505.**

Suðurlandsbraut 4A
108 Reykjavík
sími: 585 1500
fax: 585 1501
www.lh.is / lh@lh.is

Línuhönnun
verkfræðistofa

## Starfsmaður í þjónustudeild

Olíudreifing ehf., óskar eftir að ráða áhugasama og vandvirka einstaklinga í eftirtalin störf í Reykjavík. Um framtíðarstörf er að ræða.

**RAFVIRKI**
Leitað er að einstaklingi með iðnmenntun í rafvirkjun.
Helstu verkefni:
Almenn rafmagnsvinna.

**PÍPARI / JÁRNSMIÐUR**
Leitað er að einstaklingi með iðnmenntun í járnsmíði eða pípulögnum.
Helstu verkefni:
Almenn járnsmíða- og lagnavinna.

**Aðstoðarmaður eða nemi**
Leitað er að aðstoðarmanni eða nema á rafmagns- og járnsmíðaverkstæði.

Öll störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Birgir Pétursson í síma 550-9957
Árni Ingimundarson í síma 550-9940

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir Olíufélagið ehf. og Olíuverzlun Íslands hf.
Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996
Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á **www.oliudreifing.is**

## LÖGGILTUR FASTEIGNASALI EÐA LÖGFRÆÐINGUR

**Traust og rótgróin fasteignasala í Reykjavík óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða lögfræðing.**

Til greina kemur að ráða lögfræðinema á síðasta ári. Starfið felst aðalega í skjalagerð og því sem henni tilheyrir.

Mjög góð vinnuaðstað er í boði. Öllum umsóknum verður svarað og farið með sem trúnaðarmál.

Umsækjendur sendi umsóknir sínar á box@frett.is merkt „Traust fasteignasala“ fyrir 17. febrúar nk.

## Flugskóli Reykjavíkur

Flugskóli Reykjavíkur óskar eftir umsóknum í eftirtaldar stöður:
- **Yfirflugkennari**
- **Yfirkennari Bóklegra greina**
- **Flugkennari PPL**

Umsækjandi skal vera handhafi JAR FI(A) samkvæmt H-kafla og standast kröfur settar í JAR-FCL 1.330 a) og c) og með öll skírteini í gildi.

**Yfirflugkennari:**
Handhafi JAR FI(A) án takmarka
500 heildarflugtíma

**Yfirkennari Bóklegra greina:**
Handhafi JAR FI(A)
300 heildarflugtíma

**Flugkennari:**
Handhafi JAR FI(A)

**Hafsteinn Þorsteinsson**
Flugrekstrarstjóri
GSM 696-8447
E-mail hafsteinn@mail.com

## Grafískur hönnuður óskast

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða grafískan hönnuð í fast starf hjá markaðsdeild Húsasmiðjunnar.
Um er að ræða hönnun og uppsetningu á bæklingum, auglýsingum, blöðum og öðru efni.

**Hæfniskröfur:**
Viðkomandi þarf að hafa reynslu af eftirfarandi forritum:
- Photoshop
- Freehand
- Indesign
- Illustrator

Vera vanur myndvinnslu og litgreiningu fyrir alla almenna prentmiðla. Búa yfir heiðarleika, samviskusemi og nákvæmni.

Umsóknir berist fyrir 18. febrúar til markaðsdeildar Húsasmiðjunnar, Holtgörðum, 104 Reykjavík eða á netfangið jonvidar@husa.is

*Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingavara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru átján talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 80 þúsund vörutegundir.*

*Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi. Í því skyni rekum við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtanahald, rekstur sumarhúsa og eflingu heilsuræktar starfsmanna.*

Velkomin í hópinn!



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

NEXUS

Verslunin Nexus, Hverfisgötu 103 óskar eftir starfskrafti í eftirfarandi stöðu:

## Afgreiðsla í spiladeild – Fullt starf

Starfið felur í sér almenn afgreiðslustörf frá kl.12:00 til 19:30, mánudaga til föstudags, aðstoð við pantanir, auk tilfallandi yfirvinnu.
Um framtíðarstarf er að ræða með möguleikum á stöðuhækkunum.

Viðkomandi þarf að vera 18 ára eða eldri og hafa brennandi áhuga á sem flestum af þeim spilum sem seld eru í Nexus. Helstu spilaflokkar eru Warhammer, safnkortaspil, hlutverkaspil og borðspil. Þekking á öðrum vörum sem seldar eru í Nexus er æskileg (myndasögur, sci-fi/fantasy bækur, anime-teiknimyndir, leikföng).

**Eftirsóknarverðir eiginleikar eru:**
Þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum við fólk á öllum aldri, stundvísi, áreiðanleiki, ábyrgðartilfinning, heiðarleiki, snyrtimennska og reykleysi.

Helst skal skila umsóknum á tölvutæku formi (með mynd) á póstfangið nexus@heimsnet.is, annars skal senda þær í pósthólf 5085, 125 Reykjavík.

Ekki er tekið við umsóknum í versluninni.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. Mars.**

Magic The Gathering · Warhammer · Yu-Gi-Oh! · Dungeons & Dragons



GötuSmiðjan
Til staðar fyrir fólk

## Sálfræðingur / Ráðgjafi

**óskast á meðferðaheimili Götusmiðjunnar.**

Götusmiðjan Akurhóli við Hellu, sem er meðferðaheimili fyrir unga vímuefnaneytendur, óskar að ráða nú þegar sálfræðing/ráðgjafa, til starfa. Um er að ræða gefandi og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi, húsnæði getur fylgt.

Upplýsingar gefur Elísabet í síma 566-6100.
Umskóknir með ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur sendist á, *elisabet@gotusmidjan.is* fyrir 21. feb. 2005.



NORÐLENSKA

## Húsavík
# ATVINNA!!!

**Ertu vanur / vön að vinna með hníf ?**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk á skurðarlínu.**
**Einnig eru laus almenn störf í kjötvinnslu.**
**Um framtíðarstörf getur verið að ræða.**

Atvinnuumsóknir er að finna á heimasíðu Norðlenska, www.nordlenska.is og á skrifstofu Norðlenska á Húsavík.

Upplýsingar gefa Simmi í síma 840-8888 frá kl. 08:00-16:00 Inga Stína í síma 840-8899 frá kl. 08:00-13:00



SELJASKÓLI

## Óskum eftir að ráða skólaliða.

Þarf að geta byrjað strax.
Upplýsingar gefur Þórður Kristjánsson skólastjóri í síma 557 7411 og 6648330.






# Framhaldsnám haustið 2005

Kennaraháskóli Íslands býður framhaldsnám í uppeldis- og menntunarfræðum sem unnt er að ljúka með þrennum hætti: með diplómu (Dipl.Ed.), meistaragráðu (M.Ed.) eða doktorsgráðu (Ph.D.).

## Inntökuskilyrði

Rétt til að sækja um nám eiga þeir sem lokið hafa fullgildu starfsmenntanámi á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar. Gilt er talið nám frá Fósturskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands og öðrum skólum sem veita sambærilega menntun.

## Námsbrautir

**Framhaldsnám sem lýkur með Dipl.Ed.-gráðu**
Haustið 2005 verður boðið nám sem leiðir til Dipl.Ed.-gráðu á eftirtöldum námsbrautum ef næg þátttaka fæst. Ýmist er um að ræða 15 eða 30 eininga fjarnám.

1. **Fjölmenning** (15 eða 30 einingar, eitt eða tvö ár)
2. **Fullorðinsfræðsla** (15 eða 30 einingar, eitt eða tvö ár)
3. **Kennslufræði og skólastarf** (15 eða 30 einingar, eitt eða tvö ár)
4. **Nám og kennsla ungra barna** (30 einingar, tvö ár)
5. **Náttúrufræðimenntun** (15 eða 30 einingar, eitt eða tvö ár)
6. **Sérkennslufræði** (30 einingar, tvö ár)
7. **Stjórnun menntastofnana** (30 einingar, tvö ár)
8. **Stærðfræðimenntun** (30 einingar, tvö ár)
9. **Tölvu- og upplýsingatækni** (15 eða 30 einingar, eitt eða tvö ár)
10. **Uppeldis- og menntunarfræði** (15 eða 30 einingar, eitt eða tvö ár)
    Nemendur sem innritast á þessa braut velja námskeið af ýmsum námsbrautum eftir áhuga eða stunda sjálfsnám undir leiðsögn.
11. **Þroskaþjálfa- og fötlunarfræði** (15 eða 30 einingar, tvö til þrjú ár)

**Rannsóknartengt framhaldsnám sem lýkur með M.Ed.- eða Ph.D.-gráðu**
Haustið 2005 er rannsóknartengt framhaldsnám í boði sem hér greinir:

1. **Meistaranám** (M.Ed. 60 einingar, þ.e. 30 eininga rannsóknartengt framhaldsnám að loknu 30 eininga námi á Dipl.Ed.-stigi eða sambærilegu heildstæðu námi)
2. **Doktorsnám** (Ph.D. 90 einingar)
   Umsækjendur skulu hafa lokið meistaranámi. Gert er ráð fyrir að bjóða 1–2 umsækjendum að hefja nám en inntaka er meðal annars háð möguleikum skólans á að veita faglega leiðsögn á sérsviði nemans.

## Leiðbeiningar og upplýsingar

Leiðbeiningar til umsækjenda, umsóknareyðublöð og inntökureglur fást á skrifstofu Kennaraháskóla Íslands og á heimasíðu skólans, sjá vefslóðina: **http://framhaldsdeild.khi.is**

Nánari upplýsingar veita Heiðrún Kristjánsdóttir verkefnisstjóri framhaldsdeildar (sími 563 3955, netfang: framhald@khi.is) og námsráðgjafar skólans þær Anna Sigurðardóttir (sími 563 3912, kl. 13.00–14.00) og Gígja Árnadóttir (sími 563 4883, kl. 11.00–12.00). Þá má senda tölvupóst á netfangið namsrad@khi.is.

## Kynningarfundur 1. mars 2005

Fyrirhugað er að kynna nám við framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands **1. mars kl. 16.00** í nýbyggingu skólans, Hamri við Stakkahlíð.

## Umsóknarfrestur er til 16. mars 2005

Bent skal á að fjárveitingar takmarka hve mörgum nemendum er unnt að veita skólavist.

KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Stakkahlíð · 105 Reykjavík
Sími: 563 3800 · Fax: 563 3833



PÓSTURINN
allur pakkinn

## Íslandspóstur leitar að dugmiklum starfsmanni

Íslandspóstur hf. óskar eftir að ráða hraustan starfsmann í bréfadeild póstmiðstöðvar. Starfið felst m.a. í því að meðhöndla og flytja sendingar á flutningabíla ásamt öðrum tilfallandi störfum. Um er að ræða vaktavinnu.

Umsóknum er hægt að skila í póstmiðstöð, merkt:
Íslandspóstur, Póstmiðstöð / bréfadeild, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík

Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu Póstsins á www.postur.is

# BÓKAMARKAÐUR 2005



Árlegur Bókamarkaður Félags íslenskra bókútgefenda verður í Perlunni **3. til 13. mars** næstkomandi. Útgefendum sem vilja bjóða bækur sínar á markaðinum er bent á að hafa samband við Félag íslenskra bókaútgefenda sem fyrst í síma **511-8020** eða á netfangið **baekur@mmedia.is** Aðeins verður tekið við bókum sem komu út 2003 eða fyrr.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

# HAPPDRÆTTI BÓKATÍÐINDA 2004

**Eftirtalin númer voru dregin út 1. – 24. desember 2004**

| | | |
|---|---|---|
| 2479 | 5300 | 14280 |
| 23131 | 26804 | 27378 |
| 31104 | 33400 | 33444 |
| 33790 | 35261 | 37268 |
| 58964 | 61167 | 63731 |
| 66311 | 74076 | 77612 |
| 82407 | 87767 | 90457 |
| 92627 | 94147 | 101165 |

**Vitja ber vinninga fyrir 1. júlí 2005**

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

Sími 511-8020

Birt með fyrirvara um prentvillur

## Vellir 4. áfangi

# Lóðaúthlutun

**Hafnarfjarðarbær auglýsir lausar til umsóknar lóðir á Völlum 4. áfanga um er að ræða 60 lóðir fyrir einbýlis- og raðhús.**

Vellir 4. áfangi er um 7,9 ha að stærð. Svæðið sem er nýbyggingarsvæði sunnan við 2. áfanga Valla afmarkast til norðurs af 2. áfanga Valla, til austurs af Grísanesinu, til suðurs og vesturs af óbyggðu svæði. Á svæðinu verða einbýlis- og raðhús, alls 60 íbúðir.

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

- **46 einbýlishúsalóðir við Fléttuvelli - úthlutað til einstaklinga.**
- **2 einbýlishúsalóðir við Fjóluvelli 1-3 - úthlutað til lögaðila.**
- **3 einbýlishúsalóðir við Fjóluvelli 5 - 9 - úthlutað til lögaðila.**
- **2 einbýlishúsalóðir við Fjóluvelli 11-13 - úthlutað til lögaðila.**
- **4 raðhúsalóðir við Fjóluvelli 2-8 - úthlutað til lögaðila**
- **3 raðhúsalóðir við Fjóluvelli 10-14 - úthlutað til lögaðila.**

Gatnagerðargjald pr. $m^2$ í lóð er kr. 6.166 (byggingarvísitala 313,3). Einnig er vísað til gjaldskrár um þjónustugjöld skipulags- og byggingarfulltrúa.

Áætlað er að lóðirnar verði byggingahæfar í júní mánuði. Lóðum við Fjóluvelli er eingöngu úthlutað til lögaðila (fyrirtækja) og lóðum við Fléttuvelli eingöngu til einstaklinga.

**Umsóknarfrestur er til 28. febrúar 2005.**

Skipulagsuppdrætti, skipulagsskilmála, gjaldskrár og umsóknareyðublöð eru hægt að nálgast á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar **www.hafnarfjordur.is** gögn liggja frammi til kynningar í Þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og þar fást þau einnig afhent á geisladiski.

**Umsóknum skal skilað í síðasta lagi mánudaginn 28. febrúar 2005 í Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6. Opið alla virka daga kl. 8 – 17.**

Umsóknum lögaðila þarf að fylgja staðfesting lánastofnunar á greiðsluhæfni umsækjanda ásamt bráðabirgða uppgjöri fyrir árið 2004, sé um lögaðila að ræða.




Í Hafnarfirði búa um 22 þúsund manns. Bærinn stendur í fallegu umhverfi hrauns og kletta. Hafnarfjörður hefur þá bæjarsál sem einkennir búsetu við sjó og státar um leið af hagkvæmni stærðarinnar og staðsetningar í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Það er gott að búa og starfa í Hafnarfirði.

# Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun fyrir breytingu á 220 kV háspennulínu Reykjanes - Rauðamelur.

Áætlaðar eru framkvæmdir við lagningu 220 kV háspennulínu Reykjanes - Rauðamelur.

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað breytingu á framkvæmdinni frá Reykjanesvirkjun að norðaustur enda Sýrfells matsskylda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Vinna við undirbúning mats á umhverfisáhrifum er hafin hjá verkfræðistofunni Línuhönnun og eru drög að tillögu að matsáætlun nú til kynningar á vef Línuhönnunar **www.lh.is** sem og á vef framkvæmdaraðila verksins Hitaveitu Suðurnesja **www.hs.is.**

Hægt er að koma ábendingum og athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun til verkfræðistofunnar Línuhönnunar í netfang *helga@lh.is* fyrir 21. febrúar 2005.

HITAVEITA SUÐURNESJA HF

Línuhönnun verkfræðistofa



# ÚTBOÐ

Óskað er eftir tilboðum í uppgröft, fyllingu, malbikun, breytingu á kantsteini og girðingu, vegna breytinga á endurvinnslustöð SORPU við Blíðubakka, Mosfellsbæ.

**Helstu magntölur:**

Uppgröftur 500 $m^3$
Fylling undir malbik 320 $m^3$
Malbikað svæði 400 $m^2$
Kantsteinn 46 m
Girðing 46 m

Útboðsgögn seld á 5.000 kr. í afgreiðslu vigtar við móttökustöð SORPU Gufunesi.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 520 2200.

Tilboðum skal skila á skrifstofu SORPU, Gufunesi fyrir kl. 14.00 mánudaginn 28. febrúar 2005.

SORPA sorpa.is

VINNUEFTIRLITIÐ

## RÉTTINDANÁMSKEIÐ FYRIR BÍLSTJÓRA UM FLUTNING Á HÆTTULEGUM FARMI

Fyrirhugað er að halda eftirfarandi námskeið ef næg þátttaka fæst, fyrir stjórnendur ökutækja sem vilja öðlast réttindi (ADR-skírteini) til að flytja tiltekinn hættulegan farm á vegum á Íslandi og innan Evrópska efnahagssvæðisins:

**Reykjavík:**

| | |
|---|---|
| **• Flutningur á stykkjavöru (fyrir utan sprengifim efni og geislavirk efni):** | **21. – 23. febrúar 2005.** |
| **• Flutningur í/á tönkum:** | **28. feb -1. mars 2005.** |
| **• Flutningur á sprengifimum farmi (sprengiefnum):** | **2. mars 2005.** |

Skilyrði fyrir þátttöku á námskeiðum fyrir flutning í tönkum og flutning á sprengifimum farmi er að viðkomandi hafi setið grunnnámskeið (stykkjavöruflutningar) og staðist próf í lok þess.

**Þeir sem ætla á eitt eða fleiri af fyrrgreindum námskeiðum verða að vera búnir að ganga frá skráningu og greiðslu fyrir kl. 16:00 þann 17. febrúar.**

Næstu námskeið eru fyrirhuguð í apríl og maí/júní. Skráning og nánari upplýsingar hjá umdæmisskrifstofu Vinnueftirlitsins, Reykjavík, Bíldshöfða 16, sími: 550 4600.

VINNUEFTIRLITIÐ

# Námskeið um notkun sprengiefna

Dagana 28. febrúar – 4. mars 2005 verður haldið námskeið í Reykjavík um meðferð sprengiefna ef næg þátttaka fæst.

Námskeiðið er ætlað þeim sem öðlast vilja réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu samkvæmt reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni.
Skráning og nánari upplýsingar hjá Vinnueftirlitinu, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600. Námskeiðsgjald er kr. 49.800:- sem greiða skal við skráningu í síðasta lagi **miðvikudaginn 23. febrúar 2005.**
Athugið að fjöldi þátttakanda er takmarkaður.

69%

# Flestir velja Fréttablaðið!

**Fréttablaðið er sá miðill sem flestir Íslendingar velja sem sinn á hverjum degi***
**Vertu séður, auglýstu þar sem viðskiptavinur þinn er.**

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

* GALLUP NÓV. 2004

# fasteignir o.fl.

- **Á MÁNUDÖGUM**
- **Smáauglýsingasíminn er 550 5000**
- **auglysingar@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ

# Í fríið með AVIS og þú ferð lengra!



## Persónuleg þjónusta alla leið er okkar aðalsmerki!

Ætlir þú að aka um á leigubíl erlendis skaltu huga vel að þjónustu bílaleigunnar sem þú skiptir við og hvaða ökutæki þú velur, það getur skipt sköpum um hvort ferðalagið verður ánægjulegt eða ekki. Það léttir á ökumanni og eykur þægindi hans og farþega að aka um á nýjum og öruggum bíl, með öllum nútímaþægindum og vitandi að öll þjónusta er til staðar bjáti eitthvað á. Avis, sem er í 170 löndum og á 5000 stöðum í heiminum, býður eingöngu nýja og nýlega bíla til útleigu og þjónustunet Avis er viðskiptavininum innanhandar alla leið.

Á nýju spennandi ferðaári rennum við út rauða dreglinum fyrir þig, með hagstæðu verði á bílum út um allan heim og aðstoðum þig við val á bíl í því landi sem hugurinn stefnir til.

Bókaðu bílinn tímanlega – það er hagkvæmara!

**Kveðja, starfsfólk Avis.**

**AVIS**

*Við gerum betur*

***Sími 591 4000 • www.avis.is***

# Í fríið m

# á kjörum sem þú hefur ekki s

### Þýskaland



E

**Mercedes Benz C180** eða sambærilegur.

Verð frá: **3.500** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

### Ítalía



G

**Ford Mondeo station** eða sambærilegur.

Verð frá: **4.200** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

### Frakkland




C

**Ford Focus** eða sambærilegur.

Verð frá: **3.000** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

### Spánn



C

**Renault Megan** eða sambærilegur.

Verð frá: **2.300** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

### Holland



C

**VW Golf** eða sambærilegur.

Verð frá: **2.300** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

### Sviss




C

**Opel Astra** eða sambærilegur.

Verð frá: **3.800** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

**Innifalið:** Ótakmarkaður akstur, skattur, kaskótrygging, þjófatrygging og afgreiðslugjald á flugvöllum • Vinsamlegast hafi

## Ofangreind tilboð þurfa að bók

**Nýtt!** Við hvert leigutímabil erlendis eignast þ

# Tryggingar á ferðalagi erlendis

Það er alltaf gaman að ferðast til útlanda, enginn gleymir skíðunum þegar farið er í skíðaferðalag eða sólarolíunni í sólarlandaferð en oft vill gleymast hve mikilvægt er að tryggingaverndin sé í góðu lagi þegar haldið er í ferðalag til útlanda.

Mikilvægt er að vita af farangri sínum vel tryggðum í ferðalagi enda er alltaf að verða algengara að farangur týnist í flutningi eða brotist sé inn í hótelherbergi erlendis. Venjulegar farangurstryggingar taka á svona tjónum.

Þó mikilvægt sé að tryggja farangur og eignir á ferðalagi erlendis er enn mikilvægara að tryggja sjálfan sig fyrir slysum og veikindum. Sjúkrakostnaður erlendis getur hlaupið á háum fjárhæðum og því gott að vita að sjúkrakostnaður erlendis er greiddur án eigin áhættu úr góðri ferðasjúkrakostnaðartryggingu eins og þeirri sem er í F plús tryggingunni. Í öðrum tryggingum eru yfirleitt einhverjar eigin áhættur.

Á Íslandi eru ökumenn bifreiða tryggðir með lögboðnum tryggingum en sú þarf ekki að vera raunin í öllum löndum. Frítímaslysatrygging í F plús kemur í stað slíkra tygginga þegar ekki fást bætur úr öðrum tryggingum erlendis.

## Áður en haldið er af stað

Það er margt sem ber að athuga áður en haldið er í ferðalag. Vitað er að mannlausar íbúðir geta laðað að sér innbrotsþjófa og því er sjálfsagt að búa svo um hnútana að ekki beri jafnmikið á því að enginn sé heima.

Í Öryggisverslun VÍS, netverslun VÍS og Öryggismiðstöð Íslands, má fá tímarofa sem kveikir og slekkur ljós í þeim tilgangi að fæla burt innbrotsþjófa. Slíkur rofi kostar 1.210 krónur eða aðeins 985 fyrir viðskiptavini VÍS.

Í Öryggisverslun VÍS er einnig hægt að panta beintengt öryggiskerfi sem veitir aukna vernd og hugarró. Kerfið er vaktað af Öryggismiðstöð Íslands allan sólarhringinn. Beintengt öryggiskerfi veitir líka afslátt af fjölskyldutryggingum VÍS.

Ágætt er líka að fá nágranna til að tæma póstkassa og póstlúgur og sjálfsagt er að biðja dreifingardeildir dagblaðanna að hætta dreifingu blaðanna á meðan á ferðalaginu stendur.

VÍS

# eð AVIS

## éð áður - ekkert bókunargjald

### Danmörk




P

**Opel Astra Station** eða sambærilegur.

Verð frá: **3.700** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

### Portúgal



C

**VW Polo** eða sambærilegur.

Verð frá: **2.700** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

### Kanarý




B

**Renault Megane** eða sambærilegur.

Verð frá: **2.300** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

### Bretland



E

**Ford Focus** eða sambærilegur.

Verð frá: **2.900** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

### Flórída



D

**Chevrole Monte Carlo** eða sambærilegur.

Verð frá: **2.900** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

### Finnland



C

**Mitshubishi Carisma** eða sambærilegur.

Verð frá: **4.900** isl. kr. á dag.

Verð m. v. 7 daga lágmarksleigutíma.

samband við söludeild okkur varðandi tilboð á stærri eða minni bílum í þessum löndum eða öðrum löndum í heiminum.

GEYMIÐ BLAÐIÐ!

## ast og greiðast fyrir 10. mars.

## í einn fríann leigudag innanlands *(m.v. þriggja daga leigu)*



**Eftir margra ára reynslu í útleigu bíla, bæði innanlands og erlendis, viljum við koma nokkrum mikilvægum atriðum á framfæri sem vert er að hafa í huga, eins og t.d. að:**

- bílaleigufyrirtækið hafi öflugt þjónustunet
- réttur bíll sé valinn, með tilliti til farþegafjölda og farangurs
- velja rúmgóðan og þægilegan bíl sé langt ferðalag fyrir höndum
- fara fram á loftkældan bíl ef þörf er á
- hafa á hreinu hvað innifalið er í verðinu (óþægilegur aukakostnaður ef afgreiðslugjöld og tryggingar eru ekki innifalin í verðinu)

Það er okkur sönn ánægja að þjónusta og leiðbeina viðskiptavinum við val á bílum sem henta best í fríið eða viðskiptaferðina. Nýttu þér reynslu okkar og þekkingu í þína þágu.

**Sími 591 4000 • www.avis.is**

AVIS

Við gerum betur

AVIS–special • AVIS–sérverð

# Nýjung fyrir þig og vini þína

## standi til að aka um Ísland

Eigir þú von á vinum eða öðrum gestum að utan, skaltu benda þeim á að hafa samband við Avis á Íslandi og kynna sér þau tilboð sem í boði eru á bílaleigubílum. AVIS–special eða AVIS–sérverð er allt sem nefna þarf við sölumann okkar og þú eða gestir þínir fáið okkar hagstæðustu kjör.

### Toyota Yaris




Verð frá **5.500** kr. á dag*
Verð frá **3.900** kr. á dag*

### Renault Clio




Verð frá **6.100** kr. á dag*
Verð frá **4.700** kr. á dag*

### VW Golf




Verð frá **6.600** kr. á dag*
Verð frá **4.800** kr. á dag*

### Opel Astra station




Verð frá **8.300** kr. á dag*
Verð frá **6.000** kr. á dag*

### Suzuki Jimny




Verð frá **8.300** kr. á dag*
Verð frá **6.000** kr. á dag*

### Suzuki Vitara




Verð frá **12.600** kr. á dag*
Verð frá **8.400** kr. á dag*

### Hyundai Starex 9m




Verð frá **14.600** kr. á dag*
Verð frá **12.600** kr. á dag*

### Grand Vitara XL7




Verð frá **15.000** kr. á dag*
Verð frá **10.000** kr. á dag*

### Opel Vectra




Verð frá **8.100** kr. á dag*
Verð frá **6.000** kr. á dag*

### Hyundai Starex




Verð frá **22.000** kr. á dag*
Verð frá **15.800** kr. á dag*

### Ford Transit




Verð frá **19.000** kr. á dag*
Verð frá **15.000** kr. á dag*

### Hyundai Terracan




Verð frá **17.000** kr. á dag*
Verð frá **12.000** kr. á dag*

### BMW X5




Verð frá **35.000** kr. á dag
Verð frá **28.000** kr. á dag




*Verð frá 15. 06. 2005 – 25. 08. 2005
Dagsverð, miðað við 7 daga eða lengur.
Innifalið: Ótakmarkaður akstur, skattur og kaskótrygging.

*Verð frá 01. 01. 2005 – 14. 06. 2006 og 26. 08. 2005 – 14. 06. 2006
Dagsverð, miðað við 7 daga eða lengur.
Innifalið: Ótakmarkaður akstur, skattur og kaskótrygging.

Bókunartímabil: Frá 1. maí til 25. ágúst. Leiga þarf að bókast og greiðast fyrir 31. mars 2005.

**GEYMIÐ BLAÐIÐ!**

**www.avis.is**

**AVIS**
*Við gerum betur*

AVIS Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík
Sími: 591 4000 • Fax: 591 4040 • Netfang: avis@avis.is

# Minningarsjóður
## Guðjóns Samúelssonar

Minningarsjóður dr. phil. húsameistara Guðjóns Samúelssonar auglýsir hér með eftir umsóknum um styrkveitingar úr sjóðnum. Styrkir eru veittir annað hvert ár og fer styrkveiting fram í sjötta sinn 16. apríl 2005.

Tilgangur sjóðsins er skv. skipulagsskrá „að útbreiða þekkingu á húsagerðarlist í íslenskum anda".

Styrkveitingar munu að þessu sinni nema kr. 1.000.000,-.

Skriflegar umsóknir skulu berast skrifstofu Arkitektafélags Íslands, Engjateigi 9, 105 Reykjavík, merktar „Minningarsjóður", í síðasta lagi kl. 13.00, þriðjudaginn 15. mars 2005.



# VERKEFNASTYRKIR 2005

NORA auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til samstarfsverkefna á milli Íslands og hinna NORA landanna þ.e. Grænlands, Færeyja og strandhéruðum vestur- og norðurhluta Noregs.

Nora veitir árlega styrki til verkefna sem stuðla að auknu samstarfi í atvinnulífi á milli landanna á eftirtöldum sviðum:

**Auðlindir sjávar.**
Verkefni sem stuðla á sjálfbæran hátt að
- fullnýtingu þekktra auðlinda, aukaafurða, nýrra auðlinda, eldi og sjávarvöruframleiðslu til manneldis og tengdra greina,
- þróun framleiðsluaðferða og búnaðar.

**Ferðamál.**
Verkefni sem stuðla að sjálfbærri þróun náttúru- og menningartengdrar ferðaþjónustu í löndunum.

**Upplýsingatækni**
Verkefni sem stuðla að:
- hagnýtingu upplýsingatækni á svæðinu
- þróun hugbúnaðarlausna til eflingar atvinnulífs

**Annað samstarf**
Verkefni sem efla fámenn byggðarlög í löndunum.

Fjárstyrkir verða helst veittir fyrirtækjum, einum eða í samstarfi við rannsóknar og þróunarstofnanir. Styrkir eru veittir til að koma á tengslanetum, til rannsóknatengdra forverkefna og aðalverkefna t.d. innan Norðurslóðaáætlunarinnar (NPP). Umsóknir sem fela í sér samstarf við fyrirtæki og stofnanir í Norður Skotlandi og á austurströnd Kanada eru eftirsóknarverðar.

Styrki er lengst unnt að veita til 3 ára og aðeins sem hluti af heildarfjármögnun verkefnis, gegn mótframlagi viðkomandi aðila. Umsóknir skula fela í sér samstarf á milli tveggja Nora landa eða fleiri.
Sækja má umsóknareyðublöð á dönsku, norsku eða og sænsku á heimasíðu NORA, www.nora.fo og senda:

**NORA, NORDISK ATLANTSAMARBEJDE**
Bryggjubakki 12 • Box 259 • FO-110 Tórshavn
• Sími: +298 353110 • Fax: +298 353101
• nora@nora.fo
eða
**NORA, NORDISK ATLANTSAMARBEJDE**
Byggðastofnun • Ártorg 1 • IS-550 Sauðárkrókur
• Sími: 455 5400 • thorarinn@byggdastofnun.is
Á Byggðastofnun veitir Þórarinn Sólmundarson nánari upplýsingar.

**UMSÓKNIR SKULU HAFA BORIST Í SÍÐASTA LAGI 1. APRÍL 2005.**


FUNDIR / MANNFAGNAÐIR


FYLKIR

# Aðalfundur 2004

Aðalfundur Íþróttafélagsins Fylkis og allra deilda þess verður haldinn í Fylkishöll þriðjudaginn 1. mars 2005 kl. 20:30.

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreytingar
3. Önnur mál

**Stjórn Íþróttarfélagsins Fylkis.**



# Ertu að leita að góðum starfsmanni?

## Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja sérblöð bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

**En hverjir fá blöðin?**
Við leituðum svara í fjölmiðla- og neyslukönnunum Gallups. Fjölmiðlakannanir Gallups eru gerðar í samvinnu við alla stærstu miðla landsins, Samtök auglýsenda og Samtök íslenskra auglýsingastofa, og eru viðurkenndar af þeim sem eina rétta aðferðin til að bera saman fjölmiðlanotkun landsmanna. Kannanirnar eru kynntar á heimasíðu Gallups sem niðurstöður en ekki túlkun.

**Nokkrar niðurstöður:**

**1)** 95% heimila í Reykjavík og í nágrenni fá Fréttablaðið heim til sín á morgnana, sem þýðir að 95% þeirra sem eru í atvinnuleit fá atvinnublað Fréttablaðsins heim til sín á sunnudögum.

**2)** 48% heimila á sama svæði eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 52% þeirra sem eru á aldrinum 12-80 ára í atvinnuleit þurfa að fara út í búð og ná sér í Moggann ef þeir vilja skoða atvinnublaðið sem honum fylgir.

**3)** 72% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára búa á heimilum sem **EKKI** eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 72% landsmanna á aldrinum 20-40 ára sem eru í atvinnuleit ára þurfa að fara út í búð ef þeir vilja skoða atvinnublað Morgunblaðsins á sunnudögum.

**4)** Ungt fólk er í langflestum tilfellum markhópur atvinnuauglýsinga og svona les það sunnudagsblöðin, samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups í október síðastliðnum:

| Lestur sunnudagsblaða, allir | 18-34 ára | 20-40 ára | 18-49 ára |
|---|---|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 60,1% | 60,3% | 63,4% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 32,5% | 35,5% | 42,9% |
| **Styrkur Fbl. umfram Mbl.** | **84,9%** | **69,6%** | **47,9%** |

| Lestur sunnudagsblaða, konur | 18-34 ára | 20-40 ára | 18-49 ára |
|---|---|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 61,4% | 60,1% | 62,0% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 28,4% | 31,6% | 41,1% |
| **Styrkur Fbl. umfram Mbl.** | **116,5%** | **90,0%** | **51,0%** |

65% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára **fletta ekki** sunnudagsblaði Morgunblaðsins **né heldur** 72% kvenna undir 35 ára aldri, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.

**Tvær spurningar:**
*Hversu sennilegt er að fólk í atvinnuleit lesi ekki atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu (95% þeirra fá blaðið)?*

*Er ekki kominn tími til að laga birtingar á atvinnuauglýsingum að nýjum veruleika á blaðamarkaði eins og öll stærstu fyrirtækin í landinu hafa gert með sínar venjubundnu auglýsingar?*



# Almannatryggingar vegna barna með astma, ofnæmi og exem

**ASTMA- OG OFNÆMISSKÓLINN
heldur rabbfund á vegum
Astma- og ofnæmisfélagsins
Þriðjudaginn 15.febrúar n.k. kl. 20
að Síðumúla 6 í húsakynnum SÍBS.**

**Ingibjörg Georgsdóttir** barnalæknir, sérfræðingur í nýburalækningum og aðstoðaryfirtryggingalæknir fjallar um Almannatryggingar vegna barna með astma, ofnæmi og exem og svarar fyrirspurnum.

Einnig verður **María Jónsdóttir** félagsráðgjafi SÍBS með innlegg í lok fundarins og svarar fyrirspurnum fundarmanna.

Fundurinn er opinn öllum þeim sem áhuga hafa á almannatryggingum í tengslum við þessa sjúkdóma.

**Sjá nánari upplýsingar á www.ao.is**
**Þökkum AstraZeneca fyrir stuðningin**



# tíska o.fl.

**SAMANBURÐUR VIÐ AÐRA MIÐLA**
[ KONUR 18-49 ÁRA Á ÖLLU LANDINU ]

**allt**
- markvissar auglýsingar -

Lesendur **„Allts"** er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og **eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.**

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við **„Allt"** er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. **„Allt"** er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

**LESTUR/ÁHORF:** NOKKUR DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *




*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í október s.l..



Svana Ingvaldsdóttir
GSM:8669512,
svana@remax.is

RE/MAX FASTEIGNASALAN BÚI

Guðrún K. Ástvaldsdóttir
GSM:8219209,
runa@remax.is



FASTEIGNASALAN RE/MAX BÚI -Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík - Sigurður Guðmundsson hdl. löggiltur fasteignasali

## HVERNIG ÞJÓNUSTU VILT ÞÚ?

- Viltu meiri þjónustu?
- Að eignin þín sé sýnilegri?
- Að sendur sé fagljósmyndari til þín svo að eignin hljóti verðskuldaða athygli?
- Að sölufulltrúinn hafi tíma fyrir þig?

Guðrún K. Ástvaldsdóttir GSM: 8219209. runa@remax.is
Svana Ingvaldsdóttir GSM: 8669512. svana@remax.is

## ERUM MEÐ ÁKVEÐNA KAUPENDUR AÐ:




Pro Plan
fæðulínan
sérsniðin fyrir
hundinn þinn

GARÐHEIMAR
Söluaðili:
Garðheimar í Mjódd • Stekkjarbakka 6
109 Reykjavík • sími 540 3300 • www.grodur.is

Kuldaskór



Verð 1.990.-

Litir drapp og svart
Stærðir 37 til 41

4 dot....
Laugavegi 100, S. 561 9444

FÆÐUÓÞOL - OFNÆMI

FRÆÐSLUNEFND NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAGS ÍSLANDS
efnir til málþings í Þingsal 1, HÓTEL LOFTLEIÐUM
MÁNUDAGINN 14. FEBRÚAR 2005 kl. 20:00

Eru viðbrögð við fæðu tengd:



Ættum ?
Uppeldi ?
Umhverfi ?
Hugarfari ?
Nýjungum?

Berum ábyrgð á eigin heilsu!

Fundarstjóri: Björn R. Lúðvíksson, dósent í klínískri ónæmisfræði

Frummælendur:
1. Kolbrún Björnsdóttir, grasalæknir
2. Davíð Gíslason, sérfræðingur í lyflækningum og ofnæmissjúkdómum
3. Hildur Guðmundsdóttir, Yggdrasil
4. Trausti Valdimarsson, sérfræðingur í lyflækningum og meltingarsjúkdómum

Umræður og fyrirspurnir

Auk frummælenda situr fyrir svörum:
Fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Jóhanna E. Torfadóttir, sérfræðingur á matvælasviði

Allir velkomnir
Aðgangseyrir 700 kr.
FRÍTT FYRIR FÉLAGSMENN


## STUÐ MILLI STRÍÐA | Einmana sósíalisti

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** FANN LOKS SINN -ISMA



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Allt í kringum mig er fólk sem eru einhverskonar -istar. Fólk sem aðhyllist hinar og þessa stefnur eða hugmyndafræði, fólk sem er með hinn eða þennan sjúkdóm, fólk sem á við hitt eða þetta vandamál að stríða eða vinnur við eitt eða annað.

Þeir -istar sem ég hef hitt á minni stuttu ævi eru meðal annars – í stafrófsröð; alkóhólisti, anarkisti, búddisti, dadaisti, dópisti, fasisti, femínisti, fútúristi, grínisti, hassisti, hindúisti, húmanisti, kabbalisti, kalvínisti, kapítalisti, kommúnisti, kúbisti, jazzisti, minimalisti, móderņisti, nasisti, nýhilisti, póst-móderņisti, rasisti, sportisti, stalínisti, stílisti, taóisti og svo mætti lengi telja. Það virðist ekki skipta máli hvar mann ber niður, alls staðar er einhvern -ista að finna.

Istarnir eru af öllum stærðum og gerðum. Ég vil jafnvel ganga svo langt að segja að -istinn fari ekki í manngreinarálit – mismuni ekki fólki eftir kynferði, kynhneigð, litarhætti, stærð, þyngd eða hárlit.

Þrátt fyrir þessa útbreiðslu -istanna á ég í miklum vandræðum með að samsama mig með þeim. Ég aðhyllist hvorki hugmyndafræði þeirra, vinn ekki sömu vinnu og á ekki við sama sjúkdóm að stríða – alla vega ekki svo ég viti.

Um tíma hélt ég því að ég væri með öllu -istalaus og leið hálfpartinn illa. Það getur verið erfitt að eiga ekki samleið með neinum. Þá áttaði ég mig skyndilega á því að ég gæti hugsanlega samsamað mig við sósíalista.

Margir eru hins vegar á þeirri skoðun að þeir séu orðnir heldur fáir, sósíalistarnir á Íslandi. Hlutskipti mitt hefði því orðið heldur einmannalegt, ef ekki hefði verið fyrir fallista og jafnvel fúlista. ■

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### PÚ OG PA

Eftir SÖB





**SMS-SMÁSKILABOÐIN** Nú þarf ekki lengur að pikka inn öll orðin, heldur láta skammstafanirnar duga.

# Auðvelt að svara fyrir sig

Þróun tungumálsins í sms-skilaboðum virðast fá takmörk sett þegar kemur að viðleitni fólk til þess að stytta sér leið við skrifin. Enda eru lyklaborðin á farsímunum ekkert sérstaklega þjál.

Nú er er svo komið að þeir sem ekki eru vanir þessum samskiptamáta eru hættir að skilja tungumálið sem þar birtist.

Sérstaklega eru styttingar á þekktum enskum frösum áberandi. Hér til hliðar eru nokkur dæmi. ■

| | |
|---|---|
| **A3** Anytime, anywhere, anyplace | (Hvenær og hvar sem er) |
| **ASAP** As soon as possible | (Eins fljótt og auðið er) |
| **ILU** I love you | (Ég elska þig) |
| **LU2** Love you to | (Elska þig líka) |
| **'SUP** What's up | (Hvað er títt)? |
| **2L8** To Late | (Of seinn) |
| **ILSX** I love sex | (Ég elska kynlíf) |
| **: D** Brosi mikið | |



Pantaðu ráðgjöf á kbbanki.is eða komdu við í næsta útibúi KB banka.

KB ATVINNULÍF

Sérsniðin þjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

KB banki býður rekstraraðilum smærri og meðalstórra fyrirtækja persónulega, faglega og skjóta þjónustu í fjármálum, hvort heldur er á sviði rekstrar eða einkafjármála.

KB BANKI – kraftur til þín!

www.kbbanki.is





BÓKAKAUPASTYRKUR!

*20 heppnir námsmenn í Námsmannaþjónustu Íslandsbanka fá 15.000 króna bókakaupastyrk núna í febrúar.*

SÆKTU UM Á ISB.IS – DREGIÐ 21. FEBRÚAR

BANKAÁBYRGÐ Á NÁMSLÁNUM

*Námsmenn í Námsmannaþjónustu Íslandsbanka geta nú fengið bankaábyrgð á námslán sín í stað sjálfskuldarábyrgðar.*

*Nánari upplýsingar á isb.is, í útibúum Íslandsbanka og í þjónustuveri í síma 440 4000.*

ÍSLANDSBANKI



STARFSMENNTARÁÐ



vegna starfsmenntunar

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu, sbr. lög nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Verkefni innan eftirfarandi tveggja flokka njóta forgangs til styrkja umfram önnur:

1. Tækifæri miðaldra og eldra fólks til starfsmenntunar
2. Yfirfærsla þekkingar og reynslu innan fyrirtækja og stofnana

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi á heimasíðu Starfsmenntaráðs,

www.starfsmenntarad.is

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Starfsmenntaráðs.



DAGSKRÁ SUNNUDAGINN 13. FEBRÚAR

Kl. 10, 12, 15, 17, 18.30
FRÉTTIR

Kl. 9
ÞESSI VIKA
Í umsjón Illuga Jökulssonar.

Kl. 10-11
SKEMMTIÞÁTTUR
REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR

Kl. 11-12
MESSUFALL
Í umsjón Önnu Kristine Magnúsdóttur.

Kl. 12:00-13.40
SILFUR EGILS
Í umsjón Egils Helgasonar.

Kl. 13:40-14
ÚR FYLGSNUM FYRRI ALDAR
Eftir Friðrik Eggertz. Hjalti Rögnvaldsson les.

Kl. 14-16
MENNINGARÞÁTTURINN
Í umsjón Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur.

Kl. 16-18
SÖGUR AF FÓLKI
Í umsjón Róberts Marshall (e).

Kl. 18-18:30
BROT ÚR HRAFNAÞINGI
Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar (e).

Kl. 19-22
19:00 Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar (e)
19:55 Messufall (e) | 20:30 Silfur Egils (e)

Kl. 22-23
VIÐTALSÞÁTTUR
Í umsjón Sigurðar G. Tómassonar.

Kl. 23-24
FRJÁLSAR HENDUR
Í umsjón Illuga Jökulssonar.

Kl. 24-7
00:00 Menningarþátturinn (e) | 01:50 Sögur af fólki (e)
03:40 Viðtalsþáttur (e) | 04:40 Frjálsar hendur (e)
05:40 Hrafnaþing (e) | 06.10 Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar (e)













# Góður titill

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Hér er komið rökrétt framhald af Meet the Parents. Það styttist í brúðkaup Gaylords Fockers (Ben Stiller) og Pamelu Byrnes (Blythe Danner). Gaylord er kominn í náðina hjá tengdapabbanum Jack (Robert De Niro) og þá er bara erfiði hlutinn eftir. Nú þarf hann að kynna tengdaforeldra sína fyrir sínum eigin foreldrum. Og fyrir hrakfallabálk eins og hann getur það engan veginn gengið klakklaust fyrir sig, sérstaklega þegar Fockerarnir eru alger andstæða hins beinstífa Jacks. Þau eru kynóðir hippar, leiknir af frægustu gyðingunum í Hollywood. Ólíkt syni þeirra sjá þau enga ástæðu til að ganga í augun á Jack og fyrir vikið er myndin full af vandræðanlegum senum sem einnig má túlka sem skot á hina þreytandi baráttu pólitísku hreyfinganna tveggja í Bandaríkjunum, það er að segja ef maður er einn af þeim sem oflesa einfaldar fjölskyldugamanmyndir.

Meet the Parents var ófrumlegur brandari sem heppnaðist ótrúlega vel. Meet the Fockers er framlenging á sömu hugmynd og heppnast einnig furðuvel. Í báðum tilvikum er góðu leikaravali að þakka. Enginn getur gerst jafn vandræðanlega fyndinn og Ben Stiller, og vil ég nota tækifærið og þakka honum fyrir frábær afköst. Hann lék nánast í annarri hverri gamanmynd sem kom út á síðasta ári. Robert De Niro gerir lítið annað þessa dagana en að leika í léttum gamanmyndum og framhaldi þeirra. Hann stendur sig að sjálfsögðu vel þar eins og annars staðar, enda fæddur leikari. En það eru samt hinir eldri Fockerar sem eiga þessa mynd. Dustin Hoffman er frábær sem pabbinn sem hegðar sér eins og barn og leikur hlutverkið áreynslulaust. Hann er reyndar alltaf sannfærandi, en hér hvílir maður í tilfinningunni að hann sé að leika sjálfan sig. Barbra Streisand passar fullkomlega í hlutverk sólbrúna kynlífsfræðingsins sem geymir forhúð sonar síns í möppu. Átta ára leikhlé virðist hafa gert henni gott.



**MEET THE FOCKERS**

**LEIKSTJÓRI:** JAY ROACH
**AÐALHLUTVERK:** ROBERT DE NIRO, BEN STILLER, DUSTIN HOFFMAN, BARBRA STREISAND

Niðurstaða: Meet the Parents var ófrumlegur brandari sem heppnaðist ótrúlega vel. Meet the Fockers er framlenging á sömu hugmynd og heppnast einnig furðuvel. Í báðum tilvikum er góðu leikaravali að þakka.

Titillinn er þó eiginlega það besta við myndina. Það er eitthvað dásamlegt við það að sjá leikarana koma fram í Jay Leno, og komast upp með að segja dónalegasta orðið í enskri tungu bara vegna þess að það er skrifað öðruvísi.

**Hugleikur Dagsson**






**TÓNLIST**

# Frábært tónlistarár í vændum

Dave Grohl, forsprakki rokksveitarinnar Foo Fighters, telur að árið 2005 muni endurvekja trú fólks á góðri tónlist. Grohl hefur haft í nógu að snúast undanfarið því hann kemur við sögu á þremur nýjum plötum.

Nýjasta plata Foo Fighters er væntanleg og verður hún tvöföld, annars vegar með hörkurokki og hins vegar með órafmögnuðum lögum. Einnig spilar Grohl á trommur í laginu Bad Boyfriend á nýjustu plötu Garbage auk þess sem hann trommar á fyrstu plötu Nine Inch Nails í langan tíma. „Þetta verður frábært tónlistarár. Ég held að fólk eigi eftir að fá meiri trú á tónlist. Öll sú tónlist sem ég hef heyrt sem verður gefin út á næstunni er ótrúlega góð," sagði Grohl.



FRÉTTABLAÐIÐ/Þ.Ö.K.

**DAVE GROHL** Dave Grohl er forsprakki rokksveitarinnar Foo Fighters.

Plata Garbage, Bleed Like Me, kemur út 11. apríl og plata Nine Inch Nails, With Teeth, kemur einnig út í vor. Plata Foo Fighters kemur aftur á móti ekki út fyrr en í haust. ■

**LEIKLIST**

- 14.00 Leikfélagið **Snúður og Snælda** frumsýna leikritið **Ástandið** í Iðnó.

**SÝNINGAR**

- 15.00 **Rakel Pétursdóttir** safnfræðingur verður með leiðsögn um sýningarnar í Listasafni Íslands, bæði sýningu Rúríar Endangered Waters og sýninguna Íslensk myndlist 1930-1945.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.







## STÖÐ 2 BÍÓ



**SWEET HOME ALABAMA:** Reese witherspoon leikur Melanie sem nýr aftur á heimaslóðir.

**6.00** Leifur Eiríksson **8.00** Sweet Home Alabama **10.00** Gideon **12.00** Twin Falls Idaho **14.00** Leifur Eiríksson **16.00** Sweet Home Alabama **18.00** Gideon **20.00** Twin Falls Idaho **22.00** Animal Factory (SBB) **0.00** The Body (BB) **2.00** Shiner (SBB) **4.00** Animal Factory (SBB)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó. Inferno.**22.15** Korter

## OMEGA

**18.30** Miðnæturhróp **19.00** Believers Christian Fellowship **20.00** Fíladelfía **21.00** Sherwood Craig **21.30** Ron Phillips **22.00** Samverustund **23.00** Robert Schuller **0.00** Gunnar Þorsteinsson

## POPP TÍVÍ

**17.00** Game TV (e) **21.00** Íslenski popp listinn (e)

# Í TÆKINU

**FAMKE LEIKUR Í NIP/TUCK KL. 22.10 Á STÖÐ 2 Í KVÖLD.**

## *Sló í gegn sem Onatopp*

Famke Beumer fæddist 5. nóvember árið 1965 í Amsterdam í Hollandi. Hún bjó í Amsterdam með foreldrum sínum og tveim systrum þangað til árið 1984 en þá ákvað hún að flytja til New York borgar. Hún fékk fyrirsætusamning hjá Elite og nam bókmenntir við háskólann í Columbia.

Þegar Famke var enn í námi ákvað hún að þreifa fyrir sér í leiklist og sótti leiklistartíma hjá Harold Guskin. Hún fékk strax áhuga á að gera leiklist að vinnu sinni og flutti til Los Angeles. Þar hélt hún áfram að sækja leiklistartíma og fékk loksins fyrsta kvikmyndahlutverkið sitt í myndinni Fathers & Sons árið 1992. Hlutverkin streymdu ekki inn þar sem Fathers & Sons fékk ekki góða dóma en Famke fékk fljótlega hlutverk í sjónvarpsþáttunum Star Trek: The Next Generation þar sem hún lék Kamala. Árið 1994 fékk hún lítið hlutverk í Melrose Place og í sjónvarpsmyndinni Model by Day sama ár.

Eftir hlutverk í myndinni Lord of Illusions árið 1995 fékk Famke hlutverk Bond-stelpunnar Xenia Onatopp í GoldenEye árið 1995. Þá fyrst sló hún í gegn og iðnaðurinn kveikti á hæfileikum hennar. Hún fékk einnig tilnefningu til MTV-kvikmyndaverðlaunanna.

Síðan þá hefur hún leikið í mörgum myndum, bæði óháðum og ekki, og einnig verið með hlutverk í sjónvarpsþáttum á borð við Ally McBeal og Nip/Tuck.

Famke talar hollensku, þýsku, ensku og frönsku en hún sér um hollensku þýðinguna í sýnisferð um Disney-skemmtigarðinn í Flórída í Bandaríkjunum.



**Þrjár bestu myndir Famke:** **GoldenEye** – 1995. **X-Men** – 2000. **Don't Say a Word** – 2001.



**18.30** *Barnaefni*

**KRAKKAR Á FERÐ OG FLUGI.** Í dag heimsækir Linda Ásgeirsdóttir Hólmar Bárðarson sem er tólf ára og býr á Vopnafirði.



**22.10** *Drama*

**NIP/TUCK.** Hér segir frá lýtalæknunum Sean og Christian sem hafa nóg að gera við að breyta fólki vestan hafs.



**12.55** *Enski boltinn*

**MANCHESTER CITY – MANCHESTER UNITED.** Mikil pressa er á Manchester United sem þarf að vinna til að halda sér í toppslagnum.

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Kátur **8.28** Fallega húsið mitt **8.36** Bjarnaból **9.00** Disney-stundin **9.01** Stjáni **9.25** Sígildar teiknimyndir **9.33** Líló og Stitch **9.58** Sammi brunavörður **10.11** Ketill **10.28** Andarteppa **11.00** Óp **11.30** Laugardagskvöld með Gísla Marteini

**12.20** Spaugstofan **12.45** Mósaík **13.30** Bikarkeppnin í körfubolta. Bein útsending frá úrslitaleik kvenna. **15.20** Regnhlífarnar í New York (4:10) **15.50** Bikarkeppnin í körfubolta. Bein útsending frá úrslitaleik karla. **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30 Krakkar á ferð og flugi** Á Vopnafirði býr Hólmar Bárðarson sem er 12 ára. Hólmar er mikill útivistarstrákur og fer oft í golf og heimsækir afa og ömmu gjarnan í sveitina. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35 Kastljósið**

**20.00 Kjarval** Heimildarmynd um Jóhannes Sveinsson Kjarval listmálara eftir Pál Steingrímsson. Framleiðandi er Kvik. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**20.55 Örninn (2:8)** (Ørnen) Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn. Meðal leikenda eru Jens Albinus, Ghita Nørby, Marina Bouras, Steen Stig Lommer, Janus Bakrawi, Susan A. Olsen, David Owe. Íslensku leikararnir Elva Ósk Ólafsdóttir og Kormákur Gunnarsson koma líka við sögu í þáttunum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**21.55 Helgarsportið**

**22.20 Hinir duldu töfrar borgarastéttarinnar** (Le charme discret de la bourgeoisie) Bíómynd eftir Luis Buñuel frá 1972. Sex góðborgarar koma saman til að snæða kvöldverð en undarleg atvik valda þeim sífelldu ónæði við borðhaldið.

**0.00** Kastljósið **0.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 **11.35** Oliver Beene

**12.00** Silfur Egils **13.30** Neighbours **15.15** Amazing Race 6 (6:15) (e) **16.05** Monk (16:16) (e) **16.55** Extreme Makeover (23:23) (e) **17.45** Oprah Winfrey

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.15 Home Improvement** (Handlaginn heimilisfaðir 1) Tim Taylor er hinn pottþétti fjölskyldufaðir.

**19.40 Whose Line Is it Anyway?** (Hver á þessa línu?)

**20.05 Sjálfstætt fólk** (Sjálfstætt fólk 2004-2005) Í hverri viku er kynntur til sögunnar skemmtilegur viðmælandi sem hefur frá mörgu að segja.

**20.40 Cold Case 2 (6:24)** (Óupplýst mál) Myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar í morðdeildinni í Fíladelfíu. Hún fær öll óleystu málin í hendurnar. Bönnuð börnum.

**21.25 Twenty Four 4 (4:24)** (24) Jack Bauer fær kaldar kveðjur þegar nýr yfirmaður er ráðinn til CTU. Bauer er látinn fjúka en fer til starfa hjá varnarmálaráðuneytinu. Leyniþjónustan getur samt ekki verið á hans lengi og kallar strax á kappann þegar hætta steðjar að. Aðalhlutverkið leikur Kiefer Sutherland. Stranglega bönnuð börnum.

**22.10 Nip/Tuck 2 (12:16)** (Klippt og skorið) Lýtalæknarnir Sean og Christian þurfa ekki að kvarta. Samkeppnin er hörð í þessum bransa en félagarnir hafa meira en nóg að gera. Stranglega bönnuð börnum.

**22.55 60 Minutes**

**23.40** Silfur Egils (e) **1.10** American Idol 4 **1.50** American Idol 4 **2.35** Moulin Rouge **4.40** Fréttir Stöðvar 2 **5.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**9.00** Still Standing (e) **9.30** The Simple Life 2 (e) **10.00** America's Next Top Model – ný þáttaröð! (e) **11.00** Sunnudagsþátturinn

**12.30** The Awful Truth (e) **12.55** Manchester City – Manchester United **15.00** Judging Amy (e) **16.00** A View to a Kill **18.10** Innlit/útlit (e)

**19.00 Yes, Dear (e)**

**19.30 The Awful Truth** Michael Moore er frægur fyrir flest annað en sitja á skoðun sinni og það gerir hann heldur ekki í þáttunum The Awful Truth.

**20.00 Bingó** Villi Naglbítur er að sjálfsögðu enn Herr General Bingómeister og Björgvin Ploder honum til aðstoðar.

**20.35 According to Jim** Cheryl bannar Jim að halda steggjapartí fyrir Danny vin sinn með bjórsulli og fatafellum. Hún óttast að Danny mæti í sitt eigið brúðkaup þunnur, eins og Jim gerði í brúðkaup þeirra.

**21.00 Law & Order: SVU**

**21.50 Rocky II** Eftir að hafa sigrað óvænt heimsmeistarann í boxinu, ákveður Rocky Balboa að taka það rólega og hefja nýtt líf með eiginkonu sinni. En fyrrum heimsmeistarinn, Appollo Creed, hefur ekki sætt sig við þá niðurlægingu að hafa verið sigraður af óþekktum hnefaleikara og heimtar annan bardaga. Eftir mikla umhugsun ákveður Rocky að taka áskoruninni. Með aðalhlutverk fara sem fyrr Sylvester Stallone og Carl Weathers.

**23.45** C.S.I. (e) **0.30** Blow Out (e) **1.15** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

### CNN
Fréttir allan sólarhringinn.

### FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

### EUROSPORT
**13.15** Biathlon: World Cup Torino Italy **15.00** Athletics: IAAF Indoor Meeting Karlsruhe **17.00** Bobsleigh: World Cup Lake Placid **18.00** Tennis: WTA Tournament Paris **19.00** All Sports: Casa Italia **19.15** Snooker: Masters London United Kingdom **22.00** Rally: World Championship Sweden **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Boxing **0.15** News: Eurosportnews Report

### BBC PRIME
**12.00** EastEnders Omnibus **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Step Inside **15.10** Andy Pandy **15.15** The Story Makers **15.35** Stitch Up **16.00** The British Academy Film Awards **18.00** Design Rules **18.30** Location, Location, Location **19.00** Born and Bred **19.50** We Got a New Life **20.50** Safe as Houses **21.50** Top Gear Xtra **22.50** Wild Weather **23.40** A Little Later **0.00** Landscape Mysteries **0.30** Castles of Horror **1.00** Dr Martin Luther King

### NATIONAL GEOGRAPHIC
**12.00** Chimp Diaries **15.00** Von Richthofen and Brown **17.00** The FBI **18.00** I Want to Be Jackie Chan **19.00** Diva Mummy **20.00** Marine Machines **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Seconds from Disaster **23.00** Death by Natural Causes **0.00** China's Titanic **1.00** Frontlines of Construction

### ANIMAL PLANET
**12.00** Tall Blondes **13.00** Animals A-Z **15.00** O'Shea's Big Adventure **16.00** Mad Mike and Mark **17.00** Keepers **18.00** Profiles of Nature **19.00** Animals A-Z **21.00** Seven Deadly Strikes **22.00** Pet Powers **23.00** Animals of the Chinese Zodiac **0.00** Tall Blondes **1.00** Animals A-Z

### DISCOVERY
**12.00** Myth Busters **13.00** Scrapheap Challenge **14.00** Rides **15.00** World Biker Build-Off **16.00** Industrial Revelations – The European Story **17.00** Walking with Beasts **18.00** Blueprint for Disaster **19.00** American Chopper **20.00** True Gladiators **21.00** Beasts of the Roman Games **22.00** Unsolved History **23.00** American Casino **0.00** Hitler's Doctors **1.00** Amazing Medical Stories

### MTV
**16.00** Dismissed **16.30** Punk'd **17.00** So 90's **18.00** World Chart Express **19.00** Dance Floor Chart **20.00** MTV Making the Movie **20.30** Wild Boyz

### VH1
**12.00** Johnny Depp A-Z **12.30** Angelina Jolie A-Z **15.00** Nick and Jessica A-Z **15.30** P.Diddy A-Z

### E! ENTERTAINMENT
**13.00** Live from the Red Carpet **15.00** The E! True Hollywood Story **20.00** E! Entertainment Specials **23.00** Live from the Red Carpet **1.00** Celebrities Uncensored

### CLUB
**12.45** Anything I Can Do **13.10** Hollywood One on One **13.35** Spectacular Spas **14.05** The Race **14.55** Weddings **15.20** Fantasy Open House **15.45** Paradise Seekers **16.15** Cheaters **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** The Stylists **18.20** Anything I Can Do **18.50** The Race **19.40** The Roseanne Show **20.25** Paradise Seekers **20.50** Hollywood One on One **21.15** Women Talk **21.40** More Sex Tips for Girls **22.10** What Men Want **22.35** Cheaters

### BBC FOOD
**13.30** Food Source Asia **14.00** Chinese New Year **15.00** Nancy Lam **16.00** Kitchen Invaders **16.30** Ready Steady Cook **17.00** Who'll Do the Pudding **18.00** Ainsley's Meals in Minutes **18.30** Gondola On the Murray **19.30** Ready Steady Cook **20.00** Rick Stein's Food Heroes **20.30** Masterchef **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Floyd On France **22.30** Ready Steady Cook

### CARTOON NETWORK
**5.00** Scooby-Doo

### JETIX
**12.20** Digimon I **12.45** Inspector Gadget **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Hamtaro **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

### MGM
**12.50** Rosebud **14.55** The Island of Dr. Moreau **16.35** Strictly Business **18.00** Sleeper **19.25** The Thief of Paris **21.25** Hornets' Nest **23.15** Go Tell the Spartans **1.10** Joseph Andrews

### TCM
**20.00** Stephen Fry Oscar Introduction for **20.15** Angels with Dirty Faces **21.55** To Have and Have Not **23.35** The Sea Hawk **1.40** Arturo's Island

### HALLMARK
**12.15** A Promise Kept: The Oksana Baiul Story **13.45** W.E.I.R.D. World **15.15** The Sandy Bottom Orchestra **17.00** Ford: The Man and the Machine **18.45** Just Cause **19.30** Taking Liberty **21.00** Jessica **22.45** She's too Young

### DR1
**12.20** Arbejdsliv **12.55** OBS **13.00** Kampen om staden **14.00** Stjerne for en aften **15.00** Stjerne for en aften – vinderen **15.20** Håndbold **17.00** Bamses Billedbog **18.00** Fint skal det være **18.30** Sådan ligger landet **19.00** Kr¢niken **20.15** S¢ndag **20.45** S¢ndagsSporten **20.55** D¢dens Detektiver **21.20** Siamesiske tvillinger for altid **22.10** Historien om Robinson

### SV1
**13.00** Svenska rallyt **13.15** Dokument utifrån: Att tala med Djävulen **14.30** Ishockey: Tre Kronor live **16.00** Diktator eller morsa **16.30** Med musiken som revansch **17.00** BoliBompa **17.01** Harleys hittegods **17.15** Tv-huset **19.00** Sixties **19.30** Sportspegeln **20.15** Stopptid **20.20** Agenda **21.15** Om barn – Dokumentär **22.20** Design 365 **22.25** The Desk **22.55** Orka! Orka!







Aðalvinningur verður dregin úr öllum innsendum SMS skeytum.199 kr/skeytið




RopeYoga

Nýtt heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Markviss uppbygging og styrking fyrir líkamann þar sem miðjan – *kviður og bak* – gegnir lykilhlutverki.

**Nýtt 8 vikna námskeið hefst 2. mars**

**Þriðjudagar og fimmtudagar kl. 6:15, 7:15, 8:20 og 10:00.**

**Mánudagar, miðvikudagar og föstudagar kl. 13:30.**

**Framhaldsnámskeið á mánudögum kl. 14:30, þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13:30.**

***Innritun er hafin***
***Vinsamlega staðfestu fyrir 24. febrúar***

***Vertu velkomin í okkar hóp!***

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík*
*Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun JSB 803-05

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**THE AWFUL TRUTH** *SKJÁREINN* **kl. 19.30.**

### *Moore leikur Guð*

Michael Moore fæddist í bænum Flint í Michigan í Bandaríkjunum. Michael Moore er frægur fyrir umdeildar kvikmyndir sínar og bækur en nú vill hann láta ljós sitt skína í sjónvarpi.

Í þáttunum The Awful Truth gagnrýnir Moore bandarískt þjóðfélag harkalega. Hann finnur göt í kerfinu og hittir fólk sem hefur lent illa í því, til dæmis í heilbrigðiskerfinu. Hann beitir sínum róttæku aðferðum til að ná athygli stofnana og stjórnvalda og reynir að bæta samfélagið. Leika Guð.

Hver þáttur er eins og heimildarmynd og alltaf fylgir mikið grín og hæðni þessum blákalda veruleika sem Moore kýs að fjalla um.



Michael Moore gagnrýnir stjórnvöld vestan hafs.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„The Yankees came a long way to be buried."**

**Svar:** Sturges ríkisstjóri úr kvikmyndinni Five Guns West frá árinu 1955.



**19.55** *Íþróttir*

**MIAMI HEAT – SAN ANTONIO. Hér mætast tvö bestu liðin í NBA og líkleg til að mætast í úrslitum um meistaratitilinn.**

## SÝN

**10.30** Enski boltinn (Tottenham – WBA)

**12.10** Spænski boltinn (Valencia – Deportivo) **13.50** Ítalski boltinn. Bein útsending frá leik Juventus og Udinese. **15.50** Enski boltinn. Bein útsending frá leik Sheffield United og West Ham í 4. umferð bikarkeppninnar. **17.50** Spænski boltinn. Bein útsending frá leik Osasuna og Real Madrid.

**19.55 NBA** (Miami – San Antonio) Útsending frá leik Miami Heat og San Antonio Spurs en þetta eru tvö af bestu liðunum í NBA og líkleg til að mætast í úrslitum um meistaratitilinn. Shaquille O'Neal er stjarna heimamanna en Tim Duncan er átrúnaðargoðið í röðum gestanna.

**22.05** **Bandaríska mótaröðin í golfi** (FBR Open)

**23.00** European PGA Tour 2005 **23.50** Enski boltinn (Sheff. Utd. – West Ham) **1.30** Dagskrárlok

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Þessi vika, umsjón Illugi Jökulsson **10.03** Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall, umsjón Anna Kristine Magnúsdóttir

**12.10** Silfur Egils **13.40** Úr fylgsnum fyrri aldar eftir sr. Friðrik Eggertz **14.00** Menningarþátturinn, umsjón Rósa Björk Brynjólfsdóttir **16.00** Sögur af fólki (e)

**18.00** Brot úr Hrafnaþingi frá föstudegi. **19.00** Skemmtiþáttur Rvk.akademíunnar (e) **19.55** Messufall (e) **20.30** Silfur Egils (e) **22.00** Viðtalsþáttur Sigurðar G. **23.00** Frjálsar hendur Illuga.

**0.00** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Af heimaslóðum **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Í uppáhaldi **15.20** Með laugardagskaffinu **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.00** Rökkurrokk

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Í þjónustu hennar hátignar **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Maður lifandi **21.05** Fimm fjórðu **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Konungleg tónlist

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.00** Endurflutningur frá liðinni viku. **11.00** Rósa Ingólfsdóttir - endurflutningur.

**13.00** Kolbrún Bergþórsdóttir - endurfl **15.00** Þóra Sigríður Ingólfsdóttir les upp úr bókinni Lóla Rós. **16.00** Þorgrímur Gestsson - endurfl. **17.00** Ólafur Hannibalsson - endurflutningur. **18.00** Endurflutningur frá liðinni viku.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying

**SUNNUDAGUR 13. FEBRÚAR**



## E! ENTERTAINMENT KL. 23.00.

Hin virtu Grammy-verðlaun eru afhent í kvöld, 47. árið í röð. Sjónvarpsstöðin E! er með beina útsendingu frá rauða dreglinum og tekur fræga fólkið tali áður en það heldur inn á verðlaunaafhendinguna. Íslendingar eiga tvo tónlistarmenn á hátíðinni að þessu sinni, bæði Björk og Emilíönu Torrini sem er tilnefnd fyrir lagið Slow.

Opnum



**Opnum föstudaginn 18. febrúar**

600 fm. sýningarsal með stórglæsilegum innréttingum frá JKE Design í Danmörku

JKE DESIGN

*Óteljandi möguleikar*

Mörkin 1 · 108 Reykjavík · Sími: 515 0700

SIEMENS



## HRÓSIÐ

*... fá Stuðmenn fyrir að leggja land undir fót og troða upp í Royal Albert Hall.*

## HIN HLIÐIN

**HIN HLIÐIN Á BIRKI ÍVARI GUÐMUNDSSYNI, MARKVERÐI LANDSLIÐSINS OG HAUKA Í HANDBOLTA.**

# Hefur tvisvar farið holu í höggi

**Hvernig ertu núna?** Ég er nokkuð góður.
**Augnlitur:** Brúngrænn.
**Starf:** Verkefnisstjóri hjá Impru.
**Stjörnumerki:** Meyja.
**Hjúskaparstaða:** Giftur Kristínu Ólafsdóttur.
**Hvaðan ertu?** Ég er Vestmannaeyingur í húð og hár.
**Helsta afrek:** Börnin og að hafa farið tvisvar holu í höggi.
**Helstu veikleikar:** Að vita ekki alltaf hvenær ég á að þegja.
**Helstu kostir:** Að vera mjög fylginn sér og nokkuð ákveðinn.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Íþróttir almennt.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Reykjavík síðdegis og Rokkland.
**Uppáhaldsmatur:** Góð nautasteik elduð heima.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Kaffi ópera, Caruso og Eldsmiðjan.
**Uppáhaldsborg:** París og Barcelona.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Hef ekki orðið fyrir miklum vonbrigðum. Ég er alla vega fljótur að gleyma þeim.
**Áhugamál:** Handbolti og golf.
**Viltu vinna milljón?** Fimm helst.
**Jeppi eða sportbíll?** Götujeppi.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Ég ætlaði að verða markaðsfræðingur og íþróttamaður.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Eddie Murphy í gamla daga og Siggi Sigurjóns.
**Hver er kynþokkafyllst(ur)?** Konan að sjálfsögðu.
**Trúir þú á drauga?** Já.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?** Örn og fljúga frjáls um heiminn.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Gullfiskur í búri.
**Áttu gæludýr?** Nei.
**Besta kvikmynd í heimi:** Shawshank Redemption og As Good as it Gets eru flottar ræmur.
**Besta bók í heimi:** Lord of the Rings-bækurnar og Tilfinningagreind. A Painted House eftir John Grisham er líka góð.
**Næst á dagskrá:** Íslandsmótið í handbolta.






### Lárétt
**2** þýsk mynt, **6** þyngdareining, **8** verkfæri, **9** hátíð, **11** eldsneyti áður fyrr, **12** svipað, **14** angraði, **16** farvegur, **17** kaldi, **18** gangur, **20** skammstöfun, **21** úrgangsfiskur.

### Lóðrétt
**1** glugga, **3** glíma, **4** lofsverður, **5** nögl, **7** náðir, **10** fugl, **13** verkur, **15** reiði, **16** kyn, **17** skammstöfun.

### Lausn
**Lárétt: 2** mark, **6** kg, **8** tól, **9** jól, **11** mó, **12** ámóta, **14** amaði, **16** æð, **17** kul, **18** tíf, **20** rl, **21** tros. **Lóðrétt: 1** skjá, **3** at, **4** rómaður, **5** kló, **7** gómaðir, **10** lóm, **13** tak, **15** illi, **16** ætt, **19** fo.

ERNST S. OLSEN: HÆTTUR SEM FRAMKVÆMDASTJÓRI VESTNORRÆNA RÁÐSINS

# Gefur út bækur í Færeyjum

„Ég fer aftur til Færeyja núna að vinna í mínu eigin fyrirtæki við að gefa út bækur," segir Ernst S. Olsen, sem gegnt hefur stöðu framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins undanfarin fjögur ár. Hann er að láta af þeirri stöðu núna um miðjan febrúar.

Margir muna eftir Ernst frá því hann fór á kostum í hlutverki Færeyings í auglýsingum fyrir Dominos pizzur. Hlutverkið vafðist ekki fyrir honum, þar sem hann er sjálfur Færeyingur og með húmorinn í lagi.

Skrifstofa ráðsins er staðsett í Reykjavík þannig að Ernst hefur búið hér frá því árið 2000 en er nú á leið til Færeyja þar sem hann rekur bókaútgáfu. Stærsta verkefni þeirrar bókaútgáfu er færeyska skipaalmanakið, en auk þess gefur fyrirtækið út ýmsar bækur sem tengjast viðskiptum.

„Fyrsta verkefnið verður samt rit sem gefið er út í tilefni af hundrað ára afmæli færeyska símans," segir Ernst. „Svo ætla ég líka út á bát að fiska. Ég hef saknað þess mikið."

Hann segist staðráðinn í að koma aftur til Íslands þegar tækifæri gefst.

„Þetta hefur verið góður tími. Það er alltaf gott að koma aftur þegar maður þekkir landið og þekkir fólk. Landið er stórt og hér er mikið sem ég á eftir að upplifa."

Sá sem tekur við af Ernst sem framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins er Þórður Þórarinsson, stjórnmálafræðingur sem undanfarið hefur starfað hjá upplýsingadeild Norðurlandaráðs.

Vestnorræna ráðið er samstarfsvettvangur íslenska, færeyska og grænlenska þingsins og eiga sex þingmenn frá hverju landi sæti í ráðinu.

gudsteinn@frettabladid.is



**ERNST S. OLSEN** Auglýsti pitsur fyrir Dominos en er á leiðinni aftur til Færeyja þar sem hann gefur út bækur og bregður sér á sjóinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT






# Galdrar fram nornamúsík

„Þessi kvikmynd var bönnuð lengi vel fyrir nekt og djöfulskap, sem þótti mjög hneykslanlegt á sínum tíma en er kannski frekar fyndið í dag," segir Barði Jóhannsson í Bang Gang, sem hefur samið tónlist við kvikmyndina Häxan, Nornina, þögla mynd frá árinu 1922 sem danski kvikmyndagerðarmaðurinn Benjamin Christensen gerði árið 1922.

Myndin er nærri níutíu mínútur að lengd og var tekin upp í Danmörku en framleidd með sænsku fjármagni. Hún þykir afar sérstök í kvikmyndasögunni og hefur haft áhrif á marga kvikmyndagerðarmenn seinni tíma. Meðal annars nefndu höfundar Blair Witch myndanna fyrirtæki sitt í höfuðið á henni.

„Þetta er eiginlega heimildarmynd um galdra og ofsóknir á miðöldum, mjög sérstök mynd sem hressir gríðarlega."

Barði hafði aldrei séð myndina þegar menningarbíóið Forum des images í París leitaði til hans um að semja tónlist við hana.

„Mér voru boðnar nokkrar myndir til að semja músík við og valdi þessa mynd. Síðan var þetta flutt í París síðasta sumar með tveimur fiðlum, gítar og slagverki."

Nú hefur þessi tónlist verið útsett fyrir Sinfóníuhljómsveit og fékk Barði þar Þóri Baldursson sér til aðstoðar. Sinfóníuhljómsveit Íslands ætlar að frumflytja tónlistina í Háskólabíói á laugardaginn kemur meðan þessi magnaða mynd líður yfir tjaldið.



**FJANDINN SJÁLFUR AÐ VERKI** Barði í Bang Gang hefur samið tónlist við magnaða nornamynd frá árinu 1922. Sinfóníuhljómsveitin frumflytur þetta verk á Vetrarhátíð um næstu helgi.

Þessi viðburður er liður í dagskrá Vetrarhátíðar í Reykjavík, sem hefst á fimmtudaginn og stendur fram á sunnudag.

Í ár er upp á nýjungum á borð við Safnanótt, sem verður á laugardagskvöldið. Þá verða nánast öll söfn í borginni opin til miðnættis og bjóða fólki að ganga í bæinn endurgjaldslaust. Ókeypis strætóferðir verða einnig á milli safnanna.

Þá mætir Vesturfarasetrið í bæinn með sýningu í Tjarnarsal Ráðhússins og dagskrá á hverjum degi. Á laugardeginum kemur til dæmis Böðvar Guðmundsson rithöfundur og segir frá vesturfarasögum sínum auk þess sem leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur flytja brot úr Híbýli vindanna. ■

# Bakterían kviknaði í afmæli Ragga Bjarna

Magnús Ólafsson skemmtikraftur er kominn af stað með nýja skemmtidagskrá með engan annan en hinn gamalkunna Bjössa bollu í aðalhlutverki. Einnig koma þar fram persónur á borð við Elvis the Pelvis, Gvend dúllara og Prins Póló.

Með Magnúsi í för er hljómsveitin Í gegnum tíðina með söngkonuna Ester Ágústu Guðmundsdóttur úr Idol, Guðmund Símonarson og Sigurð Hafsteinsson.

Magnús segist hafa ákveðið að fara af stað með skemmtunina eftir að hann kom fram í afmæli söngvarans ástsæla Ragga Bjarna fyrir áramót. Þá hafi bakterían kviknað á nýjan leik eftir að Bjössi bolla hafði legið í tíu til fimmtán ára dvala. Einnig sé hann sjálfur miklu léttari og frískari en hann var áður.

Magnús gaf út plötu fyrir síðustu jól með gömlu efni og stefnir á ný lög fyrir næsta sumar, jafnvel aðra plötu. Hann segir að Bjössi eigi enn sinn stað í hjörtum landsmanna. „Diskurinn féll í mjög góðan jarðveg og Bjössi bolla virðist alltaf eiga heima hjá litla fólkinu. Annars finnst mér börn nú til dags vera orðin feitari en áður og Bjössi predikar svolítið um það að börnin eigi að vera í íþróttum og hreyfa sig sem mest. Ekki sitja bara fyrir framan tölvurnar.“ ■



**BJÖSSI BOLLA** Bjössi bolla er kominn af stað á nýjan leik til að skemmta landsmönnum eftir að hafa legið í dvala í langan tíma.


2005 2006 2007 2008 2009 2010

SAMTÖK SPROTAFYRIRTÆKJA

# Sprotaþing 2005

**Samtök sprotafyrirtækja (SSP) og Samtök iðnaðarins (SI) standa fyrir Sprotaþingi föstudaginn 18. febrúar næstkomandi þar sem fjallað verður um framtíð og forsendur sprotafyrirtækja á Íslandi. Þingið er haldið í samstarfi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, Rannís, Iðntæknistofnun Íslands, Útflutningsráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Marel, sem er sérstakur stuðningsaðili.**

**Þingstaður:**
Í höfuðstöðvum Marels hf. að Austurhrauni 9 í Garðabæ
föstudaginn 18. febrúar frá kl. 13:00 til 17:00

**Dagskrá:**

12:45 Móttaka gesta og skráning

13:00 **Setning Sprotaþings**
Ávarp: Hörður Arnarson forstjóri Marels hf.
Setning: Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra

13:15 **Framtíðarsýn og forsendur sprotafyrirtækja á Íslandi - þjóðarátak**
Úr fréttum sjónvarps árið 2010: Hátækni- og sprotafyrirtæki í stafni hagvaxtar.
Framtíðarsýnin, hver er núverandi staða og hvað þarf til að gera sýnina að veruleika?
- Jón Ágúst Þorsteinsson formaður SSP og framkvæmdastjóri Marorku ehf.

13:35 **Framlag og tekjur ríkisins vegna sprotafyrirtækja**
Hvað hefur ríkið lagt til og hverju hafa sprotafyrirtækin skilað til baka?
- Marina Candi Háskólanum í Reykjavík

13:50 **Aðkoma lífeyrissjóða að uppbyggingu sprotafyrirtækja**
Hvernig geta lífeyrissjóðir komið að uppbyggingu sprotafyrirtækja? Hvernig er arðsemi, einurð og þolinmæði í fjárfestingum í sprotafyrirtækjum best tryggð?
- Ari Edwald framkvæmdastjóri SA og varaformaður Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

14:10 Kaffihlé

14:30 **Hvað þarf til? - Hringborðsumræður sjö þinghópa**
Lykilspurningar er snerta forsendur árangurs í uppbyggingu tækniiðnaðar á grundvelli sprotastarfsemi eru ræddar með fulltrúum þingflokka, embættismanna, lífeyrissjóða, fjármálafyrirtækja, stuðningsaðila og forystumönnum sprotafyrirtækja undir stjórn fulltrúa fjölmiðla.

15:30 Kaffihlé

15:45 **Niðurstöður þinghópa lagðar fram af fulltrúum fjölmiðla**

16:45 **Ályktun Sprotaþings og þingslit**
Ályktun Sprotaþings.
Þingslit: Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

**Fundarstjóri:**
Davíð Lúðvíksson forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins

Tilkynna þarf þátttöku í þinginu á netfangið **skraning@si.is** eða í **síma 591-0100** hið fyrsta en í síðasta lagi þriðjudaginn 15. febrúar. Hægt er að óska eftir þátttöku í tilteknum þinghópi og verður reynt að verða við því eins og frekast er kostur. Þó verður leitast við skapa jafnvægi milli fulltrúa fyrirtækja, stuðningsaðila og þingmanna í hverjum hópi. Sjá nánar um þingið og þinghópa á vefsetri Samtaka iðnaðarins; www.si.is.

Sprotar í stafni hagvaxtar skila þjóðfélaginu verulegum ávinningi

Stoðaðilar Sprotaþings 2005 eru:

Samtök iðnaðarins · Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti · Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins · Rannsóknamiðstöð Íslands · Iðntæknistofnun Íslands · Útflutningsráð Íslands · Menntamálaráðuneyti · Samtök atvinnulífsins · www.marel.is



Sumar Plús 2005

Aldrei fleiri áfangastaðir!



*Netverðdæmi*

**Costa del Sol** Verð frá **47.066 kr.*** á Santa Clara í 7 nætur. 57.438 kr. ef 2 ferðast saman.

**Krít** Verð frá **49.400 kr.*** á Skala í 7 nætur. 60.100 kr. ef 2 ferðast saman.

**Portúgal** Verð frá **39.500 kr.*** á Elimar í 7 nætur. 54.200 kr. ef 2 ferðast saman.

**Mallorca** Verð frá **38.730 kr.*** 47.730 kr. ef 2 ferðast saman.

**Benidorm** Verð frá **34.230 kr.*** á Halley í 7 nætur. 46.300 kr. ef 2 ferðast saman.

*á mann m.v. að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið: Flug, gisting, 10.000 kr. bókunarafsláttur og flugvallarskattar.

EUROCARD MasterCard VISA

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000









BAKÞANKAR

ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

## Minnihlutinn ræður

Mér hefur stundum verið hugsað til þess þar sem ég stari á Idol á föstudögum hvers vegna keppendum landsbyggðarinnar vegnar svona vel. Svarið er einfalt. Keppnin er byggðapólítík og skýr sönnun þess að hér ríkir minnihlutaræði. Idol endurspeglar íslenskt stjórnmálalíf og íslenska þjóðarsál.

**JAFNVEL** þó Bubbi hamri á því vikulega að keppnin eigi ekki að vera innbyrðis hreppaslagur virðist hann ekki slá á heitar tilfinningar landsbyggðarinnar. Hjarta hennar slær einfaldlega örar við að sjá syni og dætur sveitarinnar slá í gegn í borginni. Dómnefnd og borgarbúar eru iðulega gapandi hissa á dómum þjóðarinnar. Orðlausir yfir því hvernig sveitin kýs. Forviða á því hvernig borgarbúum er markvisst eytt úr keppninni. Grimmustu örlög keppenda virðast vera þau að vera hæfileikafólk úr höfuðborginni. Jafngildir nánast dauðadómi og nú er bara einn borgarbúi eftir. Reyndar er líka einn Kópavogsbúi, en allir vita að brottflutt landsbyggðarfólk er stoð þess bæjarfélags.

**LANDSBYGGÐIN** heldur borginni í heljargreipum, hvort sem það er í söngkeppnum eða stjórnmálum. Hér fer fólk sem kann að lobbýa. Þeirra menn komast áfram og þeirra mál nást í gegn. Borgarbúar vita sem er að þó að örfáir þingmenn styðji milljarða jarðgöng til fámennra byggðarlaga þá koma göngin nú samt.

**MEIRIHLUTI** Reykvíkinga vill flugvöllinn burt, en allir vita að hann fer hvergi. Almenningur vill lægri matarreikning en sveitarómantík minnihlutans sér til þess að svo verður ekki. Atvinnustjórnmálamenn þora ekki fyrir sitt litla líf að gera athugasemdir því þá verða þeir kosnir burt. Sendir heim. Menn eru orðnir svo vanir minnihlutaræðinu að eftir kosningar er staðan gjarnan sú að minnsti flokkurinn telst sigurvegari, með vísun í hlutfall eða að fylgið hafi oft áður verið miklu lægra.

**IDOL-KEPPNIN** hefur sýnt það og sannað að dreifbýlisbúar þurfa ekki margfalt atkvæðavægi á við borgarbúa. Landsbyggðarfólk er í eðli sínu sigurvegarar. Það fær sínu fram hvort sem um er að ræða jarðgöng eða Idol. Kosningareglur gera atkvæði manna misverðmæt. Svo er aftur á móti ekki í Idol, en landsbyggðin kýs þá bara oftar. Og borgin bölvar í hljóði. ■


Kappsamir starfsmenn Icelandair klippið hér

SEX

HUNDRUÐ MIÐAR Á SÉRSTÖKU TILBOÐI TIL LONDON OG KAUPMANNAHAFNAR

SEX

ÞÚSUND KRÓNUR AÐRA LEIÐ MEÐ SKÖTTUM - Í TILEFNI VALENTÍNUSARDAGSINS

Budget Car Rental

Allir sem bóka bíl á Valentínusardaginn á icelandexpress.is fá gefins blómvönd.

Búðu þig undir brottför á **www.icelandexpress.is**

**FYRSTU 600 SÆTIN**

Verð aðeins: **6.000 kr.**

(Aðra leið m. sköttum)

**Ferðatímabil:** 14/2 - 14/4. Sala hefst kl.12:00, sunnudaginn 13. febrúar.
Tilboðið er aðeins á völdum dagsetningum. Takmarkað sætaframboð.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600

Fíton/SÍA

æði!!!



TÆR SNILLD

4.0 milljón pixlar
2 x Optical aðdráttur
Innbyggt flass
1.8" skjár
Quicktime videotaka með hljóði
16 MB XD minniskort
Hleðslutæki
Lithium hleðslurafhlaða
Þyngd 115 gr
**Verð 29.900,-**



OLYMPUS
Your Vision, Our Future

Áttu þér uppáhaldslit?

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

FILMUR & FRAMKÖLLUN
Fjarðargata 13-15 · Hafnarfjörður
Sími 565 4120

pixlar STAFRÆN FRAMKÖLLUN
Suðurlandsbraut 52
Sími 5883700

RADIONAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri
Sími 461 5000

ORMSSON SMÁRALIND